Fornleifaskráning á Reykhólum



Ritstjóri: Kristjana Vilhjálmsdóttir

Höfundar efnis: Guðrún Alda Gísladóttir, Kristjana Vilhjálmsdóttir,
Sólveig Guðmundsdóttir Beck & Stefán Ólafsson

Reykjavík 2026
FS1103-26081

Fornleifastofnun Íslands ses

Á forsíðumynd er horft heim að Reykhólum frá Mylluholti.
Myndina tók Sólveig Guðmundsdóttir Beck.

Verkefnanúmer MÍ: 3577

©2026
Fornleifastofnun Íslands
Bræðraborgarstíg 9
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Netfang: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifaskráningar vegna deiliskipulags á Reykhólum á Barðaströnd. Skráningin var unnin að beiðni sveitarfélagsins Reykhólahrepps. Teknir voru út tveir deiliskipulagsreitir, auk stærra svæðis sem náði yfir stærstan hluta þéttbýlisins á Reykhólum. Samanlagt voru skráningarsvæðin 48,3 ha að stærð og voru þau gengin skipulega við úttektina. Vettvangsvinna fór fram í apríl 2026. Alls voru skráðar 72 fornleifar á 59 minjastöðum. Þar af voru sjö fornleifar innan deiliskipulagsreita og voru þær metnar í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Efnisorð: Fornleifaskráning, deiliskráning, Reykhólar, Reykhólahreppur, Fornleifastofnun Íslands

Summary

This report presents the findings and conclusions of an archaeological survey carried out in April 2026 within the limits of two detailed planning proposals at Reykhólar in the municipality of Reykhólahreppur. In addition, a larger area was surveyed which covered most of the urban area of Reykhólar. The survey was commissioned by the municipality. The surveyed areas altogether covered 48.3 ha. A total of 72 archaeological sites were surveyed at 59 locations. Of those, seven sites were within the areas of the detail planning proposals and were considered to be at high risk.

Keywords: Detailed archaeological survey, Reykhólar, Reykhólahreppur, Institute of Archaeology in Iceland.

Efnisyfirlit

I. Inngangur 1
II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf 3
III. Aðferðir við fornleifaskráningu 5
IV. Fornleifaskrá 9
BA-029 Reykhólar 9
BA-031 Austurgarður 66
BA-032 Rúnkahús 68
BA-033 Fjósakot 75
V. Samantekt um sögu svæðis og landshætti 77
VI. Niðurstöður og umræða 81
VI.I Viðvarandi hættumat 86
VI.II Tímabundið hættumat og áhrif framkvæmda á fornleifar 91
Heimildir 95
Viðauki I: Hnitaskrá ISN93 99
Viðauki II: Minjakort 103

I. Inngangur

Unnið er að gerð deiliskipulags á tveimur svæðum á Reykhólum á Barðaströnd, annars vegar á athafnasvæði AT4 syðst í þéttbýli Reykhóla en hins vegar á hafnarsvæðinu við Karlsey. Því fór Reykhólahreppur þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að stofnunin tæki að sér skráningu á fornleifum innan deiliskipulagsreitanna tveggja, en að tækifærið yrði ennig nýtt til að skrá stærra svæðið í þéttbýlinu sem ekki hefur verið deiliskipulagt ennþá en áætluð er uppbygging á í framtíðinni.

Fornleifastofnun hafði áður unnið heimildaskráningu á Reykhólum og gert rannsóknir á stökum minjum: Árið 2005 fór fram uppgröftur á Grettislaug, árið 2008 var gerð fornleifaskráning á kirkjum og bænhúsum í Austur-Barðastrandarsýslu og árið 2016 fór fram fornleifaskráning á hluta norðurtúns Reykhóla auk þess sem könnunarskurðir voru teknir í tóft norðan við Dvalarheimilið Barmahlíð.[1] Einnig hafði Þjóðminjasafn Íslands unnið skráningu á Reykhólum árið 2001 og árið 2014 vann Fornleifafræðistofan skráningu vegna deiliskipulags sunnan við þéttbýlið á Reykhólum sem skaraðist að litlu leyti við skráningarsvæðið 2026.[2] Að skráningum 2014 og 2016 frátöldum höfðu minjar innan deiliskipulagsreitanna ekki verið mældar upp og svæðið ekki verið þaulgengið eins og gerð er krafa um vegna deiliskipulags. Því þurfti að skoða alla þekkta minjastaði innan marka deiliskipulagsins, mæla þá upp og lýsa eða endurskoða eldri skráningu þar sem við átti, auk þess að ganga skipulega um deiliskipulagsreitina í leit að áður óþekktum minjum.

Svæðin sem tekin voru út eru samtals 48,3 ha að stærð. Nyrðri deiliskipulagsreiturinn, AT4, er um 7,2 ha að stærð en sá reitur er innan stærra skráningarsvæðis sem nær yfir stærstan hluta þéttbýlisins á Reykhólum og er alls um 39 ha (31,8 ha að reit AT4 frátöldum). Syðri deiliskipulagsreiturinn nær yfir hafnarsvæðið við Karlsey og er um 9,3 ha.


Vettvangsathugun fór fram í apríl 2026. Gengið var skipulega um skráningarsvæðið, allir minjastaðir hnitsettir og sjáanlegar minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki af gerðinni Archer 4 frá Juniper Systems. Alls voru skráðar 72 fornleifar á 59 minjastöðum innan skráningarsvæðanna. Vettvangsvinna var unnin af fornleifafræðingunum Kristjönu Vilhjálmsdóttur og Sólveigu Guðmundsdóttur Beck. Kristjana sá um skýrsluskrif og kortagerð. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafla kemur yfirlit

[1] Guðrún Alda Gísladóttir 2006; Stefán Ólafsson 2009; Guðrún Alda Gísladóttir 2016.

[2] Magnús A. Sigurðsson 2001; Óskar Leifur Arnarsson 2014.

um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja kafla er farið yfir skráningakerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem skráðar voru. Í fimmta kafla er tekin saman saga svæðis og landshættir en í sjötta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslu er heimildaskrá og viðaukar (hnitaskrá ISN93 og minjakort).



Staðsetning skráningarsvæða á Reykhólum. Mörk skráningarsvæðanna í heild sinni eru sýnd með gulri línu en skyggðir reitir marka fyrirhuguð deiliskipulagssvæði. Loftmynd er frá Loftmyndum ehf. Á innfeldu korti er staðsetning skráningarsvæðanna sýnd á Íslandskorti.

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, […] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
>
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna


> völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Umhverfis allar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði en umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 m friðhelgað svæði. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

III. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (SÞ, RA o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala en það er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-084:001). Séu fleiri en ein fornleif (minjaeining) á hverjum minjastað bætist við einingarnúmer aftast í númeraröðinni (dæmi: RA-084:001.01). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari, búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.



Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund,


hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Juniper Archer 4 og er möguleg skekkja mælinganna innan við 1 metri, allt niður í nokkra sentimetra.

Þar sem getur um „heimild um…“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir séu þær fyrir hendi en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Þar á eftir er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustigin eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) mikil hætta. Algengar langvarandi hættuorsakir eru t.d. ábúð í nágrenni minja, túnræktun eða uppblástur. Auk langvarandi hættumats skal leggja mat á mögulega tímabundna hættu sem kann að steðja að hverjum minjastað. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt tímabundið mikilli hættu meðan framkvæmdir eru yfirvofandi og er hættumatið þannig notað til að vekja athygli á minjastöðum innan skipulags. Á síðari stigum er þá gjarnan tekið tillit til minja við útfærslu framkvæmda, eða ef það er ekki unnt, beðið um álit Minjastofnunar Íslands á því hvort og þá með hvaða skilyrðum




Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar m.t.t. byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessar skýringar gilda fyrir öll minjakort og myndir af uppmældum minjum í fornleifaskrá.

slíkir minjastaðir mega víkja. Í fornleifaskrá (4. kafla) kemur bæði fram langvarandi hætta og tímabundin hætta.

Í síðustu línu er svo getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni. Undantekning frá þeirri reglu eru minjaheildir sem eru aðeins að hluta innan úttektarsvæðisins en allar fornleifar innan minjaheilda voru hafðar með í skýrslunni til að skýra samhengi milli minjanna, þó einhverjar þeirra væru lengra utan úttektarsvæðis en helgunarsvæði þeirra náði. Slíkar minjar eru aðgreindar í fornleifaskrá með ljósari texta, en eru að öðru leyti ekki til umfjöllunar í skýrslunni.



Kort sem sýnir hnitsett túnakort Reykhóla BA-029 frá árinu 1920 og skráðar minjar.

IV. Fornleifaskrá

BA-029 Reykhólar

1695: 60 hdr, bændaeign. OILR, 190.

1710: 60 hdr, bændaeign. Kirkjustaður. JÁM VI, 212.

1847: 120 hdr, ½ kirkjueign og ½ bændaeign. JJ, 176.

Í Landnámu segir: „Dóttir Hergils var Þorkatla, er átti Már á Reykjahólum. […] Úlfr enn skjálgi son Högn ens hvíta nam Reykjanes allt milli Þorskafjarðar og Hafrafells; hann átti Björgu dóttur Eyvindar austmanns, systur Helga ens magra. Þeira son var Atli enn rauði, er átti Þorbjörgu systur Stónólfs ens lága. Þeira son var Már á Hólum; hann átti Þorkötlu dóttur Hergils hnappraz; þeirra son var Ari.“ ÍF I, 153, 161-162.

Í Eyrbyggja sögu segir: „Um várit eptir fundusk þeir á Þórsnessþingi, Snorri goði ok Þorsteinn ór Hafsfjarðarey, mágr Illuga svarta. Þorsteinn var sonr Þorgils Þorfinssonar, Sel-Þórissonar frá Rauðamel; en móðir hans var Auðr, dóttir Álfs ór Dölum, ok var Þorsteinn systrungr Þorgils Arasonar af Reykjahólum [...].“ ÍF IV, 154.

Í Fóstbræðra sögu segir: „Í þenna tíma bjó á Reykjahólum á Reykjanesi Þorgils Arason; [...].“ ÍF VI, 124.

Í Grettis sögu segir: „Þorgils bjó þá á Reykjahólum; [...] Úlfs sonar ins skjálga [langafi Þorgils], er nam Reykjanes.“ ÍF VII, 91.

Í Njáls sögu segir: „[...] sá spurði at Guðleifi, ok er hann fann hann, mælti hann: „Njóta skalt þú Þorgils, bróður þíns, á Reykjahólum, at ek vil gera þér njósn, at þeir hafa margar fyrirsátir, ok þat með, at Þorvaldr inn veili er með flokk sinn við Hestlæk í Grímsnesi.“ ÍF XII, 264.

Jörðin er víða nefnd í Sturlungu:

„Ingimundr prestr Einarsson, Arasonar, hann bjó ættleifð sinni á Reykjahólum.“ Sturlunga saga, ÍF XX, 13.

„Síðan átti Jón Brandsson Steinunni Sturludóttur, ok bjoggu þau á Reykjahólum. Þeirra synir voru þeir Bergþórr ok Brandr, Ívarr ok Ingimundur. […] Einarr Þorgilsson sat at brúðkaupi á Reykjahólum, er Böðvarr Barkarson gipti Valgerði dóttur sína Þórhalli Brandssyni.“ Sturlunga saga, ÍF XX, 90, 92.

1181: „Þá fór hann [Guðmundur kárhöfði] suðr á Hóla á Reykjanes til Helga prests Skeljungssonar.“ Sturlunga saga, ÍF XX, 161.

1222: „En á Breiðabólstað í Steingrímsfirði bjó Bergþórr Jónsson, en bræðr hans, Brandr ok Ingimundr, bjoggu á Reykjahólum.“ Sturlunga saga, ÍF XXI, 143-144.

1234: „Órækja fór þaðan á Reykjanes ok görði mikit bú á Hólum. Setti hann þar fyrir Snorra Magnússon.“ Sturlunga saga, ÍF XXI, 254.

1238: „Þá er Sturla [Sighvatsson] hafði senda þá Svarthöfða til Geirshólms reið hann sjálfur vestur á Reykjahóla til bús síns […].“ Sturlunga saga, ÍF XXI, 321.

1241: „En Snorri prestr Narfason hafði þá orð sent Sturlu [Þórðarsyni], mági sínum, Sturla átti bróðurdóttur hans, at hann skyldi ráða fyrir Reykjahólum þau misseri, hvár er hann vildi búa þar á sjálfr eða fá Órækju [Snorrasyni] ef þat væri til greiða með þeim. Ok því fekk Sturla Órækju Hólaland til ábúðar þau misseri, ok skilðu þeir frændr þá með vináttu, ok gjörði Órækja þá bú á Hólum.“ Sturlunga saga, ÍF XXI, 365.

1243: „Hann [Snorri prestur Narfason á Skarði] átti annat bú at Hólum á Reykjanesi. Voru þar fyrir synir hans, Bárðr ok Sigmundr. Tumi [Sighvatsson] beiddi Snorra at taka við búi at Hólum til fardaga. Snorri lét þat uppi, ef hann fengi honum handsalamenn, þá er varða vildu, at hann tæki þar við jafnmiklu fé at vári. Tumi leitaði ekki eptir handsalamönnum, en settist í búit at Hólum.“ Sturlunga saga, ÍF XXI, 443.

1244: Bardagi á Reykhólum, Tumi Sighvatsson drepinn. Sturlunga saga, ÍF XXI, 450-456.

[1274]: Máldagi Reykhólakirkju. „Þessi er kikiv maldagi at reykholvum. Þr skal vera prestr oc diakn nema sa vili helldr ij presta er byr þar er oc omaga vist.“ DI II, 122.

[1397]: Vilchinsbók. „Kirkia hins heilaga Bartholomei a Reykiaholumm a heimaland halft. IX kyr oc Xij ær.“ DI IV, 153-154.

[1424]: „Gunnlaugur Teitsson og Sigurðr Þorbjarnarson lýsa því, að þegar Hrafn Guðmundsson reið fyrst til Reykhóla eptir pláguna, þá hafi Ari bróðir hans handlagt honum þá peninga, er honum hafði fallið í erfð eptir móður sína og Snjólf bróður sinn, og Hrafn hafði að sér tekið, en Hrafn bazt undir að lúka allar skuldir Snjólfs.“ DI IV, 313.

[1434]: Kaupmálabréf Lopts Ormssonar og Solveigar Þorleifsdóttur. „Var þesse kaupmæli lýstur ok stadfestur j millum tueggia velborinna manna af einne hælfuo Orms bonda Loptssonar enn æf annari hans eiginkuinnu hustru Solveigar Þolleifsdottir æ Reykiaholum sunnudagin fyrstan j vetri.“ DI IV, 549.

[1446]: Skrá um eignir Guðmundar ríka Arasonar á Reykhólum, þegar þær voru teknar undir konung. „Þa var til bus a Reykiaholum fimm kyr og xxxx halft annad hundrad asaudar og ellefu oxar og fiorutijger tnæuetrer og þreuetrer [...].“ DI IV, 684.

[1467]: Skiptabréf eftir Björn Þorleifsson hinn ríka. „Hlaut þorleifur biornsson j sitt hlutskipti reykiahola a reykianesi, skaleyjar, hamarland, halft midianes, skerdingsstadir, haullustader, midhus, barmar, hyrningsstader, berufiordur, kinnastader, skogar, kollabuder, hiallar, skaldstader, hrishuol, munistunga, hafrafell, vogsbotn, biorg.“ DI V, 502.

[1478]: „Skrá um dýrleika á þeim jörðum Guðmundar ríka á Reykhólum, sem voru ranglega haldnar og leggja skyldi aptr.“ DI VI, 141.

1566: Séra Þorleifur Björnsson selur Páli Jónssyni alla Reykhóla, kaupahlutann fyrir 60 hndr. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 101. Sbr. DI XIV, 514-519.

1571: „Illugi Nikulásson ber vitni um landamerki milli Reykhóla og Miðhúsa, en hann hafði verið vistarmaður á báðum þessum bæjum.“ Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 102.

1572: Kvittun Sr. Þorleifs Björnssonar fyrir borgun Páls Jónssonar upp á 80 hndr. fyrir Reykhóla á Reykjanesi. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 103.

1583 (1586?): Páll Jónsson og Helga Aradóttir gefa Elínu Pálsdóttur Reykhóla á Reykjanesi. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 219-220.

1598: Elín Pálsdóttir tekur löglega við Reykhólum sem brúðargjöf frá föður sínum. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 108.

1601: Björn Benidiktsson eiginmaður Elínar Pálsdóttur selur Ara Magnússyni Reykhóla. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 110.

1640: Jörðin nefnd í kaupmálabréfi í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 122-123.

1653: Sonarsynir Ara Magnússonar erfa Reykhóla, fasteignamat óþekkt. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 164.

1703: Einbýli í byggð samkvæmt manntali.

1801: Fjórbýli í byggð. Manntal Vesturamts, 196-197.

1835: Einbýli í byggð samkvæmt manntali.

1845: Einbýli í byggð. Manntal Vesturamts, 192-193.

1899 til 1920: „Gömlu hjáleigukotin voru horfin og allir bjuggu í eina og sama bænum, jafnt húshjón, [...] sem annað heimilisfólk.“ Breiðfirðingur 1966, 32.

Þekktar eru 11 hjáleigur og kot frá jörðinni: Grund BA-030, Austurgarðar BA-031, Runkahús BA-032, Fjósakot BA-033, Kaldrani BA:029:022, Titlingsstaðir BA:029:024, Austurkot BA:029:015, Árnahús BA:029:020, tvær Götur BA:029:031 og BA:029:064 og Barmahlíð BA:029:033.


Landkostir

1920: Tún 10,7 ha, 2/5 slétt, kálgarðar 1110 m2.

„Á Reykjahólum voru svá góðir landkostir í þann tíma at þar voru aldri ófrævir akrarnir.“ Sturlunga saga, ÍF XX, 31-32.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „Útigángur á landi er mjög ljettur og

svipull, en í eyjunum fyrir sauðfje góður, en þar má ekki vera stórt yfir xl fjár. [...] Eggver í Reykhólaeyjum af æðifugli gott, og kann að fást í meðallagi vel xx c eggja og 8 eður 9 fjórðúngar dúns, stundum meira eður minna eftir árferði. Lunda og kofnatekja að gagni, þá það verður aðsókt. Selveiði í nót lítil, en uppidráp á vetur að góðu gagni, þegar að til þess gefur, en það er svipult og lítið eður ekki neitt stundum, og er þessi selveiði og lundatekja í Reykhólaeyjum. Skelfisksfjara mjög lítil, hefur áður betri verið. Rekaítök meinast að kirkjan eigi nokkur á Ströndum norður, sem finnast í kirkjunnar máldaga. [...] Landspart á kirkjan í Kollabúðardal vestan fram, sem kallast Hvannahlíð, fram frá Grjótá. Þángað hefur verið brúkaður geldnauta upprekstur af staðnum. Raftviðarskógur er nokkur á þessari Hvannahlíð, og brúkar ábúandi hann til húsabótar eftir sem hann fær við komið. Silúngsveiði nokkur er fyrir þessu landi í Þorskafjarðará, til helmínga móti Kollabúðum. Hún brúkast nú lítt fyrir fjarlægðar sakir, því þángað er meir en hálf þíngmannaleið. Engjunum spillir Grundará með grjóts áburði, og sumstaðar eru engjarnar mjög votunnar. Heyið, það sem í eyjunum fæst, verður á skipi að flytja til meginlands, og so heim á hestum. Úthagarnir heimastaðarins eru mjög kostalitlir, en selhagarnir á Barmahlíð eru sæmilega góðir. Hætt er kvikfje nokkuð á meginlandi fyrir sjáfarflæðum, og mjög so í sumum eyjunum.“ JÁM VI, 213-214.



Túnakort Reykhóla BA-029 frá árinu 1920.

BA-029:001 *Reykhólar*

Í Árbók ferðafélagsins segir: „Staðhættir eru þannig heima við, að lítil á, Grundará, fellur af fjalli niður og hefur myndað sléttar, lítið eitt hallandi eyrar við fjallsræturnar, en suður og niður frá áreyrunum eða skriðunni er breiður, sléttur melur, Skeiðið, sem nær heim að gamla túninu, sem er á allmiklum hól, og hallar allbratt niður af honum á þrjá vegur, til austurs, suðurs og vesturs, en að norðan er lágt upp á hólinn, og liggur vegurinn þar. Á hólnum stóð gamli bærinn til skamms tíma, en hefur nú verið rifinn. Kirkjan [002] stendur þar enn. [...] Fyrir allmörgum árum eignaðist ríkið Reykhóla með hjáleigum. Jörðin var þá komin í mikla niðurníslu, en síðan hefur verið unnið markvisst að uppbyggingu hennar, [...] austan vegarins uppi á hólnum er gamla timburkirkjan [002] í kirkjugarðinum, þar er einnig íbúðarhús bóndans, sem nú hefur aðeins lítinn hluta jarðarinnar til afnota. Gamli bærinn stóð áður örlítið sunnar á hólnum."


Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir: „Héðan [frá Grund 030:001] er farið beint í suður ofan að Reykhólum [001]. [...] Höfuðbólið Reykhólar er hundrað hundraða að dýrleika. Bóndaeign helftin, nl. 60 c.. Bærinn stendur á háum hól frá hverjum að hallar á allar síður. [...] Bærinn á Reykhólum er reisulegur, allur nýlega [skrifað 1839] byggður af herra Th. Thoroddsen, er þar hefur búið framundir 30 ár."

Í grein eftir Ingibjörgu Þorgeirsdóttur í Breiðfirðingi frá 1966 segir: „[...] efst á hólnum á gamla bæjarstæðinu stendur nú höfuðprýði staðarins nýja kirkjan. Getur hún óneitanlega öðru fremur veitt gamla höfuðbólinu svip og reisn - að nokkru svo sem það áður hafði meðan gamli, grasigróni bærinn blasti þar við sjónum með brattar burstir til allra átta."

Jörðin Reykhólar er kirkjustaður og er hann syðst á Reykjanesi. Vegur nr. 607 liggur að bænum, sem er sunnan við kirkjugarðinn. Núverandi kirkja, byggð á árunum 1958-1963, stendur á bæjarhólnum.

Bæjarhóllinn er í sléttu landi. Hann er stór en lágur hóll sem vel sker sig úr landslagi. Sund hefur áður verið á milli bæjarhólsins og kirkjugarðsins en garðurinn hefur verið stækkaður á undanförnum árum og nær nú (2026) að hluta upp á bæjarhólinn. Karlseyjarvegur liggur norður-suður vestan bæjarhólsins.

Á bæjarhól 01 eru skráðar fimm aðrar fornleifar: bær 02, kálgarður 03, útihús 04, Klausturhóll 05 og brunnur 06.



Minjasvæði 001. Fjólubláar línur sýna fornleifar sem ekki sjást lengur á yfirborði, en staðsetning þeirra er áætluð út frá loftmynd frá 1946 og túnakorti frá 1920.

BA-029:001.01 bæjarhóll, bústaður X: 351473, Y: 553741

Bæjarhóll 01 er um 110 x 78 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hóllinn sem bærinn stendur á er þó að hluta náttúruleg hæð og eru mörk náttúrulegs hóls og uppsafnaðrar mannvistar óglögg. Bæjarhóllinn er einna skýrastur til suðausturs og er sýnileg upphleðsla þar 1-2 m, en engin skýr mörk eru í raun til norðvesturs og vesturs. Núverandi íbúðarhús stendur norðarlega á hólnum og snýr framhlið til norðurs. Húsið er steinsteypt, byggt 1942 samkvæmt fasteignaskrá, og er á tveimur hæðum, án kjallara. Reykhólakirkja (b. 1963) er um 30 m til suðvesturs og er malarplan á milli bygginganna. Malbikaður göngustígur er einnig vestast á bæjarhólnum, meðfram Karlseyjarvegi en hóllinn er annars grasi gróinn.

Bæjarhóllinn hefur verið sléttaður og sjást þar engar eldri minjar nema á suðvesturenda hans (sjá 04-07). Ekki verður betur séð en að um 1 m kafli á norðurhluta hólsins hafi lent

undir stækkun kirkjugarðsins til suðurs. Grunnar dældir, um 5-15 cm djúpar, eru í hólnum austan kirkju, en þær eru of óreglulegar til að hægt sé að segja til um með vissu hvort þar hafi staðið mannvirki.

Samkvæmt Birni Samúelssyni, heimildarmanni, komu upp mannvistarleifar, krítarpípur o.fl., þegar grafið var fyrir ljósastaur sem stendur um 28 m norðan við kirkjuna.



Bæjarhóll 001.01, horft til NNA.

Almennt hættumat: hætta, vegna líkagraftar

Tímabundið hættumat: engin hætta

BA-029:001.02 heimild, bústaður X: 351465, Y: 553744


Síðasti torfbærinn á Reykhólum stóð u.þ.b. á bæjarhól 01 miðjum, þar sem nú (2026) er malarplan á milli kirkju og núverandi íbúðarhúss. Vesturhorn kirkjunnar nær að hluta yfir þann stað þar sem bærinn stóð. Samkvæmt heimildarmönnum, Birni Samúelssyni og Tómasi Sigurgeirssyni, stendur skrúðhúsið á þeim stað þar sem salerni var áður. Tómas sagði bænum hafa verið rutt út til vesturs, þar sem Karlseyjarvegur liggur nú.

Í lýsingu Bjarna Þórðarsonar á Reykhólum frá 1905 segir: „Bæinn byggði ég 1873. Húsaskipun bæjarins er þannig, að það eru 3 hús, hvert við hliðina á öðru: snúa þau frá austri til vesturs. undir syðsta húsinu hálfu er kjallari; lopt er í húsinu og uppi í því er baðstofan, 15 al. löng og 6 al. breið; kvistur er út úr hvorri hlið hennar, og eru þar 10 rúmstæði, en undir loptinu eru stofur sín í hvorum enda, önnur 6 al. á hvern veg, en hin 5 og 6 al. Á milli stofanna er hús 4 al. á annan veginn, en 10 á hinn, og stendur það undir kvistunum báðum, gegnum báða veggina. Í þessu miðhúsi er hafður vefstóll, þar er eldavjel, og þar er uppgangur í baðstofulopt og gengið niður í kjallarann; í miðhúsinu er enn fremur lítið matarbúr. Úr þessu miðhúsi er gangur til dyra með fjalagólfi og alþiljaður með lopti yfir, gegnum hin tvö húsin, öðru megin við anginn er í öðru húsinu búr, en í hinu eldhús; en hinu megin við ganginn eru í hvoru húsinu stofuhús með lopti yfir. Fyrir vestur-stöfnum öllum er samanhangandi þil, og þar eru dyr með lítilli forstofu; úr henni er gengið í tvær stofurnar. Fyrir austan bæinn, en áfast við hann, eru tvö geymsluhús með samanhangandi þili, portbyggð, 5. al. breið og 10 al. löng. Út úr eldhúshorninu einu er salerni 5x4 1/2 al. að stærð, undir því öllu er for 3 al. djúp, þar er helt öllu skolpi úr bænum, og má veita for þessari eptir öllu túninu eptir smá skurðum, þegar

hún er ausin upp.“

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1951 segir: „Seinni hluta 19. aldar [lét ábúandi] reisa mikinn bæ að Reykhólum. Var hann gerður að fornum hætti af timbri, torfi og grjóti og með burstasniði. [...] lágt til lofts og þröngt í svefnloftum, sem voru í risunum, og náðu súðirnar víða til gólfs á báða vegu, en aðeins vel manngengt undir mæniási. Lét bærinn æðifljót á sjá undan hinni úrkomusömu veðráttu og var orðinn óíbúðarfær að kalla um 1940.“


Í grein um Reykhóla í ritinu Hlín 1942 segir: „Þá skal minnast lítið eitt á bæinn. - Hann var þá í mínum augum bæði stór og fagur, enda talinn þar um slóðir hinn glæsilegasti, sem sjest hefði. Prýðilega byggður að veggjum og vandaður að öllu, með þrem stafnþiljum samstæðum, er vissu fram á hlaðið í útsuður […]. - Jók það ekki allítið á hrifningu mína, hve mikill hátíðarsvipur virtis þá yfir öllu. - Á öllum burstunum vimplar, sem bylgjuðust fyrir blænum, og á hlaðinu afarmikill skáli - veislusalurinn, - sem Bjarni bóndi hafði í skyndi slegið upp úr borðvið þeim, er hafa skyldi í stofuþiljur síðar, því bærinn varð ekki fullbyggður fyr en um haustið.“ Uppmæling og teikning af bænum fylgir greininni.



1873.	Nú 1941.
1. Suðurstofa	Insta stofa
2. Pallur	Eldhús
3. Kamersið	Svefnherbergi
4. Suðurdyr	Miðstofa
5. Búr	Búr
6. Smíðahús	Fremsta stofa
7. Eldhús (jafnlangt hinum húsunum)	Eldhús (var lengt í seinni tíð)
8. Norðurdyr	Norðurdyr
9. Taðskemma	Skemma
10. Mjólkurskemma	Skemma
a. (Veggur)	a. Búr, tekið stykki úr veggnum
b. (Veggur)	b. Forstofa, tekinn veggurinn og gerðar dyr
c. (Veggur)	c. „Apótek“, tekinn veggurinn
d. (Veggur)	d. Tekinn burt

S. E.

Uppdráttur af Reykhólabæ 001.02 árið 1941 (Hlín 25 1942, 88).



Teikning af Reykhólabæ 001.02 árið 1941 (Hlín 25 1942, 89).

Í grein um búskaparhætti Bjarna Þórðarsonar á Reykhólum (í kringum 1870) eftir Júlíus Sigurðsson í Litlanesi í Árbók Barðastrandarsýslu frá 1952 segir: „Þá eru ótaldar tvær geymsluskemmur, gríðarlega stórar, sem Bjarni byggði austanvert við bæinn.“ Skemmurnar sjást á teikningunni sem birt er í Hlín og voru þær sambyggðar bænum en sneru stöfnum til norðvesturs meðan aðrir hlutar bæjarins sneru stöfnum til suðvesturs.

Samkvæmt grein eftir Pétur Jónsson frá Stökkum í Breiðfirðingi frá árinu 1945 er smiðja á Reykhólum vorið 1876. Líklegast er að það sé sama skemma og merkt er sem eitt bæjarhúsanna á teikningu í Hlín og er hún þar sýnd norðvestast í bæjarröðinni.

Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir: „Reisulegastir bæir í Reykhólasveitinni eru [...] Á nesinu Reykhólar og Staður. Í firðinum eru flestir bæir vel umhirtir og snotrir. Til húsabygginga brúka flestir rekavið til máttarviða, en í loft, skarskúðir yfir hús og vandað smíði er fenginn danskur viður, þegar hann fæst. Rekaviðurinn er sóttur norður til Strandasýslu. [...] Til áreftis á hús er skógarraftur notaður, en hann fæst nú varla að gagni.“

Í grein eftir Ingibjörgu Þorgeirsdóttur í Breiðfirðingi frá 1966 segir einnig um tímabilið frá 1899-1920: „Eldhús voru þar tvö á bænum: Stórt, gamalt hlóðaeldhús í frambænum og auk þess annað eldhús milli aðalstofu, „innstu stofu“, er svo var nefnd, og hjónahússins. Í því eldhúsi stóðu tvær, svartar járneldavélar hlið við hlið, og í þeirri stærri logaði eldur alla daga. Þetta eldhús var með trégólfi og þiljað allt í kring og gekk ávallt undir nafninu Pallurinn. [...] Á þessum árum, meðan ekkert almennt samkomuhús var til í sveitinni, var bóndabærinn á Reykhólum helzti samkomustaður fólksins. [...] Dansað var í Innstu stofu. Hún var rúmbezt, og þó ekki stærri en um 6x7 álnir. [Innangengt var úr Pallinum inn í Innstu stofu.]“

Samkvæmt grein Lýðs Björnssonar í Árbók Barðastrandarsýslu frá 2007 var bærinn rifinn 1951. Ljósmyndir frá 1945 eru til af bænum, varðveittar á Þjóðminjasafni Íslands.

Engin merki sjást um bæinn á yfirborði.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

BA-029:001.03 heimild, kálgarður X: 351465, Y: 553720

Á túnakorti frá 1920 er mannvirki merkt fast suðvestan við bæ 02, milli hans og útihúsa 04. Mannvirkið er af þeirri stærð sem yfirleitt myndi benda til kálgarðs, en ekki var gerður greinarmunur á kálgörðum og öðrum mannvirkjum á kortinu og hafa mannvirki 03 og útihús 04 því svipað útlit á teikningunni. Teikningar Daniel Bruuns af Reykhólum frá 1898 sem varðveittar eru á Þjóðminjasafni Danmerkur renna þó stoðum undir að hér sé um kálgarð að ræða, en á þeim er sýndur hlaðinn garður framan við bæinn.

Ekki sjást merki um kálgarðinn á yfirborði og hefur verið sléttað úr minjunum. Kálgarðurinn hefur verið kominn úr notkun fyrir árið 1945 en á ljósmynd frá því ári (Sarpur BB1-6890) og á loftmynd bandaríska hersins frá 1946 sjást engin skýr merki um garðinn.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta



Teikning Daniel Bruuns af Reykhólum frá 1898. Frá vinstri: Reykhólakirkja 002.02 og kirkjugarður 002.03, bær 001.02, kálgarður 001.03 og útihús 001.04 (DMR-159048).

BA-029:001.04 tóft, útihús X: 351442, Y: 553699

Sunnarlega á bæjarhól 01, um 20 m sunnan við Reykhólakirkju (b. 1963), eru óskýrar tóftir. Mannvirki er merkt á þessum stað á túnakorti frá 1920, af þeirri stærð sem yfirleitt myndi benda til kálgarðs, en ekki er gerður greinarmunur á kálgörðum og öðrum mannvirkjum á kortinu. Teikningar Daniel Bruuns af Reykhólum frá 1898 sem varðveittar eru á Þjóðminjasafni Danmerkur sýna hins vegar útihús á þessum stað, og bentu heimildarmenn, Björn Samúelsson, Guðmundur Ólafsson og Tómas Sigurgeirsson, allir á að þarna hefðu staðið útihús.


Í lýsingu Bjarna Þórðarsonar á Reykhólum frá 1905 segir: „Stærsta hlaðan er 40 al. á lengd 9 al. á breidd. og hæðin 5 al. undir bita, en 91/2 al. upp í mæni; öðru megin við hana eru 4 fjárhús, hvert yfir 50 kindur með 3 al. stoðum af bálki undir hliðarása. Fjós er og í sömu röðinni jafnlangt húsunum. Hinu megin við hlöðuna á móti er smíðahús með standþili með 3 gluggum á framstafni; við hliðina á smiðjunni er hesthús yfir 16 hesta, tvídyrað með stórum

glugga í stafni; við hliðina á hesthúsinu er 40 kinda fjárhús, öll þessi hús jafnlöng. Gaflarnir á hlöðunni eru úr timbri og 3 gluggar á hvorum gafli. (dönsk alin er 62,7 cm svo málin eru um 26x6 metrar á lengd og breidd og hæð um 3 metrar).“

Í grein um búskaparhætti Bjarna Þórðarsonar á Reykhólum (í kringum 1870) eftir Júlíus Sigurðsson í Litlanesi í Árbók Barðastrandarsýslu frá 1952 segir: „Skammt fyrir neðan bæinn var hlöðukofi, er tók 2000 hestburði, tvístæðufjós yfir 14-16 gripi, 10 kýr mjólkandi, hit uxar, naut og ungviði. Fjárhús yfir 200 ær; tvístæðu hesthús yfir 20 hesta, þar af í öðrum garða stíað af fyrir 12 hrúta fullorðna. Einnig var þarna hús fyrir 40 lambhrúta, en þá var mest verð á hrútakjötinu. Frá öllum húsunum var innangegnt úr þessum fyrrnefnda hlöðukofa. Öll var þessi bygging úr hnaus, streng og torfi, því að ekki fékkst steinn þar nálægt.“

Teikningar Daniel Bruun sýna hús sem passar u.þ.b. við þessa lýsingu: Langt hús sem snýr norðaustur-suðvestur, þar norðvestan við þrjú sambyggð hús sem snúa stöfnum til norðvesturs en hinu megin þrjú eða fjögur sambyggð hús með stafna til suðausturs.

Uppistandandi hús virðist sjást á þessum stað á loftmynd bandaríska hersins frá 1946 og sést það einnig á ljósmynd frá 1945 (Sarpur BB1-6890). Á ljósmyndinni virðist langa húsið (sem sneri norðaustur-suðvestur) hafi verið rifið, en þess í stað virðist vera gerði á milli húsaraðanna tveggja.



Útihústóft 001.04.

Sléttað hefur verið úr minjunum en þær eru þó enn greinilegar að mestu. Sýnilegar minjar ná yfir svæði sem er um 25 x 21 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það hefur þó verið stærra af loftmynd að dæma, a.m.k. 27 x 25 m (norðaustur-suðvestur).

Nyrst sést tóft A sem er um 10,5 x 7,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er tvískipt og er op á báðum hólfum til norðvesturs. Norðaustara hólfið I er um 5 x 3 m að innanmáli en það suðvestara II um 5 x 2 m. Innanmál tóftarinnar er skýrara en utanmál og er hæð veggja að innanverðu allt að 30 cm. Að utanverðu er hæð mest um 20 cm á suðausturhlið en norðausturhlið er varla greinileg. Tóftin er grasi gróin en einn steinn sést að innanverðu í syðra hólfinu.



Útihús 001.04 A, horft til suðurs.

Um 3 m suðvestar eru ummerki um fleiri hús B en ekkert ytra byrði er greinilegt, heldur aðeins þrjár samhliða aflangar dældir, um 10-20 cm djúpar. Allar dældirnar snúa norðvestur-suðaustur og marka líklega innra byrði hólfa. Steyptur göngustígur sem liggur meðfram Karlseyjarvegi hefur jafnframt raskað tóftinni og sker af tveimur suðvestari hólfunum. Alls ná dældirnar eða hólfin yfir svæði sem er um 9 x 4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Norðaustasta hólfið III er um 4 x 1 m að innanmáli, það í miðju IV er um 3 x 1 m, en varðveitt stærð þess suðvestasta V er aðeins um 1,5 x 1,5 m. Um 1 m er á milli hólfa III og IV en 1,5 m milli hólfa IV og V. Hafi tóftir A og B verið sambyggðar er líklegt að annað hólf hafi verið milli hólfa II og III en engin merki sjást um það af yfirborði.



Útihús 001.04 B, horft til suðurs.

Tóft C er um 5 m suðaustan við tóft A og eru þær tengdar með kanti D sem liggur frá austurhorni tóftar A að norðurhorni tóftar C. Kanturinn er um 15 cm hár og er hann einu merkin sem greinileg eru á yfirborði um langa húsið, hlöðuna, sem var á milli hinna tóftanna

og/eða gerðið sem síðar kom í stað hennar.



Útihús 001.04 C, horft til NNA.

Tóft C er L-laga, um 16 x 13 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Af bæði gömlu loftmyndinni og ljósmyndinni að dæma hefur byggingin verið stærri og náð lengra til suðvesturs en sú tóft sem nú er greinileg, alls um 26 m á lengd. Á þeim stað þar sem suðvesturhluti byggingarinnar var sjást dældir, en ekki skýrar útlínur mannvirkja. Greinilegur hluti tóftarinnar virðist skiptast í sex hólf sem öll snúa norðvestur-suðaustur. Skýrust eru hólfin í suðvesturhluta tóftarinnar. Hólf VI og VII eru vestast og eru hvort um sig tæpir 3 x 1 m. Hæð veggja er um 15 cm. Hólf VIII er suðaustan við hólf VI og VII og er um 3 x 3 m að stærð. Hólfið virðist lítið eitt niðurgrafið og er hæð veggja allt að 40 cm. Norðaustan við hólf VII eru hólf IX og X. Þau eru óskýrari en hólf VI-VIII og er hæð veggja um 5-15 cm. Hólfin virðast hvort um sig um 1,5 x 1 m að stærð. Á milli þeirra er lágur hryggur en mögulegt er að hér sé í raun aðeins um eitt hólf að ræða, þá um 2,5 x 1,5 m að stærð. Hólf XI er norðaustast, um 3 x 1 m að stærð og er hæð veggja um 5-15 cm. Hólfið er það eina með greinilegan inngang og er opið til suðausturs. Hæð veggja að utanverðu er mest um 15-20 cm og er ytra byrði skýrast suðvestantil.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

BA-029:001.05 *Klausturhóll* örnefni, óþekkt X: 351492, Y: 553761

Í örnefnaskrá segir: „Suðau. af kirkjugarðinum heitir Klausturhóll."

Í athugasemdum við örnefnaskrá segir: „Klausturhóll (ft.?), þar sem hús Tómasar stendur." Hús Tómasar sem þar er nefnt er núverandi íbúðarhús sem stendur norðarlega á bæjarhólnum, um 10 m sunnan kirkjugarðs.

Búið er að slétta svæðið umhverfis íbúðarhúsið og er ekki greinileg sérstök hólmyndun önnur en bæjarhóllinn sjálfur. Engar heimildir eru um klaustur á Reykhólum.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

BA-029:001.06 Fjósabrunnur heimild, brunnur X: 351445, Y: 553722

Í svörum Hjartar Þórarinssonar við spurningum Þjóðháttasafns segir: „Fjósbrunnur. Grafinn í búskapartíð Hákonar Magnússonar 1899 - 1920. Dýpt ca. 18 fet (5.5 m) staðsetning skammt frá S-V hlið kirkjunnar. Brunnurinn var jarðvegsfylltur þar sem vatn náðist aldrei í hann, en sigdæld ísar á staðinn."

Tæpir 20 m eru milli núverandi Reykhólakirkju og útihúss 04 suðvestan kirkjunnar, en þar var meðal annars fjós. Brunnurinn hefur verið á því svæði en ekki er ljóst nákvæmlega hvar hann var. Ójöfnur eru í túninu en ekki markar skýrt fyrir brunni.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Reykhóla, 1; Ö-Reykhóla aths., 1; ÁFÍ 1959, 34, 35-36, 39-40; Hlín 25 1942, 83-89; SSV I, 55, 60; SSV I, 71; Breiðfirðingur 1945, 61; Breiðfirðingur 1966, 30-41; Árbók Barðastrandarsýslu 2007, 39; Árbók Barðastrandarsýslu 1952, 51; Lýsing á jörðinni Reykhólum 1905, 11-12; Fasteignaskrá; Sarpur BB1-6894; Sarpur BB1-6890; AMS44_2-1_008; DMR-159048; DMR-158968; ÞÞ 10472

BA-029:002 *Reykhólakirkja* X: 351498, Y: 553804

Í Árbók Ferðafélags Íslands segir: „[...] austan vegarins uppi á hólnum er gamla timburkirkjan [002] í kirkjugarðinum, þar er einnig íbúðarhús bóndans, sem nú hefur aðeins lítinn hluta jarðarinnar til afnota. Gamli bærinn stóð áður örlítið sunnar á hólnum." Núverandi kirkja á Reykhólum var vígð 1963 og stendur um 40 m suðvestan við kirkjugarð 03, rétt suðvestan við þann stað þar sem bær 001.02 stóð áður. Á túnakorti frá 1920 er kirkja 02 inni í kirkjugarði 03 um 50 m NNA við bæ 001.02. Einhver skekkja er á túnakortinu þar sem síðasta kirkjan 02 sem stóð á gamla kirkjustæðinu inni í kirkjugarðinum var um 70 m NNA bæjar. Sú kirkja var reist 1856 og rifin um 1975. Eldri kirkja 01 stóð sunnan við kirkju 02.

Kirkjan var flutt að Saurbæ á Rauðasandi og stendur þar enn (2026).

Gamla kirkjustæðið er inni í kirkjugarði sem enn er í notkun (2026).

REYKHÓLAR Á REYKJANESI (AB) -Bartholomeusi (STAÐARANNEXÍA)

f. 1030: „Í Þann tíma bjó á Reykjahólum á Reykjanesi Þorgils Arason; ... Illugi hét bróðir hans, hirðmaður hins heilaga Ólafs konungs. Hann var farmaður mikill ok var jafnan annan vetr með Ólafi konungi, en annan á Reykjahólum; hann hafði út kirkjuvið ok skálavið." Fóstbr.s. 2. kap.

- „Spákerling [í Ólafsdal stuttu eftir víg Þorgeirs Hávarssonar] tók sótt um veturinn ok lá lengi. Hún andaðisk næstu nótt eptir pálmasunnudag. Lík hennar var flutt á skipi til Reykjaness,

því at engin kirkja var nær Ólafsdal en sú, er á Hólum var.“ Fóstbr.s. 19. kap; ÍF VI, 124.

f. 1118: Ingimundr Einarsson prestur Þar. Kristni saga; Bsk I, 29.

1181: Helgi Skeljungsson prestur Þar, [áður á Hvoli í Saurbæ] Þorgerður kona hans var dótturdóttir Þorgils Oddasonar; Prestssaga Gupmundar, Bsk I, 424.

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 12

1244: Reykjahólaför, menn flýja til kirkju, Tumi handtekinn og lagður undir kirkjugarð, veginn suður frá honum. Þórðarsaga kakala, Sturl, 507-508.

[um 1274 (eða 1317)]: „Reykholar Þessi er kirkiv maldagi at reykholvm. þar skal vera prestr oc diakn. nema sa vili helldr .ij. presta er byr. þar er oc omaga uist. oc skal sa rada er byr hver vera skal. qvenngilldr omagi oc megi vinna sialfvm ser oc presti oc þat sem þarf j hvsvm inni. en eigi er hann skyldr at vinna vti nema hann vili. fa skal honvm klodi dag oc nott sva hann megi nyta. Kirkia a halft land. kyr .vi. oc ær. viii. boekr .iiij. oc erv þar a .xij. manada tidir. messv fot .ij. oc kalek. kross smelltr. tiolld vm kirkiv alla. alltara klædi. fiogr a haaltare. en .iij. vtar. hvorv megin dvkar .ij. miok miklar [!] en .ij. litlar [!]. merke .ij. hvn a hest einn. kirkia atti oc eyolfs ey. þa er hvn var vigd. en snorre narva son tok hana vt oc gallt fyrir .vj. hundrud. hvn a oc reka oc renninga a sandnesi at helmingi. etcett.“ Máld DI II, 120 [annaðhvot Skarð-Snorri d. 1260 eða Snorri lögmaður d. c. 1331].

1327: „Herra Jon byskup for yfir Vest fiorðu ok gerði vigslur a Reykia holum.“ Skálholtsannáll, IA, 206.

[1394]: „VI. Kirkia hins h[eilaga] Bartholomæi ad Reikiaholum ä heimaland hälfft. kyr ix og ätta ær les Vilkinsbok. ecki ber ä mille utan um ærnar, j Vilkinsbok eru xiij. en hier viij.“ Hítardalsbók DI III, 774.

1397: „a heimaland halft. Þar skal vera prestur oc diakn. nema sa vilie halldur tvo presta sem Þar byr oc omaga vist. og skal sa rada er byr. hvort vera skal kvenngilldur omagi oc meigi [vinna] sialfumm sier oc presti og Þat sem þarf inni j hvsumm. enn ei er hann skylldur ad vinna vti nema hann vilie. klædi skal honumm fa dag oc natt so ad meigi nyta. Kirkiann atte Eyolfsey Þa er hun var vijgd. enn Snorre Narfason tok hana fra oc gallt vjc.[á reka og renningar] Þangad liggia tiunder af xx bæiumm oc halfum fiorda. Philippus bondi þorleifsson lagde til kirkiunnar firir portionem jordina j Bormum og Þar med iiij kugilldi. vj. stikur heidid stycki. refil nyann xix alna langann [+ornamenti].“ Máld DI IV, 154.

1450: Bp Jón Gerreksson hafði verið á yfirreið og skipaði sveinum sínum að taka mann úr kirkjunni - „ok biskup ion sagdi suo Þott kirkian væri saurgut j kuelld ath hann skylldi giora hana hreina ath morgni“ Vitnisburður DI V, 51.

3.8.1460: Vitnisburður um að Guðmundur Arason hafi veðsett kirkiunni á Reykhólum

jörðina á “Skerðingsstöðum fyrir xxxc [fyrir ógreidda porcio]” DI V 216

27.6.1477: Jörðin Hofstaðir í Þorskafirði er í Reykhólakirkjusókn. DI VI, 114

23.8.1484: Jörðin Miðjanes er í Reykhólakirkjusókn. DI VI, 523

1495: fyrir þessar kirkiur a pall bondi [Jónsson á Skarði] ad suara. ... reykholar ... DI VII, 285-86 [AM Fasc LXIV, 25, minnisblöð Stefáns bps á skinni - greinilega skr. eftir yfirreið hans um Vestfirðingafjórðung sumarið 1495]

23.11.1500: Jörðin Kambur í Króksfirði er í Reykhólakirkjusókn. DI VII, 529

26.6.1501: “[Stefán bp segir að]ver haufum fulla uissv af feingit ath biskup magnus godrar minningar vor næsti forverare hafdi skipad til sancti Olafs kirkiv. aa stad. aa reykianesi tiunder og alla gudtolla af þessvm iordum. hofstaudum kinnarstaudum. skogum. kollabudum. mula og halft midianes er adur liggia I reykhola kirkiu sokn.” [og staðfestir hann þann gjörning] DI VII, 566-67

1575: Máld DI XV 589-590

[eftir 1598]: Þjsks. Bps. A,II. s. 156.

BA-029:002.01 *Reykhólakirkja* heimild, kirkja X: 351495, Y: 553791

Í Kirkjum Íslands er vitnað í visitasíu Ólafs Sívertsens prófasts árið 1853 og segir þar: „Seinast liði vor var byrjað að reisa stóra og vandaða trjáviðarkirkju [02] í garðinum norðan við gömlu kirkjuna [01] sem ennnú stendur órifin […].“ Þegar kirkja 02 var síðan vígð 1856 hafði eldri kirkja verið rifin. Ekki er vitað nákvæmlega hversu langt var á milli kirkja 01 og 02.

Ekki sjást merki um eldra kirkjustæði innan kirkjugarðs 03 og hafa leiði verið grafin sunnan við kirkjustæði 02.

Almennt hættumat: hætta, vegna líkagraftar

Tímabundið hættumat: engin hætta

BA-029:002.02 *Reykhólakirkja* húsgrunnur, kirkja X: 351497, Y: 553805

Kirkjugrunnur gömlu sveitakirkjunnar er um 25 m norðaustan við kirkjuhliðið á núverandi kirkugarði (2026).

Í Kirkjum Íslands segir: „Timburkirkja var smíðuð á Reykhólum 1853 og var smíðin langt komin þá um haustið þegar óveður skall á og feykti henni um koll. […] Þegar Ólafur [Sívertsen] prófastur vitjaði Reykhóla sumarið 1854 var kirkjan enn niðurfallin og lágu brotin í kirkjugarðinum. Sumarið 1855 var hún loks reist á ný en ekki var lokið við innansmíðina fyrr en ári síðar.“



Kirkjugrunnur 002.02, horft til norðausturs.

Í Árbók fornleifafélagsins 1976 segir: „Um sumarið var gamla kirkjan á Reykhólum tekin ofan á kostnað Þjóðminjasafnsins og rækilega merkt og að því búnu voru viðirnir fluttir hingað suður og komið fyrir í geymsluhúsnæði á Bessastöðum, en ekki var þá útséð um hvort tækist að fá kirkjuna endurreista annars staðar að sinni.“ Í Árbók fornleifafélagsins árið 1977 segir einnig: „Reykhólakirkjan gamla, [...] var flutt vestur að Saurbæ á Rauðasandi, en heimamenn höfðu þá endanlega ákveðið að taka við henni og endurreisa í sinni gömlu mynd. Safnið kostaði flutning viðanna vestur [...] komst hún undir þak um haustið.“

Kirkjan hefur staðið miðsvæðis í kirkjugarðinum og má enn sjá votta fyrir upphlöðnum grunninum en hann hefur verið hulinn með torfi. Á grunninum hefur verið komið fyrir minnisvarða sem á er letrað: „Altarisstæði Reykhólakirkju 1856-1975“. Grunnurinn er um 14x8 m að stærð, 0,3-0,6 m á hæð og snýr gróflega austur-vestur. Hann er grasigróinn með brattar hliðar en ekkert sést til innanmáls eða hleðsla.

Almennt hættumat: hætta, vegna líkagraftar

Tímabundið hættumat: engin hætta

BA-029:002.03 *Reykhólakirkjugarður* kirkjugarður, legstaður X: 351494, Y: 553798

Suðurjaðar núverandi kirkjugarðs (2026) er um 30 m NNA við núverandi kirkju.

Núverandi kirkjugarður er um 65x48 m að stærð og snýr gróflega norður-suður. Nýlegur grjóthlaðinn veggur er umhverfis garðinn. Samkvæmt túnakorti um 1920 var garðurinn þá aðeins um 30x20 m að stærð, sneri austur-vestur og stóð kirkjan 002.01 í honum miðjum. Engin skýr yfirborðsummerki eru um kirkjugarðsvegg á þessu svæði vegna sléttunar og líklega er búið að jarðsetja fólk á 20. öld þar sem veggurinn stóð áður. Á loftmynd frá 1946 má sjá að þá var búið að stækka garðinn til suðurs. Er hann þá orðinn um 50x35 m að stærð og snýr norður-suður. Skýr kirkjugarðsveggur var umhverfis garðinn á þessum tíma. Á ljósmynd frá 1945 sem varðveitt er á Þjóðminjasafni Íslands sést torfhlaðinn garður umhverfis kirkjuna og var timburhlið á vesturhlið garðsins á móts við kirkjuna. Óljós ummerki sem mögulega eru um þennan hluta kirkjugarðsins má greina á þessum slóðum sem óljósa 0,5-1 m upphækkun og ójöfnur í sléttuðu landslaginu. Austur- og suðurjaðrar garðsins hafa ekki breyst síðan á

miðri 20. öld en búið er að færa kirkjugarðsvegginn um 10 m út til vesturs og norðurs. Elstu merktu grafir í garðinum eru frá aldamótunum 1900.

Tómas Sigurgeirsson, heimildarmaður, sagði að þegar afi sinn og alnafni hefði verið grafinn í garðinum árið 1987, u.þ.b. á því svæði þar sem torfgarður gamla kirkjugarðsins var. Við greftrunina komu í ljós grafir „utan garðs“. Þær lágu að sögn Tómasar ekki mjög djúpt, heldur hafði aðeins verið grafið niður á möl.

Almennt hættumat: hætta, vegna líkagraftar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920; ÍF VI,124; Bsk I, 29,424; Sturl. 507, 508; IA 206; DI II 120; DI III, 774; DI IV, 154; DI V, 51, 216; DI VI, 114,523;DI VII,285-86, 529, ,566-67; DI XV,589-590; DI XII,12; Þjsks.Bps.A,II.,156; ÁHÍF 1976,172; Kirkjur Íslands 26, 294-297; Sarpur BB1-6896



Reykhólakirkja 002.02 og kirkjugarður 002.03 á loftmynd LMÍ frá 1969, áður en sléttað var úr garðinum og kirkjan rifin. Neðst til vinstri er Reykhólakirkja sem vígð var 1963 og stendur enn (2026).

BA-029:003 dæld, hlaða X: 351445, Y: 553678



Dæld 003, horft til SSA.

Dæld er um 60 m suður af bæ 001.02 og Reykhólakirkju (b. 1963), um 7 m sunnan við tóft 001.04.

Á svæðinu er sléttað tún í aflíðandi halla til suðurs. Karlseyjarvegur liggur norður-suður um 20 m vestar og er malbikaður göngustígur meðfram honum.

Dældin er hringlaga, um 4 m í þvermál og 25-50 cm djúp, dýpst til norðvesturs. Hún er öll grasi gróin en þegar skrásetjari var á vettvangi virtist nýlega hafa verið keyrt eða hjólað hringinn í kringum dældina og grasið á barmi hennar tætt upp. Samkvæmt Guðmundi Ólafssyni, heimildarmanni, er um súrheystóft að ræða.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

BA-029:004 dæld, útihús X: 351434, Y: 553678

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 70 m SSV við bæ 001. Tæpir 5 m voru milli útihússins og útihúss 001.04. Tóft sést á þessum stað á ljósmynd frá 1945 í Sarpi.



Dæld 004, horft til SSV.

Á svæðinu er sléttað tún í aflíðandi halla til suðurs. Karlseyjarvegur liggur norður-suður um 10 m vestar og er malbikaður göngustígur meðfram honum.

Sléttað hefur verið úr minjunum en enn er greinileg aflöng dæld, um 4 x 2 m að stærð (austur-vestur) og 10-15 cm djúp. Útihúsið sem sýnt er á kortinu hefur þó verið stærra, um 10 x 6 m (norðaustur-suðvestur) og hefur hluti þess líklega farið undir göngustíginn.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta


Heimildir: Túnakort 1920; Sarpur BB1-6890

BA-029:006

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 140 m SSA við bæ 001, þar sem nú er Hólatröð 1 og 3. Í grein um búskaparhætti Bjarna Þórðarsonar á Reykhólum (í kring um 1870) eftir Júlíus Sigurðsson í Litlanesi í Árbók Barðastrandarsýslu frá 1952 segir: „Þá skal minna á sauðahús, sunnarlega á túninu, sem tók 200 fjár, og var hlaða við það.“ Húsin eru sýnd á teikningum Daniel Bruun af Reykhólum frá 1898 sem varðveittar eru á Þjóðminjasafni Danmerkur. Þau sjást einnig á loftmynd bandaríska hersins frá 1946.

Hólatröð 1 og 3 eru parhús á einni hæð. Umhverfis húsið er slétt grasflöt. Gatan Hólatröð liggur austur-vestur norðan við húsið en Hellisbraut í sveig sunnan við það.

Á teikningu Daniel Bruun, sem og á loftmynd 1946, sjást fjárhús 01 og kálgarður 02 framan við húsin á þessum stað. Alls náðu minjarnar yfir svæði sem var um 34 x 18 m að stærð og sneri norður-suður.



Teikning Daniel Bruuns af Reykhólum frá 1898. Fyrir miðju sjást útihús 006.01 og kálgarður/rétt 006.02 (DMR-159048).

BA-029:006.01 heimild, fjárhús X: 351496, Y: 553608

Fjárhús 01 stóðu nyrst á minjasvæðinu.

Í lýsingu Bjarna Þórðarsonar á Reykhólum frá 1905 segir: „Önnur hlaðan er með timburgafli; hún er 21 al. á lengd. 61/2 al. á breidd hæðin er 5 al. undir bita. 8 al upp í mæni; við hana eru 3 fjárhús, hvert yfir 60 kindur, öll tvídyruð og öll með 3 al. stoðum undir sillu og öll með stórum glugga á stafni […].“ Hlaðan sneri austur-vestur en fjárhúsin voru sunnan hennar og sneru stöfnum til suðurs. Af loftmynd 1946 að dæma voru húsin alls um 20 x 17 m að stærð (norður-suður).

Engin merki sjást um fjárhúsin á yfirborði og hefur verið sléttað úr minjunum fyrir 1959 af loftmynd frá því ári að dæma.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

BA-029:006.02 heimild, kálgarður & rétt X: 351496, Y: 553592

Kálgarður 02 var fast sunnan við fjárhús 01.

Í lýsingu Bjarna Þórðarsonar á Reykhólum frá 1905 segir: „[…] fram undan húsadyrunum er matjurtagarður, sem hafður er til að reka fje í á haustin, og tekur hann um 1000 fjár.“ Af

loftmynd 1946 að dæma var kálgarðurinn um 17 x 14 m að stærð og sneri austur-vestur. Engin merki sjást um kálgarðinn á yfirborði og hefur verið sléttað úr minjunum fyrir 1959 af loftmynd frá því ári að dæma.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920; Árbók Barðastrandarsýslu 1952, 50; Lýsing á jörðinni Reykhólum 1905, 12; DMR-159048; DMR-158968; AMS44_2-1_008; DMA14-02455

BA-029:007 *Bogavallarhús* heimild, fjárhús & fjós X: 351586, Y: 553809

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 130 m norðaustan við bæ 001.

Í grein um búskaparhætti Bjarna Þórðarsonar á Reykhólum (í kring um 1870) eftir Júlíus Sigurðsson í Litlanesi í Árbók Barðastrandarsýslu frá 1952 segir: „Svokölluð Bogavallarhús voru austarlega á túninu. Þau voru gömul og ekki byggð af Bjarna. Þar var húsaskipun skrítin, tvö hús, sitt hvoru megin við hlöðuendana. Voru 60 geldar ær í öðru, 40 sauðir í hinu. Þessa fjár gætti Bjarni venjulega sjálfur, ásamt með vefnaðinum, en hann óf ódæmi að vetrinum. Gerði hann oft ekki meira en geila [í] þessa hlöðu í góðum vetrum."

Á þessu svæði er mosagróin sléttuð flöt eða tún, fast austan við fótboltavöllinn á Reykhólum og um 20 m ofan og vestan við heilsugæsluna við Hellisbraut 39. Meðfram brún flatarinnar að austanverðu er lág, manngerð upphækkun efst í brattri brekku niður til austurs.

Ekkert sést til fornleifa vegna sléttunar. Guðmundur Ólafsson, heimildarmaður, kannaðist ekki við nafnið Bogavallahús, en samkvæmt honum var fjós á þessum stað. Á loftmynd bandaríska hersins frá 1946 sést hús á þessum stað sem svipar til þess sem sýnt er á túnakortinu, 30 x 6 m að stærð (norður-suður). Af loftmyndum í safni Náttúrufræðistofnunar (áður LMÍ) að dæma stóð hús á þessum stað fram yfir árið 1985 en húsið sem síðast stóð á þessum stað var mun minna en það sem sýnt er á túnakortinu.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920; Árbók Barðastrandarsýslu 1952, 50

BA-029:008 Maríutröð heimild, traðir X: 351462, Y: 553973

Í Árbók Ferðafélags Íslands segir: „Reykjanesfjallið rís í norðri með hamrabrúnum og brattri hlíð, en suður af rennslétt Skeiðið heim að tröðunum. Má nærri geta, að þar hefur oft verið sprett úr spori og margur gæðingurinn þrifið skeiðið." Samkvæmt túnakorti frá 1920 lágu traðir

úr norðri heim að bæ 001. Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir: „Frá túninu á Grund [030:001] og ofan að Reykhólatröð, sem liggur í gegnum túnið, heim að bænum, er mátulegt skeið fyrir vakran hest [sjá leið 030:007].“ „Túnið: Norður af kirkjugarðinum er Bogavöllur, Nýjivöllur, þar var fyrrum hjáleiga, Árnahús [020]. Maríutröð. Austurgarðarófa," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt heimildarmönnum, Guðmundi Ólafssyni og Birni Samúelssyni, var Maríutröð nafn á veginum niður að Reykhólum.

Traðirnar lágu að mestu 30-50 m vestar en núverandi Karlseyjarvegur en u.þ.b. í sömu stefnu til SSV. Um 170 m norðan bæjar breyttu traðirnar stefnu til SSA og lágu austan með fjósi 010 og heim að bæ.

Vestan Karlseyjarvegar er að mestu slétt tún í rækt en trjám hefur verið plantað í stykki um 300 m norður af bæ 001.

Engin merki sjást um traðirnar á yfirborði og hafa þær verið sléttaðar í tún.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920; ÁFÍ 1959, 34; SSV I, 55; Ö-Reykhólar, 1

BA-029:009 heimild, fjós

Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir: „Heimundan er létt undir bú. Merkilegt er, þótt það máske ei komið við þessari skýrslu, að frá þeim elztu tíðum, sem til verður leitað, hefur nautafjós á Reykhólum staðið fyrir útsunnan bæinn, og hafa naut verið rekin útsuður, ofan fyrir allt tún, yfir langan og sleipan veg á vetrum, til vötnunar í áður umgetna Nautatjörn. En í stórköföldum var borið vatn fyrir 10-15 naut í kútum, með miklum erfiðismunum. Kom engum þeirra stórmenna, sem þar hafa búið, til hugar, að afvenda þeim ókosti, fyrr en herra Thoroddsen, sem færði fjósið [010] í útnorðurjaðar túnsins og byggði stóra heyhlöðu við. Þar, rétt fyrir fjósdyrum, er ylvolg laug, í hverri nautpeningi er nú vatnað hversu sem viðrar.“

Enginn þeirra heimildarmanna sem rætt var við kannaðist við að fjós hefði verið suðvestan bæjar og er nákvæm staðsetning þess því óviss. Nautatjörn er annað heiti á Kúatjörn, og er hún um 380 m SSV af bæ 001.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: SSV I, 60-61

BA-029:010 heimild, fjós X: 351423, Y: 553834

Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða 1839 segir: „Heimundan er létt undir bú. Merkilegt er, þótt það máske ei komið við þessari skýrslu, að frá þeim elztu tíðum, sem til verður leitað, hefur nautafjós [009] á Reykhólum staðið fyrir útsunnan bæinn, og hafa naut verið rekin útsuður, ofan fyrir allt tún, yfir langan og sleipan veg á vetrum, til vötnunar í áður umgetna Nautatjörn. En í stórköföldum var borið vatn fyrir 10-15 naut í kútum, með miklum erfiðismunum. Kom engum þeirra stórmenna, sem þar hafa búið, til hugar, að afvenda þeim ókosti, fyrr en herra Thoroddsen, sem færði fjósið [010] í útnorðurjaðar túnsins og byggði stóra heyhlöðu við. Þar, rétt fyrir fjósdyrum, er ylvolg laug [044], í hverri nautpeningi er nú vatnað hversu sem viðrar."

Fjósið var um 100 m norðvestur af bæ 001, fast sunnan við þann stað þar sem nú stendur vörugeymsla við Vesturbraut 1. Á þessum stað eru óskýr merki á túnakorti frá 1920, tvö strik sem óvíst er hvað tákna.

Geymslan er timbur og bárujárnsklætt hús. Kringum húsið er malarplan en grasi vaxið fjær.

Ekki sjást merki um fjósið á yfirborði og er þar nú malarplan. Uppistandandi hús sést á þessum stað á loftmynd bandaríska hersins frá 1946 og virðist húsið hafa verið einfalt, u.þ.b. 11 x 9 m að stærð (norðaustur-suðvestur).

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: SSV I, 60-61; Túnakort 1920; AMS44_2-1_008

BA-029:012 *Þvottahola* heimild, þvottalaug

Í örnefnaskrá segir: „Suður og austur með hólunum eru nokkrir hverir Þjófahver 89° og Þvottahola, 87° heit. Kúatjarnarhverir, 2 eða 3 holur upp af dálítilli tjörn, Kúatjörn.“

Í Ferðabók Þorvalds Thoroddsens 1886 segir: „Fyrst er Þjófahver (89°), 50 m fyrir suðaustan Kraflanda [061], og Þvottahola (87°), þá Kúatjarnarhverir, tvær eða þrjár holur upp af dálítilli tjörn, svo Hveralækjahverir.“

Þeir heimildarmenn sem rætt var við, Björn Samúelsson, Guðmundur Ólafsson og Tómas Sigurgeirsson, könnuðust ekki við nafnið Þvottaholu og er nákvæm staðsetning hversins og afdrif hans því óþekkt. Á korti af hverum á Reykhólum í bókinni Hverir á Íslandi er Þjófahver merktur um 300 m suðvestur af bæ 001.02 og um 70 m suður af Kraflanda fast sunnan við Reykjabraut gengt íbúðarhúsinu Garði. Þar er merkt þétt þyrping af hverum en fleiri ónefndir hverir eru einnig á kortinu um 50 m vestan, sunnan og austan Þjófahvers. Ekki er ljóst af lýsingum hversu langt var á milli Þjófahvers og Þvottaholu.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reykhóla, 3; FÞT II, 49; Björn Hróarsson & Sigurður Sveinn Jónsson 1991, 72

BA-029:013 *Suðurhverir* örnefni, þvottalaug & vatnsból X: 351563, Y: 553524

Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir: „Að sunnanverðu við hólinn [bæjarhólinn 001] eru þrír hverir, Berghver, Soðningshver og Grundarhver.“ Í örnefnaskrá segir einnig: “Utan í smábarði sunnan í túninu er næst stærsta hveraþyrpingin; hæst uppi er Þvottahver 90° stig og Berghver litlu utar; þar í nánd er Grettislaug.” Hverirnir sunnan í túni voru saman nefndir Suðurhverir og voru þeir á svipuðum stað og býlið Fjósakot (BA-033:001), um 70 m norðan og ofan við Grettislaug, sundlaugina að Reykhólum. Eitthvað virðast þó nöfnin á þessum hverum hafa skolast til þar sem aðeins Berghver er nefndur á þessu svæði í báðum heimildum. Örnefnin Soðningshver og Þvottahver gefa til kynna notkun á jarðhitavatninu bæði til þvotta og soðningar. Ekki er ljóst hvort um einn og sama hverinn er að ræða.

Á þessum stað er Grettisröð og íbúðarhúsin að Reykjabraut 11 og 13.

Ekkert sést til fornleifa.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reykhóla, 3

BA-029:014 *Bóndalaug/Grettislaug* laug, bað & þvottalaug X: 351552, Y: 553495

Í Árbók Ferðafélags Íslands segir: „Skammt frá Berghver [sjá 013] er upphlaðin gömul laug, kölluð Bóndalaug, en af sumum Grettislaug, og er hleypt í hana vatni úr hvernum."

Í örnefnaskrá segir einnig: „Utan í smábarði sunnan í túninu er næst stærsta hveraþyrpingin; hæst uppi er Þvottahver 90° stig og Berghver litlu utar; þar í nánd er Grettislaug."

Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir: „Að sunnanverðu við hólinn [bæjarhólinn 001] eru þrír hverir, Berghver, Soðningshver og Grundarhver [sjá 013]. Úr Berghver, sem er nálægt Bóndalaug, er hleypt í laugarstæðið, þá maður vill laugast. Geta margir verið í senn í lauginni. Hefur hún verið viðhresst af núverandi [1839] kirkjubónda og proprietarius."

Í grein eftir Brynjúlf Jónsson í Árbók fornleifafélagsins frá 1899 segir: „Grettislaug heitir suðuaustan í túnbrekkunni á Reykhólum, og er réttmæli, að Grettir kæmi >>neðan frá lauginni<< er Þorgeir mætti honum."

Í Íslenzkum sögustöðum II segir svo frá lauginni: „Minni hver er suðaustan við bæinn [001] undir túnbrekkunni, en afrennslið skiptist í tvær kvíslar, og í aðra hefur verið búið til ferhyrnt ker, notað til baðs, en frá baðinu er vatnið leitt um trépípu, sem má loka að vild; einnig hafa menn getað leitt afrennslið burt í hina kvíslina. Þessi uppspretta nefnist nú Grettislaug, en af því að sóknarlýsingin hefur annað nafn, er nafnið sennilega ekki gamalt."

Í svörum Hjartar Þórarinssonar við spurningum Þjóðháttasafns segir: „Grettislaug. Rústir fyrir hleðslu og laugartóft um 2 metrar á hvorn veg. Laugin fékk vatn úr Berghver sem var heit uppspretta ofar í laugarhólnum við Suðurhverina. Sú uppspretta hvarf þegar borað var eftir heitu vatni fyrir Þörungaverksmiðjuna og hitaveituna á Reykhólum. Laugin var notuð til þvotta fram til þess að hún þvarr. Staðsetningin er rétt norðan við núverandi sundlaug sem steypt var 1946 og heitir Grettislaug."

Fornleifarannsókn var gerð á meintri Grettislaug árið 2005. Þar sem sundlaugin á Reykhólum heitir einnig Grettislaug er þessi gamla laug hér nefnd Grettislaug eldri. Hún er um 280 m SSA við bæ 001 og um 15 m norðan og ofan við Grettislaug nýrri.

Á þessum stað undir skörpum bakka er grasigróin, náttúruleg brekka sem hallar niður til SSA. Í brekkurótum er malarvegur og Grettislaug nýrri.

Í skrá Þjóðminjasafns Íslands yfir friðlýstar fornminjar segir: „a. Grettislaug, svo nefnd, sunnan á túnhólnum. [...] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 14.02.1931." Í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók fornleifafélagsins segir einnig: „Grettislaug hefir verið nokkuð stór og vandlega bygð úr stóru blágrýti, og er það aðflutt. Heitt vatn rann í hana um rennu úr hver, sem þar er litlu ofar, sem stífla mátti eftir vild og láta svo vatnið bíða þess, er það var hæfilega volgt; en ekki er þar kalt vatn til að kæla með. Nú er laugin skemmd: hefir átt að


minka hana, líklega til þess að hún væri fljótari að fyllast og að vatnið í henni væri fljótara að kólna. Hefir verið byrjað á því og hætt við hálfgjört. Er sagt, að það hafi gjört sunnlenzkur kaupmaður fyrir miðju þessarar aldar.“



Grettislaug 014 eftir uppgröft 2005, horft til suðausturs.

Í skýrslu um rannsókn á Grettislaug 2005 segir: „Þar sem Grettislaug er, er fremur stór næstum hringlaga dæld í brekkuna. Dæld þessi opnast undan brekkunni til suðausturs. Að öllum líkindum er þetta náttúruleg dæld – e.t.v. vegna gamallar uppsprettu – en hefur verið mótuð til. Áður en uppgröftur hófst mátti sjá nokkra steina standa upp úr sverði í dýpsta hluta dældarinnar, en ekki gáfu þeir þó neinar upplýsingar um lögun mannvirkisins, enda var það að mestu komið á kaf í sinu og gras. Umhverfis laugina við brún dældarinnar, sást einnig grjót standa upp úr sverði. Ekkert vatn rennur lengur í þróna því að Suðurhverir þornuðu þegar borað var fyrir heitu vatni á 8. áratugnum. Þó stendur vatn í dýpsta hluta dældarinnar, að öllum líkindum aðallega rigningarvatn en hugsanlega einnig vatn sem seytlar framundan brekkunni. […] Líklegt er að laugin sé gerð í dæld sem hefur verið á staðnum og því auðvelt að veita vatni í hana úr Berghver sem þarna er ofan við, en dældin hefur augljóslega verið dýpkuð og mótuð til. Mjög grunn jarðvegslög eru á staðnum, einungis örfáir sentimetrar niður á klöpp og þar sem mannvirkið var í notkun um langa hríð er ljóst að bleyta og eðja sem fylgir sífelldu vatnsstreymi og umgangi manna og dýra hafa séð til þess að lítil jarðvegslög náðu að safnast upp í kringum laugina. Þró þá sem nú er sýnileg má að líkindum rekja til þess þegar lauginni var breytt á 19. öld, þegar hún var minnkuð. Allrar athygli verð eru hin aðfluttu stóru björg sem mynda einskonar hring um laugarstæðið. Getur hugsast að þau hafi myndað einskonar mörk um laugarstæðið til að skepnur færu ekki ofan í? Útilokað má telja að laugin hafi nokkru sinni verið svo stór svo hlutverk steina þessara er á huldu.“

Þessar minjar sem grafnar voru fram 2005 gefa til kynna að sú Bóndalaug/Grettislaug eldri sem samkvæmt sýslu og sóknalýsingum rúmaði marga í senn sé hugsanlega ekki sama laugin, ef um eiginlega laug er að ræða. Meint Grettislaug eldri er í dag (2026) lítið annað en bolli í brekkunni sem er um 5x2,5 m að innanmáli, <0,5 m á dýpt og snýr NNV-SSA. Umhverfis bollann er stórt grjót, en ekkert vatnsrennsli er á staðnum þar sem Berglaug (sjá 013) er uppþornuð. Ekki er hægt að sjá að grjótið hafi myndað ferhyrnt ker sem hélt heitu vatni fyrir marga gesti. Ef svo hefur einhvern tímann verið, þýðir það að meirihluta hleðslugrjótsins



Grettislaug 014, horft til norðvesturs á ljósmynd.

hefur verið fjarlægt úr hleðslunni síðar. Ekki er útilokað að hin eiginlega Bóndalaug hafi í raun verið á svipuðum stað og Grettislaug yngri stendur nú (2026). Sundlaugin hefur staðið á þessum stað síðan milli 1940 og '50 eftir að hætt var að nota Kúatjörn 043 sem sundlaug.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: ÁFÍ 1959, 34-35; Ö-Reykhóla, 3; KK II, 132; Friðlýsingaskrá, 33; SSV I, 56; ÁHÍF 1899, 12; ÞÞ 10472; Guðrún Alda Gísladóttir 2006, 11-12, 18

BA-029:015 *Austurkot*

Í örnefnaskrá segir: „Vestur af Austurgörðum [BA-031:001] er Rauðsteigur, svo hjáleiga Austurkot [01], þar standa sauðhús [02] nú, vestur af Rauðstegi er Sauðhúsmóar og Péturströð [059].“

Í athugasemdum við örnefnaskrá segir: „Austurgarðar [BA-031:001] voru innan við gömlu fjárhús [02] Tómasar [Sigurgeirssonar, 1902-1987]. Rauðsteigur, þar sem gömlu fjárhús [02] Tómasar voru og kálgarðurinn [03]. Hús S.BJ. Stendur vestast í þeim svo Sauðhúsmóar, þar sem skólinn er nú?“ Guðmundur Ólafsson, heimildarmaður, sagði fjárhúsin hafa staðið við Hellisbraut 30. Á loftmynd bandaríska hersins frá 1946 sjást hús standa um 10 m vestan við þar sem íbúðarhúsið við Hellisbraut 30 stendur nú (2026).

Hellisbraut 30 er einbýlishús á einni hæð og er slétt grasflöt umhverfis. Gatan liggur NNA-SSV vestan við lóðina en hinu megin hennar er lág grasi vaxin brekka og malarvegur upp að Grunnskóla Reykhólahrepps.

Samkvæmt Guðmundi Ólafssyni og Birni Samúelssyni voru fjárhús 02 og kálgarðar 03 hlið við hlið. Heimildarmenn könnuðust ekki við hjáleiguna Austurkot 01 en miðað við lýsingu

örnefnaskrár er um sama stað að ræða. Ekki er þó ljóst hvort hjáleigan stóð á nákvæmlega sama stað og fjárhús 02 voru reist síðar.

BA-029:015.01 *Austurkot* heimild, bústaður X: 351605, Y: 553697

Ekki er ljóst nákvæmlega hvar Austurkot var, en líklegt er að það hafi verið á svipuðum slóðum og þar sem fjárhús 02 sést á loftmynd 1946.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

BA-029:015.02 heimild, fjárhús X: 351607, Y: 553699

Af loftmynd 1946 að dæma stóðu fjárhús 02 fast sunnan við veg sem liggur út frá Hellisbraut að Grunnaskóla Reykhólahrepps.

Ekki sjást merki um fjárhúsin á yfirborði og hefur verið sléttað úr minjunum. Á loftmynd 1946 virðast húsin þrískipt, eitt hús sneri norðaustur-suðvestur en tvö hús voru þar suðaustanvið sem sneru stöfnum til suðausturs. Á loftmynd 1959 sjást stærri hús standa á sama stað.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

BA-029:015.03 heimild, kálgarður X: 351615, Y: 553692

Kálgarðar 03 voru við hlið fjárhúsa 02. Ekki sést skýrt á loftmynd 1946 við hvaða hlið húsanna kálgarðarnir voru, en mögulega mótar fyrir þeim suðaustan húsanna. Á loftmynd Náttúrufræðistofnunar (áður LMÍ) frá 1969 sem aðgengileg er í vefsjá Loftmynda ehf virðast kálgarðar um 15 m suðvestan húsanna en garðar eru ekki greinilegir á því svæði á eldri myndum.

Ekki sjást merki um kálgarðana á yfirborði. Hefur verið sléttað úr þeim og/eða þeir farið undir veg.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reykhóla, 1; Ö-Reykhóla aths., 1; AMS44_2-1_008; DMA14-02455; Loftmyndir ehf

BA-029:016 heimild, óþekkt X: 351564, Y: 554047

Hjörtur Þórarinsson (f.1927) mundi eftir hringlaga túngarði eða tóft 016 norðan við garðlög 055 og 056. Tómas Sigurgeirsson bóndi á Mávavatni (f. 1956) hafði eftir ömmu sinni Steinunni (móður Hjartar) sem fyrst kom til Reykhóla 1920 að glímt hefði verið norðan við garð 056 og að annað garðlag hefði verið norðar. Garðlagið var um 290 m NNA af bæ 001, og lá út frá garðlagi 056. Óljóst markar fyrir garðlaginu á loftmynd bandaríska hersins frá 1946 en það sést einna skýrast á loftmynd Landmælinga Íslands frá 1969 sem aðgengileg er í vefsjá Loftmynda ehf.

Malbikaður vegur, Hellisbraut, liggur að mestu þar sem garðlagið var. Slétt grasflöt er beggja vegna vegarins en á flötinni vestan vegarins er hringlaga hellulagt „torg“ og göngustígar út frá því til norðurs, suðvestur og suðausturs. Stígurinn til norðurs liggur yfir svæðið þar sem garðlagið var. Vestan flatarinnar liggur Karlseyjarvegur.

Ekki sjást merki um garðlagið á yfirborði og hefur verið sléttað úr minjunum og þær farið undir veg. Á loftmynd 1969 er garðlagið rekjanlegt um 100 m leið. Það virðist liggja u.þ.b. út frá túngarði 056 og til norðurs en sveigja til vesturs u.þ.b. síðustu 40 metrana. Garðlagið fjarar út á myndinni rúmum 10 m áður en komið er að Karlseyjarvegi. Á loftmynd 1946 mótar fyrir garðlaginu áfram til suðurs og aftur að túngarði 056 en loftmyndin er mun óskýrari en sú frá 1969. Hefur garðlagið þá afmarkað svæði út frá túngarðinum sem var um 68 x 52 m að stærð (VNV-ASA).

Nákvæmt hlutverk garðlagsins er óþekkt, en mögulegt er að túnið hafi verið aukið út í nokkrum skrefum og að um nátthaga hafi verið að ræða.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: AMS44_2-1_008; Loftmyndir ehf

BA-029:020 *Árnahús* heimild, bústaður X: 351603, Y: 554106

Í örnefnaskrá segir: „Túnið: Norður af kirkjugarðinum er Bogavöllur, Nýivöllur, þar var fyrrum hjáleiga, Árnahús.”

Í Barðstrendingabók segir: „Árnahús stóðu í túnjaðrinum við Skeiðið. Var það húsmannsbýli, án grasnytja.“

Tómas Sigurgeirsson, heimildarmaður, sagði Árnahús hafa staðið rétt innan við Hólabúð (Hellisbraut 72), um 380 m NNA af bæ 001.

Hólabúð stendur um 20 m austan Karlseyjarvegar. Umhverfis húsið er upphlaðið malarplan, um 1-1,5 m á hæð en slétt tún neðan (austan) við.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur verið sléttað úr öllum ummerkjum fyrir 1946 af loftmyndum bandaríska hersins að dæma.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reykhóla, 1; Barðstrendingabók, 27; AMS44_2-1_008

BA-029:022 *Kaldrani*

Í Árbók ferðafélagsins segir: „Auk Grundar [BA-030] voru þessar hjáleigur kringum Reykhóla: Austurgarðar [BA-031], Runkahús [BA-032], Fjósakot [BA-033] og Kaldrani. Allar nú horfnar."

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir norðan Hellismóana heita Runkahús [BA-032:001], gömul hjáleiga, nú fjárhús; Þar heitir Rúnkhúsatún. Þá Kaldrani norður af bænum vestan Bogavallar."

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 segir: „Auk hjáleigna þeirra, sem taldar eru, minnist líka Á.M., sem einn segir frá leigumála þeim, á eyðihjáleiguna Kaldrana og Titlingastaði [024], sem taldar voru með Reykhólum 1805."

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1710 segir: "Kaldrane. Fimta hjáleiga, eyðilögð áður en Fjósakot bygðist, en bygð í fyrstunni í heimatúninu fyrir neðan sjálfan heimastaðinn, og varaði bygðin á því fáein ár. Ekki vita menn hverjir byggíngarkostir á þessu býli verið hafi, meina þó þá alllitla, fyrir því að sagt er, að þessari hjáleigu hafi lítil grasnyt fylgt."

Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir: „Hér að auki hafa aðrar fjórar hjáleigur til forna legið undir Reykhóla, Titlingastaðir [024] í svo kölluðu Titlingastaðanesi, nærri niður við sjó. Hin þrjú hafa verið rétt við hólinn, Kaldrani [022] að útnorðan og tvennar Götutóttir [031] að norðanverðu. Fyrir tóttunum sést enn nú merki."

Í Barðstrendingabók segir: „Í vesturjaðri túnsins var eyðihjáleigan Kaldrani. Langt er síðan hún hefir byggð verið."

Heimildarmenn sem rætt var við könnuðust ekki við Kaldrana sem býli en þekktu hins hól með því nafni og öskuhaug, um 80 m vestur af bæ 001.

Vestan Karlseyjarvegar, á móts við Reykhólakirkju, er grösugur og sinuvaxinn hóll eða rani vestur og út frá hæðinni sem Reykhólar standa á. Hóllinn er brattur og um 5 m á hæð. Trjám hefur verið plantað í suðurhlið hólsins. Útihús BA-032:006 var vestan undir hólnum og eru þar nú kofar byggðir á seinni hluta 20. aldar. Austast á hólnum, upp við Karlseyjarveg er gróin þúst, leifar af uppkasti frá því að grafið var fyrir grunni Reykhólakirkju (b. 1963).

Ekki er vitað nákvæmlega hvar býli 01 stóð í samhengi við öskuhaug 02.

BA-029:022.01 *Kaldrani* heimild, bústaður X: 351391, Y: 553762

Ekki er vitað nákvæmlega hvar á eða við hólinn býlið Kaldrani stóð. Mögulega var það uppi á hólnum þar sem öskuhaugur 02 er, og var hnit tekið þar, en einnig er mögulegt að útihús BA-032:006 sem stóð sunnan undir hólnum hafi verið reist á grunni býlisins.

Ekki sjást merki um leifar býlisins á yfirborði.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

BA-029:022.02 þúst, öskuhaugur X: 351388, Y: 553763

Öskuhaugur er efst við vesturbrún hólsins Kaldrana.



Öskuhaugur 022.2, horft til vesturs. Miltisbrandsstika sést hægra megin á myndinni.

Á þessum stað er náttúrulegur hóll og erfitt að greina upphækkun sem aðskiljanleg er frá honum, en þó er þar svæði sem virðist lítið eitt grösugra en umhverfið og sama svæði er greinilegra grænna en umhverfið á loftmyndum Loftmynda ehf. Svæðið er gróflega um 19,5 x 12,5 m stórt og nær langleiðina niður að kartöflukofa í brekkurótum. Innan þess eru óreglulegar dældir en erfitt er að mæla þær sérstaklega vegna gróðurs. Í ruslahauginn hefur verið stungið stiku sem markar miltisbrandsgröf A172. Í kortasjá Umhverfisstofnunar yfir mengaðan jarðveg segir: „Miltisbrandsgröf að Reykhólum um árið 1880 (úr vesturfarabréfum). Allar kýrnar drápust eftir að hafa drukkið vatn af uppbleyttum erlendum húðum. Líklega voru kýrnar grafnar í brekku fram af kirkju, sem nú stendur. Gröfin merkt A172. Heimild: Miltisbrandur á Íslandi 1866-2004 eftir Sigurð Sigurðarson dýralækni.“

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: ÁFÍ 1959, 40; Ö-Reykhóla, 1; JJ, 176; JÁM VI, 215; SSV I, 56; Barðstrendingabók, 27; Umhverfisstofnun – Mengaður jarðvegur

BA-029:031 *Gata* heimild, bústaður X: 351607, Y: 554070

Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir: „Hér að auki hafa aðrar fjórar hjáleigur til forna legið undir Reykhóla, Titlingastaðir [024] í svo kölluðu Titlingastaðanesi, nærri niður við sjó. Hin þrjú hafa verið rétt við hólinn, Kaldrani [022] að útnorðan og tvennar Götutóttir [031 og 064] að norðanverðu. Fyrir tóttunum sést enn nú merki.“ Götutóttir eru merktar sem eyðibýli á herforingjaráðskort frá 1913 um 350 m NNA af bæ 001, en aðeins er eitt býli merkt á kortið.

Á þessu svæði er slétt túnstykki suðaustan við Hólabúð. Upphlaðið malarplan er kringum búðina 1-1,5 m hátt. Hellisbraut afmarkar stykkið til suðvesturs og hefur stæði með hleðslustöð verið gert vestast á stykkinu. Til suðurs eru íbúðarhús við Hellisbraut en skurður afmarkar stykkið til austurs.

Nákvæm staðsetning Götutótta innan svæðisins er ekki þekkt. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur verið sléttað úr minjunum fyrir árið 1946 af loftmyndum bandaríska hersins að dæma.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: SSV I, 55-56; Herforingjaráðskort 23 SA; AMS44_2-1_008


BA-029:043 *Kúatjörn* garðlag, sundlaug X: 351267, Y: 553404

Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir: „Þar sem gamla sundlaugin var, hét Kúatjörn og Kúatjarnarhverir eru fyrir ofan hana og renna í hana.“ Í Þjóðólfi 1896 segir: „Sundkennsla byrjar að Reykhólum 15. júní næstkomandi og helzt til 15. júlí,“ en nákvæm staðsetning er ekki nefnd.

Í svörum Hjartar Þórarinssonar við spurningum Þjóðháttasafns segir: „Kúatjörn sunnan Hellishólanna. Fyrirhleðsla var gerð við þessa tjörn á 1. eða 2. áratug þessarar aldar og kennt þar sund fram til 1941.“

Hugmyndir virðast snemma hafa verið komnar upp um sundkennslu í tjörninni en í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða 1839 segir: „Frá Kraflanda rennur lækur, er Kraflandalækur heitir. Hann kemur í tjörn, er kölluð er Nautatjörn, því lengi hefir hún verið höfð til að vatna kúm við. Tjörn þessi er 190 faðmar ummáls, og ef kringum hana væri hlaðið, yrði hún mjög hagkvæm þeim, er nema vildu sundsíþrótt.“

Í skráningu Óskar Leifs Arnarsonar frá 2008 segir: „Kúatjörn er suður undir brekkurótum sem liggja niður frá Læknishúsi og Prestshúsi, um 170 m suðsuðvestur frá Hellishólum. Í Kúatjörn rennur Kraflandalækur úr hvernum Kraflanda. […] Hlaðinn garður úr torfi, um



Kúatjörn 043, horft til suðurs á ljósmynd.

50 m langur og allt að 1 m á hæð. […] Skv. Hirti Þórarinssyni átti síðast að kenna sund í Kúatjörn árið 1941, en vegna þess hve köld hún var, var ný og minni laug hlaðin rétt vestan núverandi sundlaug Reykhóla sem heitir Grettislaug.“ Kúatjörn er um 380 m suðvestan við bæjarhól 001 og um 265 m VSV við Grettislaug, sundlaug Reykhóla.

Kúatjörn er í grunnri dæld sunnan undir Hellishólum. Til vesturs er framræst þýfð mýri og til austurs eru nýleg skemma og Karlseyjarvegur. Búið er að raska nokkuð austurbakka tjarnarinnar, leggja malarveg norðan við hana og byggja timburbrú yfir hana frá suðri til norðurs.

Laugin sést nokkuð skýrt á loftmynd frá árinu 1946, stuttu eftir að hætt er að nota laugina. Garðlög hafa verið hlaðin að vestan og suðaustan til þess að minnka náttúrulega tjörnina og búa til sundlaug sem hefur verið um 50x40 m að flatarmáli og sneri norður-suður. Vegna rasks sjást ekki lengur leifar af garðlögum til suðausturs eða suðvesturs, en skýrt garðlag er ennþá (2026) meðfram tjörninni vestanverðri. Garðlagið er grasi- og mosagróið og er líklega grjót- og torfhlaðið. Garðlagið er um 35 m á lengd, 0,3-0,6 m á hæð og snýr norður-suður. Ekkert sést til hleðsla vegna gróðurs og þær eru líklega signar.

Almennt hættumat: hætta, vegna rasks

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framhvæmda

Heimildir: Ö-Reykhólar aths, 3; Þjóðólfur 21.2.1896, 36; ÞÞ 10472; SSV, 56; Óskar Leifur Arnarsson 2014, nr. 13:1; AMS44_2-1_008

BA-029:044 *Fjóslaug* heimild, vatnsból X: 351409, Y: 553842

Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir: „[...] herra Thoroddsen, […] færði fjósið [010] í útnorðurjaðar túnsins og byggði stóra heyhlöðu við. Þar, rétt fyrir fjósdyrum, er ylvolg laug, í hverri nautpeningi er nú vatnað hversu sem viðrar.“ „Fjóslaug er kölluð Heimalaug; úr henni fæst hitinn í Tómasarhús,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá Reykhóla. Samkvæmt Tómasi Sigurgeirssyni, heimildarmanni, var þvottur einnig þveginn í lauginni. Laugin er merkt á kort í Hverum á Íslandi. Örnefnaskrá segir Fjóslaug norðaustan bæjar, en allar aðrar heimildir staðsetja hana norðvestan bæjar og var hún um 110 m norðvestur af bæ 001, vestan við fjós 010, fast suðvestan við þann stað þar sem nú stendur vörugeymsla við Vesturbraut 1.

Geymslan er timbur og bárujárnsklætt hús. Kringum húsið er malarplan en grasi vaxið fjær.

Ekki sjást merki um laugina á yfirborði og er þar nú malarplan. Tómas Sigurgeirsson sagðist hafa grafið laugina upp, en mokað yfir hana aftur. Rás hafði verið höggvin í klöppina út frá lauginni.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: SSV I, 60-61; Ö-Reykhóla, 3; Ö-Reykhóla viðb. og aths., 3; Hverir á Íslandi, 72

BA-029:045 heimild, útihús X: 351348, Y: 553564

Á ljósmynd frá 1945 sem varðveitt er á Þjóðminjasafni Íslands sést lítill kofi, um 15 m ASA við Hellisbraut 2, um 215 m suðvestur af bæ 001. Óljóst markar fyrir kofanum á loftmynd bandaríska hersins frá 1946.

Þar sem kofinn var er slétt grasflöt við Hellisbraut 2. Brekka er niður af svæðinu til suðurs.

Ekki sjást merki um kofann á yfirborði og hefur verið sléttað úr minjunum. Af ljósmynd að dæma var kofinn torfhlaðinn, einfaldur og lágreistur, með þil á SSV-hlið. Hlutverk kofans er ekki þekkt, en að öllum líkindum var um útihús af einhverju tagi að ræða.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Sarpur BB1-6889; AMS44_2-1_008

BA-029:046 heimild, útihús X: 351337, Y: 553625

Á ljósmynd frá 1945 sem varðveitt er á Þjóðminjasafni Íslands sést torfhús um 175 m suðvestur af bæ 001, norðvestan undir Hellishólum 058. Húsið sést einnig á loftmynd bandaríska hersins frá 1946. Leið 077 lá að húsinu.

Hellishóll er brattur klettahóll en norðan hans er slétt tún.

Ekki sjást merki um húsið á yfirborði og hefur verið sléttað úr minjunum. Af ljósmynd og loftmynd að dæma var húsið u.þ.b. 9 x 8 m að stærð (austur-vestur). Það hefur snúið stafni til norðurs en þil hefur einnig verið á efri hluta suðurhliðar. Hlutverk hússins er ekki þekkt, en að öllum líkindum var um útihús af einhverju tagi að ræða.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Sarpur BB1-6891; AMS44_2-1_008

BA-029:047 heimild, tún X: 351530, Y: 553712

Á loftmyndum bandaríska hersins frá 1946 sjást beðasléttur suðvestan undir bæjarhól 001.01, þar sem nú er Grunnskóli Reykhólahrepps

Malarplan er suðvestan og austan við Grunnskóla Reykhólahrepps en íþróttavöllur norðan við skólahúsin.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði. Á loftmyndum 1946 virðast beðaslétturnar hafa náð yfir svæði sem var um 60 x 60 m að stærð og sneru beðin norðaustur-suðvestur. Loftmyndirnar eru óskýrar, en teljanleg eru 5-6 beð.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: AMS44_2-1_008; AMS40_1-1_141

BA-029:048 heimild, tún X: 351490, Y: 553933

Á loftmyndum bandaríska hersins frá 1946 sjást beðasléttur fast norðan við bæjarhól 001.01 og kirkjugarð 002.02.

Þar sem beðaslétturnar voru eru að mestu slétt tún en Karlseyjarvegur liggur NNA-SSV um mitt svæðið og liggur vegur út frá honum til austurs að Dvalarheimilinu Barmahlíð en til vesturs liggur Vesturbraut. Trjám hefur verið plantað í stykki nyrst á því svæði sem beðaslétturnar náðu yfir.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur verið sléttað úr minjunum. Á loftmyndum 1946 virðast beðaslétturnar hafa náð yfir svæði sem var um 275 x 90 m að stærð (norður-suður) og sneru beðin austur- vestur. Loftmyndirnar eru óskýrar, en teljanleg eru a.m.k. 25 beð. Svæðið afmarkaðist af bæjarhól 001.01 og kirkjugarði 002.02 til suðurs og leið 008 til vesturs. Austurmörk svæðisins lágu út frá norðausturhorni kirkjugarðsins en norðurmörk



Reykhólar í ágúst 1946 (AMS40_1-1_141).



Reykhólar í september 1946 (AMS44_2-1_008).

þess voru u.þ.b. til móts við norðurmörk garðlags 016. Vestasti hluti garðlags 016, sem og hlutar túngarða 054 og 056 náðu inn á svæðið sem beðaslétturnar náðu yfir og er mögulegt að þeim hafi að hluta verið raskað þegar beðaslétturnar voru gerðar, en minjarnar eru þó greinilegar innan um beðaslétturnar á loftmyndunum.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: AMS44_2-1_008; AMS40_1-1_141

BA-029:053 heimild, kálgarður X: 351408, Y: 553683

Á ljósmynd frá 1945 sem varðveitt er á Þjóðminjasafni Íslands sést kálgarður í brekku um 80 m suðvestur af bæ 001.01. Afar óljóst mótar fyrir garðinum á loftmynd bandaríska hersins frá 1946 en hann sést skýrar á loftmynd frá 1959.

Kálgarðurinn var fast vestan við Karlseyjarveg. Þar hallar land niður til vesturs og er leiksvæði neðan brekkunnar. Trjám hefur verið plantað neðarlega í brekkuna.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur líklega verið sléttað úr garðinum áður en trjám var plantað á svæðinu. Af gömlum loftmyndum að dæma hefur garðurinn verið um 10 x 5 m að stærð (austur vestur). Á ljósmynd 1945 sést að lágur torfhlaðinn garður hefur afmarkað kálgarðinn. Beð í efri (eystri) helmingi garðsins sneru austur-vestur, en þau í neðri (vestri) helmingi norður-suður.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: AMS44_2-1_008; DMA14-02455; Sarpur BB1-6890

BA-029:054 *Maríutóttir* tóft, fjárhús X: 351566, Y: 553972

Um það bil 16 metrum norðan við Dvalarheimilið Barmahlíð á Reykhólum, um 250 m NNA af bæ 001, er tóft. Rannsókn fór fram á tóftinni árið 2016 og voru þrír könnunarskurðir grafnir. Tóftin er gróin og áberandi í túninu og er form hennar skýrt og sýnir þrískipt hús en fjórða og nyrsta húsið kom í ljós við könnunarskurð 1. Tóftin var heimsótt aftur 2026 og var lýsing hennar þá endurskoðuð.

Tóftin er á sléttri grasflöt norðan við Dvalarheimilið Barmahlíð. Fast suðvestan sýnilegra leifa tóftarinnar er Birnulundur, S laga hleðsla úr torfi og grjóti, og var norðvestari hluti hleðslunnar sem nú (2026) stendur hlaðinn eftir að rannsókn fór fram árið 2016. Sunnan Birnulundar er malbikað plan við Dvalarheimilið. Göngustígur liggur frá planinu að lundinum og áfram til

norðausturs og er hann um 3-6 m frá tóftinni.

Ekki sést á yfirborði hversu stór tóftin var upphaflega þar sem suðurhluti hennar er raskaður, þar er Birnulundur. Sýnilegar leifar hennar eru um 31 m á lengd og 9 m á breidd að utanmáli, og snýr hún NNA-SSV. Í tengslum við framkvæmdir sem fóru fram í umhverfi Dvalarheimilisins Barmahlíðar um 2016 voru gerð jarðvegsskipti við og í lundinum og lagður göngustígur við tóftina austanverða. Könnunarskurður 1 leiddi í ljós að tóftin er a.m.k. 32 metra löng.

Hús A er nyrst. Það er garðafjárhús um 8,6 x 3 metrar að innanmáli. Jata er í miðju og garðar sitthvoru megin við hana. Op er á húsinu nyrst á vesturvegg en á miðjum suðurvegg húss er A er innangengt í hús B. Hús B skiptist í tvö opin hólf sem eru svipuð að stærð eða um 2 metrar á lengd (norður-suður) og um 3 metra breitt að innanmáli. Samtals telst hús B vera um 5x3 m að innamáli. Hús C er suður af húsi B og er innangengt á milli þeirra. Hús þetta er raskað syðst en á yfirborði er lengd þess a.m.k. 6 metrar og breiddin 3 metrar.


Gróf möl var í kringum Birnulund árið 2016 og var húnað hluta yfir húsi C og alveg yfir húsi D, sem kom í ljós þegar könnunaskurður 1 var grafinn. Hús D er hér talið vera hlaða vegna lífrænna jarðlaga sem þar fundust og engin merki t.d. jötu sást. Ekki er vitað hvar skiptingin er á milli húss C og D, en hús D er a.m.k. 4,5 m. Ekki er vitað hver heildarlengd hússins var en lengd þess er a.m.k. 32 metrar frá húsi A í norðri og að minjum í skurði 1. Hæð veggja er mest um 0,4 metrar en hæð rústahólsins ásamt rústum um 1 metri.

Þegar fornleifaskráning fór fram árið 2016 voru framkvæmdir hafnar við Birnulund og göngustígur verið lagður við austurhlið tóftarinnar.

Tóftin sést óljóst á loftmynd bandaríska hersins frá 1946 og á yngri loftmyndum frá 20. öld í safni Náttúrufræðistofnunar (áður LMÍ). Hún sést einna skýrast á loftmynd LMÍ frá 1969 sem aðgengileg er í vefsjá Loftmynda ehf. Heildarlengd mannvirkisins sem sést á loftmyndunum er um 51 m og hefur syðsti hluti hennar verið u.þ.b. þar sem nú eru nyrðri mörk malbikaðs plans við Dvalarheimilið. Ekki er þó víst að öll lengjan hafi verið bygging undir þaki. Tóftin sjálf virðist hafa verið um 32,5 m á lengd en fast upp við suðvesturhlið hennar sjást hins vegar þrjú hólf, samtals um 18,5 m á lengd. Mögulega voru þau niðurgrafinn heygarður, þar sem ekki sjást skýr mörk útveggja.

Í niðurstöðum skýrslu um rannsókn á tóftinni árið 2016 segir: „Fjárhústóftirnar 054 norðan við Dvalarheimilið voru rannsakað[ar] nánar með könnunarskurðum en engir gripir komu í ljós sem sem hjálpa til við aldursgreiningu né nokkur eldsmerki sem gætu bent til að þarna hefði verið mannabústaður. Hús þessi eru ekki merkt inn á túnakort Reykhóla frá 1920 og Hjörtur Þórarinsson sem kom til Reykhóla 1939 heyrði talað um þessar tóftir sem Maríutóttir og hafði það eftir móður sinn, Steinunni Hjálmarsdóttur sem fyrst kom til Reykhóla árið





Maríutóttir 054, horft til suðurs á ljósmynd.


1920. Ekki heyrði hann frekari sagnir um tóft þessa. Af þessu má ráða að útihúsin hafi verið fallin úr notkun áður en túnakortið var gert 1920 og því ekki mælt þar inn. Hinsvegar er til lýsing Bjarna Þórðarsonar bónda á Reykhólum frá 1905 á jörðinni. Þar segir hann frá hlunnindum og afar reisulegum húsakosti þ.m.t. þremur heyhlöðum á jörðinni en staðsetur þær ekki […]. Tóftin er mjög skýr og byggingarlagið þekkt á garðafjárhúsum frá 19. og 20. öld. Þá er lýsing Bjarna á útihúsum sínum mjög lík því sem lag tóftarinnar sýnir, mörg hús sambyggð. Að líkindum er þetta mannvirki frá búskapartíð Bjarna Þórðarsonar sem bjó á Reykhólum á árunum 1869-1899 og rak þar geysistórt bú.“

Sé hér um að ræða eina af þeim hlöðum sem Bjarni Þórðarson byggði er líklegt að tóftin sé af þeirri þriðju sem hann nefnir, þar sem staðsetja má hinar tvær sunnan bæjar út frá gömlum teikningum, sjá nr. 001.04, 006.01 og 006.02. Bjarni lýsti þeirri hlöðu svo: „Þriðja hlaðan er 13 al. löng, 7 al. breið, 5 al. á hæð undir bita, en 81/2 al. upp í mæni; við hana eru tvö fjárhús, sem taka 100 fjár.“ Ekki er hægt að segja með fullri vissu að Maríutættur séu umrædd hlaða, en sé svo ekki er staðsetning hennar týnd.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Guðrún Alda Gísladóttir 2016, 17, 25-26; Lýsing á jörðinni Reykhólum 1905, 13



Maríutóttir 054 og garðlög 016, 055 og 056 á loftmynd LMÍ frá 1969.

BA-029:055 garðlag, túngarður X: 351553, Y: 553980

Um það bil 50 metra norðvestur af Dvalarheimilinu Barmahlíð, um 250 m norður af bæ 001, er garðlag eða hryggur sem liggur út frá tóft BA-029:054. Garðlagið var fyrst skráð árið 2016, þá sem þúst, en staðurinn var heimsóttur aftur 2026 og var lýsing þá endurskoðuð.

Garðlagið er á sléttri grasflöt norðan við Dvalarheimilið Barmahlíð. Karlseyjarvegur afmarkar flötina til vesturs en Hellisbraut til austurs. Göngustígar eru meðfram báðum vegunum. Íbúðarhús standa austan Hellisbrautar. Garðlag 056 liggur samhliða garðlagi 055 um 10 m norðar.

Á gömlum loftmyndum sést að garðlagið hefur verið mun lengra en sýnilegar leifar þess ná nú (2026) og hefur stærstur hluti þess verið sléttaður. Greinilegar leifar garðlagsins eru á svæðinu vestan tóftar 054 og austan Karlseyjarvegar. Það er um 31,5 m á lengd og 5 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Garðlagið er fremur áberandi í landslaginu og er u.þ.b. 20-30 cm á hæð.

Óljóst markar fyrir garðlaginu á loftmynd bandaríska hersins frá 1946 en það sést einna skýrast á loftmynd Landmælinga Íslands frá 1969 sem aðgengileg er í vefsjá Loftmynda ehf. Á loftmyndunum má rekja garðlagið í boga frá austri til vesturs og er garðlagið sem sýnilegt er á yfirborði aðeins lítill hluti af norðurhlið þess. Suðausturendi garðlagsins virðist hafa

verið um 15 m norðan við Hellisbraut 48. Þaðan lá garðlagið í sveig til norðvesturs að Karlseyjarvegi, um 160 m, en tóft 054 hefur verið byggð ofan á garðlagið. Þá hverfur garðlagið á kafla en sést aftur á loftmyndum fast vestan Karlseyjarvegar og liggur þaðan um 105 m til suðvesturs en fjarar út um 35 m norðan við Vesturbraut.



Garðlag 055 með garðlag 056 í bakgrunni, horft til NNV.

Að öllum líkindum er hér um túngarð að ræða og hefur garðurinn verið tvöfaldur, saman með garðlagi 056. Svæðið sem garðlögin afmarka er mun minna en túnið sem sýnt er á túnakorti 1920. Túnið hefur líklega verið aukið út til norðurs, en í örnefnaskrá er túnið norður af kirkjugarðinum nefnt Bogavöllur, en stykkið þar norður af Nýivöllur.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reykhóla, 1; AMS44_2-1_008; Loftmyndir ehf; Guðrún Alda Gísladóttir 2016, 24

BA-029:056 garðlag, túngarður

X: 351559, Y: 553991

Um það bil 60 metra norðvestur af Dvalarheimilinu Barmahlíð, um 260 m norður af bæ 001, er garðlag sem liggur út frá tóft BA-029:054. Garðlagið var fyrst skráð árið 2016 en staðurinn var heimsóttur aftur 2026 og var lýsing þá endurskoðuð.



Garðlag 056 með garðlag 055 og Maríutóttir 054 í bakgrunni, horft til SSA.

Garðlagið er á sléttri grasflöt norðan við Dvalarheimilið Barmahlíð. Karlseyjarvegur afmarkar flötina til vesturs en Hellisbraut til austurs. Göngustígar eru meðfram báðum vegunum. Íbúðarhús standa austan Hellisbrautar. Garðlag 055 liggur samhliða garðlagi 056 um 10 m sunnar.

Á gömlum loftmyndum sést að garðlagið hefur verið mun lengra en sýnilegar leifar þess ná

nú (2026) og hefur stærstur hluti þess verið sléttaður. Greinilegar leifar garðlagsins eru á svæðinu vestan tóftar 054 og austan Karlseyjarvegar. Það er áberandi í landslaginu þó það sé mjög sigið, um það bil 10-20 cm á hæð og breidd þess er um 3,5 metrar. Lengd garðlagsins er um 31,5 metrar en það virðist ekki ná alveg að Karlseyjarvegi og engin merki þess sjást vestan vegarins né austan fjárhústóftar. Hjörtur Þórarinsson (f.1927) man eftir garðlaginu og öðru til sem gæti verið garðlag 055 og þá einnig hringlaga túngarði eða tóft 016 norðar. Þess sjást ekki merki á svæðinu núna. Tómas Sigurgeirsson bóndi á Mávavatni (f. 1956) hafði eftir ömmu sinni Steinunni (móður Hjartar) sem fyrst kom til Reykhóla 1920 að glímt hefði verið norðan við garð þennan og að annað garðlag 016 hefði verið norðar.

Óljóst markar fyrir garðlaginu á loftmynd bandaríska hersins frá 1946 en það sést einna skýrast á loftmynd Landmælinga Íslands frá 1969 sem aðgengileg er í vefsjá Loftmynda ehf. Á loftmyndunum má rekja garðlagið í sveig frá suðaustri til norðvesturs og er garðlagið sem sýnilegt er á yfirborði aðeins lítill partur af norðurhluta þess. Suðausturendi þess virðist hafa verið um 20 m SSA við Hellisbraut 48. Þaðan lá garðlagið í sveig að Karlseyjarvegi, alls um 226 m leið. Ólíkt garðlagi 055 sjást ekki merki um garðlagið vestan Karlseyjarvegs á gömlum loftmyndum.

Að öllum líkindum er hér um túngarð að ræða og hefur túngarðurinn þá verið tvöfaldur (sjá einnig garðlag 055). Svæðið sem garðlögin afmarka er mun minna en túnið sem sýnt er á túnakorti 1920. Túnið hefur líklega verið aukið út til norðurs, en í örnefnaskrá er túnið norður af kirkjugarðinum nefnt Bogavöllur, en stykkið þar norður af Nýivöllur.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reykhóla, 1; AMS44_2-1_008; Loftmyndir ehf

BA-029:057 heimild, túngarður X: 351585, Y: 553736

Túngarður er merktur umhverfis tún Reykhóla á túnakorti frá 1920. Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „Mannvirki og umbætur á síðustu 10. árum. 1. Girðing um tún og grashverfi um 2300 metra vírgirðing með undirhleðslu í góðu standi."

Gamla heimatún Reykhóla er að miklu leyti komið undir þéttbýli. Karlseyjarvegur liggur NNV-SSA u.þ.b. í gegnum mitt gamla túnið og eru enn túnstykki vestan hans að hluta. Vesturmörk túnsins eins og það er teiknað á túnakorti voru mest um 155 m vestan vegarins en eystri mörk náðu um 280 m austan hans. Norðurmörk túnsins voru u.þ.b. þar sem nú stendur Hólabúð (Hellisbraut 72) en syðsti oddi við Reykjabraut 11.

Ekki sjást merki um túngarðinn á yfirborði þar sem sléttað hefur verið úr minjunum og þær

farið undir ýmiss konar mannvirki. Austurmörk túns 1920 voru að hluta á sama stað og garðlög 055 og 016 sjást á gömlum loftmyndum.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920; Fasteignamat (1916–1918): Austur-Barðastrandarsýsla – Undirmat, 44

BA-029:058 *Hellishólar* þjóðsaga, huldufólksbústaður X: 351356, Y: 553600

Í svörum Hjartar Þórarinssonar við spurningum Þjóðháttasafns segir: „Álagasvæði: Hellishólar s-v frá kirkjunni. Síðasti íbúi Reykhólabæjarins, Sigurrós Jónatansdóttir, bað okkur fyrir alla muni að slá ekki of hátt upp í norðurbrekkur Hellsihólanna [svo], slíkt væri ónærgætni gagnvart ábúðarrétti íbúanna þar. Engin viðurlög nefndi hún, ef brugðið yrði út frá þessum tilmælum, enda reyndi aldrei á það.“



Hellishólar 058, horft til NNA.

Hellishólar eru um 180 m suðvestur af bæ 001.01.

Karlseyjarvegur liggur NNA-SSV aust-an hólanna. Til norðurs er slétt tún og leikvöllur, en íbúðarhús við Hellisbraut 2 og 4 eru sunnan undir hólunum.

Hellishólar eru um 50 x 30 m að stærð (austur-vestur). Hólarnir eru að mestu grasi grónir en upp úr þeim standa tvær klettastrýtur. Á eystri klettinn hefur verið reist útsýnisskífa og er troðningur upp hólinn úr norðri.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: ÞÞ 10472

BA-029:059 *Péturströð* heimild, traðir

„Vestur af Austurgörðum [BA-031:001] er Rauðsteigur [...] Vestur af Rauðstegi [svo] eru Sauðhúsmóar og Péturströð,“ segir í örnefnaskrá.

„Fjósakot á […] uppi kveralækjagötu [svo, BA-032:003] og upp eptir henni, uppað Pjetursströð […],“ segir í landamerkjabréfi Reykhóla frá 1884.

Ekki er vitað hvar Péturströð var, og könnuðust Björn Samúelsson og Guðmundur Ólafsson, heimildarmenn, ekki við örnefnið. Miðað við lýsingu er hugsanlegt að tröðin sé sama og leið 077 sem sést á loftmynd 1946, en vestari endi hennar er ekki langt frá Pétursthver 062.

Heimildir: Ö-Reykhólar, 1; Landamerkjabók (1883–1960) Barðastrandarsýsla, nr. 77

BA-029:061 *Kraflandi* hver, vatnsból X: 351282, Y: 553576

„Norðanvert við Hellishólana, í túnjaðrinum, eru aðalhverirnir: Kraflandi, norður af honum er Gullhver, Pétursthver [061] og Runkhúsakver [svo], flestir við 90° heitir, Kraflandi heitastur, 97°,“ segir í örnefnaskrá.



Kraflandi 061, horft til ANA.

„Stærsti hverinn heitir Kraflandi. Í kringum hann er kringlótt skál, aðeins 2 fet í þvermál. Við og við þeytist vatnið 4 fet upp í loftið með óviðfelldnum, dimmum þyt. Áður gaus hann hærra, en grjóti hefir verið kasta í uppgönguaugu hans, svo að hægt væri að sjóða í honum. Við það hefur gosmáttur hans þorrið. Nú er alls kyns matur, ket, fiskur og kræklingur soðinn þar þannig, að pottur er settur yfir hverinn, og soðnar maturinn í honum á mjög stuttum tíma og verður miklu meyrari en við venjulega eldhússuðu. Mjólk fær sætukeim, en verður væmin á bragðið. Gos í Kraflanda standa í 4-5 mínútur, en síðan er hann kyrr í jafnlanga hríð,” segir í Ferðabók Eggerts og Bjarna. Þegar Þorvaldur Thoroddsen heimsótti Reykhóla um 130 árum síðar, árið 1886, var Kraflandi þó hættur að gjósa: „Kraflandi er dálítill, reglulegur, kringlóttur bolli í fasta klöpp, tvö fet að þvermáli og tvö á dýpt, og gengur hola inn undir hólinn. Vatnið er síbullandi, en sýður þó ekki nema rétt upp á barmana.“

Í skráningu Magnúsar A. Sigurðssonar frá 2001 segir: „Kraflandi er vel sýnilegur en ílla farinn. Hinu og þessu hefur verið dreift yfir hann til að koma í veg fyrir að fólk slasi sig í honum. Það þyrfti að hreinsa hann og gera aðrar öryggisráðstafanir sem fyrst.“

Kraflandi er um 240 m suðvestur af bæ 001 og um 45 m vestur af Hellisbraut 2.

Grasi gróið er umhverfis hverinn. Hann er í brekkurótum og hallar land upp til austurs. Búið

er að planta grenitrjám í brekkuna en þau eru flest undir 50 cm á hæð. Um 8 m norðan við Kraflanda er annar minni hver 062.

Grjótdreif er við Kraflanda á svæði sem er um 4,5 x 2,5 m að stærð (austur-vestur). Þar hefur einnig verið hent tveimur pottjárnsofnum. Rás hefur verið grafin til suðvesturs frá hvernum og er leiðsla ofan í henni. Önnur minni leiðsla liggur ofan jarðar til SSV frá hvernum og að steyptu mannvirki. Stika er við hverinn, merkt „80-100 °C“.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reykhólar, 3; FEB, 264-265; FÞT II, 49; Magnús A Sigurðsson 2001, 13

BA-029:062 *Péturshver* hver, vatnsból X: 351285, Y: 553585



Péturshver 062, horft til VSV.

„Norðanvert við Hellsihólana, í túnjaðrinum, eru aðalhverirnir: Kraflandi [060], norður af honum er Gullhver, Péturshver og Runkhúsakver [svo], flestir við 90° heitir, Kraflandi heitastur, 97°,“ segir í örnefnaskrá. „Þekkir ekki nafnið Péturshver. Er e.t.v. litla augað norðan við Kraflanda. Þar var bakað brauð áður. […] Litli hverinn var sameinaður Runkhúsahver vegna hitans í læknishúsið; aðeins 2-3 fet voru milli þeirra,“ segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Lítil heit uppspretta er um 8 m norðan við Kraflanda 061, um 240 m suðvestur af bæ 001.

Grasi gróið er umhverfis hverinn. Hann er í brekkurótum og hallar land upp til austurs. Búið er að planta grenitrjám í brekkuna en þau eru flest undir 50 cm á hæð. Stærri hver, Kraflandi 061, er um 8 m sunnar.

Hverinn er um 20 cm í þvermál. Vatn rennur úr honum til vesturs, niður brekkuna. Ekki eru skýr mannaverk í kringum hverinn.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reykhólar, 3; Ö-Reykhólar aths, 3

BA-029:063 *Sjóargata* vegur, leið X: 351298, Y: 553008



Sjóargata 063, horft til suðurs.

„Fjósakot á úr áður nefndum langavatnsenda út með vatninu, út í sjóargötu og þaðan upp i kveralækjagötu [BA-032:003] […],“ segir í landamerkjabréfi Reykhóla frá 1884. Í fasteignamati 1916-1918 segir: „Mannvirki og umbætur á síðustu 10 árum. […] Búið að gera akfæran veg ofan að sjónum, og fullgert hér um 500 metra.“ Óskar Leifur Arnarsson skráði árið 2008 leið „Frá vesturenda Langavatns í norðvestri til Sjávarhúsa í suðaustri. Liggur eftir holtum og yfir mýrar og votlendi. […] Rúmlega 1 km langur vegslóði. Í norðvestri liggur vegurinn í stefnu á Suðurbraut við vesturenda Langavatns. Liggur svo til suðausturs yfir á Langavatnsholt og þræðir holt og mýrar niður að Neðravatni. Áður en bílvegurinn kom, var opið á milli Neðravatns og Steinatjarnar en smá klettahólmi þar sem vegurinn liggur nú vestan við.“ Stuttur kafli af umræddum slóða eða götu sést í dag (2026) um 750 m SSV við bæ 001 og um 40 m vestan við Langavatn.

Á þessu svæði er þýft graslendi fast vestan Karlseyjarvegar.

Samkvæmt heimildamanni, Tómasi Sigurgeirssyni, var rétt eftir aldamótin gerður kerruslóði á þessum stað. Ekki er ljóst hvort vegurinn var lagður á sama stað og eldri gatan sem nefnd er í landamerkjabréfi 1884. Frá bæ 001 vestur fyrir Langavatn var leiðin um 865 m löng. Mestur hluti upprunalega kerruslóðans er horfinn vegna vegbóta á 20. öld. Líklega má þó enn þá sjá votta fyrir honum á um 95 m löngum kafla vestan Langavatns, fast vestan við Karlseyjarveg. Þar er gatan grasigróin, 2-3 m á breidd og 0,2-0,4 m djúp, áður en hún hverfur undir Karlseyjarveg í suðri. Í norðri hverfur slóðinn undir Suðurbraut.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Landamerkjabók (1883–1960) Barðastrandarsýsla, nr. 77; Fasteignamat (1916–1918): Austur-Barðastrandarsýsla – Undirmat, 44; Óskar Leifur Arnarsson 2014

BA-029:064 *Gata* heimild, bústaður X: 351602, Y: 554071

Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir: „Hér að auki hafa aðrar fjórar hjáleigur til forna legið undir Reykhóla, Titlingastaðir [024] í svo kölluðu Titlingastaðanesi, nærri niður við sjó. Hin þrjú hafa verið rétt við hólinn, Kaldrani [022] að útnorðan og tvennar Götutóttir [031 og 064] að norðanverðu. Fyrir tóttunum sést enn nú merki.“

Á þessu svæði er slétt túnstykki suðaustan við Hólabúð. Upphlaðið malarplan er kringum búðina, 1-1,5 m hátt. Hellisbraut afmarkar stykkið til suðvesturs og hefur stæði með hleðslustöð verið gert vestast á stykkinu. Til suðurs eru íbúðarhús við Hellisbraut en skurður afmarkar stykkið til austurs.

Nákvæm staðsetning Götutótta innan svæðisins er ekki þekkt. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur verið sléttað úr minjunum fyrir árið 1946 af loftmyndum bandaríska hersins að dæma.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: SSV I, 55-56; SSV I, 56; Herforingjaráðskort 23 SA; AMS44_2-1_008

BA-029:065 sögustaður, legstaður X: 351505, Y: 553846

Í Sturlunga sögu segir: „Kolbeinn var í stofu þá er Tumi kom heim. Gekk hann þá út til kirkjugarðsins. Tumi settist upp ok bað sér griða […]. Kolbeinn gekk þá frá ok kvaddi til Þórarin grautnef at vega at honum. Tumi kastaði sér niðr áður en hann var veginn.“



Meintur legstaður Tuma Sighvatssonar 065, horft til suðausturs.

Í svörum Hjartar Þórarinssonar við spurningum Þjóðháttasafns segir: „Legstaður? Tuma Sighvatssonar Munnmæli fylgdu Reykhólum að legsteinn Tuma væri norðan við kirkjugarðinn. Árið 1988 staðsetti undirritaður þessi munnmæli á þann veg og kostaði þau, að útbúin var járnplata og hún greypt í steininn. Á plötunni stendur: Tumi Sighvatsson 1244 “sagður liggja hér”“

Í skráningu Magnúsar A. Sigurðssonar frá 2001 segir: „Rétt norðan við kirkjugarðinn er þýflendi sem er líklega dánarstaður Tuma Sighvatssonar yngri. Samkvæmt Sturlungu var Tumi

veginn við kirkjugarðinn á Reykhólum árið 1244 og er sagður liggja þar undir ákveðnum steini. Að frumkvæði heimamanna var settur minningarskjöldur á steininn.“ Minningarsteinn Tuma Sighvatssonar er um 110 m NNA við Reykhólakirkju 002.01 og um 10 m norðan við norðausturhorn kirkjugarðsveggjarins 002.02.

Á þessum stað er sléttað graslendi.

Steinninn er grasi- og mosagróinn og merktur með málmskildi að norðvestanverðu. Steinninn stendur aðeins um 0,5 m uppúr graslendinu. Samkvæmt yfirborðsummerkjum er hann um 2x1,5 m utanmál en vel getur verið að steinninn sé hluti af stærri kletti sem nær dýpra. Ekkert sést til fornleifa.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: ÍF XXI, 455-456; ÞÞ 10472; Magnús A Sigurðsson 2001, 23.

BA-029:066 *Mylluholt* heimild, mylla X: 351446, Y: 553182

Í lýsingu Bjarna Þórðarsonar á Reykhólum frá 1905 segir: „Við túnið rennur lítil á; þar er nú vatnsmyllna.“

Í svörum Hjartar Þórarinssonar við spurningum Þjóðháttasafns segir: „Myllutóft við hveralæk, Myllulækinn, sem rennur niður í Langavatnið, vestan við Mylluholtið.“

Óskar Leifur Arnarsson skráði heimild um myllu „Við Hveralæki við norðvestur enda Langavatns, um 100 m norðvestan við vatnið. […] Þessar fornleifar fundust ekki við fornleifaskráningu. Höfundi [sic] fékk upplýsingar frá Hirti Þórarinssyni um að þarna hefði verið myllurúst þegar skýrsluvinnu var að ljúka. Höfundur hafði einnig samband við Erling Jónsson og hann taldi að þarna við lítið holt væri eða hefði verið einhver hleðsla, hugsanlega aðhald.

Tómas Sigurgeirsson hafði einnig heyrt um þetta og einnig að holtið hefði verið kallað Mylluholt af ömmu sinni. Hann sagði að þarna væri búið að grafa Hveralækina í skurð og breyta stefnu þeirra og vissi ekki hvort að nokkuð væri enn sýnilegt af rústinni.“ Mylluholt er um 600 m beint suður af bæ 001 og um 150 m ofan og norðan við Langavatn.

Mylluholt er í laginu eins og 8, um 120x50 m að flatarmáli, 1-3 m á hæð og snýr austur-vestur. Vestan holtsins er skurðurinn sem Hveralækirnir voru sameinaðir í (sjá einnig BA-032:002). Uppmokstur er meðfram skurðinum suðvestanverðum. Vestan skurðarins er annað minna holt, náttúrulegt grjótholt sem er mosa- og grasigróið, um 25x15 m að flatarmáli, 0,5-1 m á hæð og snýr gróflega austur-vestur. Holtið er illa niðurtroðið vegna hestabeitar. Hugsanlega eru leifar af hleðslum undir gamla girðingu fast norðan við holtið. Fast austan við holtið er

lítil tjörn sem líklega hefur verið grafin eftir 1990 og er þar lítill kofi fyrir alifugla.

Ekkert sést til fornleifa á svæðinu. Vegna rasks á 20. og 21. öld er líklegt að tóft myllunnar sé horfin, að minnsta kosti af yfirborði. Ekki er vitað hvort myllan var á austur- eða vesturbakka skurðarins.

Almennt hættumat: hætta, vegna rasks

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Lýsing á jörðinni Reykhólum 1905, 14; ÞÞ 10472; Óskar Leifur Arnarsson 2014, nr. 27:1

BA-029:067 *Eggjahver* heimild, vatnsból X: 351320, Y: 553351

„Auk þessara hvera sem Þorvaldur [Thoroddsen] telur, voru mér sögð þessi nöfn sem sum geta verið samheiti: […] Eggjahver, suður af nr. 80 [Kúatjörn],“ segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum við örnefnaskrá segir: „Eggjahver er kringlótt hola skammt fyrir austan veginn að sjó [063], fyrir neðan túngarð = Fríður (sbr. Pétur á Stökkum)?“

Í Barðstrendingabók skrifar Pétur Jónsson frá Stökkum: „Þar sem hveralækir þessir falla til sjávar, er lítill hver í sléttri klöpp, 30-40 cm. breiður. Í honum bullar og sýður sí og æ. Þessi litli hver kallast Fríður. Í honum hafa börn og unglingar oft soðið egg, er þau fundu í smalaferðum á vorin. Fullorðnir áttu og oft erindi þangað með egg fyrr á árum.“

Eggjahver er merktur kortasjá Orkustofnunar (undir Jarðhiti á yfirborði) og segir þar í athugasemd að hverinn sé „milli Suðurhrauns 1 og 2, um 40 m SV við holu RA-02.“ Suðurhraun er líklega misritun fyrir Suðurbraut. Hverinn var um 420 m SSV af bæ 001.02. Orkustofnun staðsetur hverinn skammt vestan við Sjávargötuna 063, sem lá á svipuðum slóðum og Suðurbraut, ólíkt athugasemdum við örnefnaskrá, sem segir Eggjahver austan vegar.

Suðurbraut liggur norður-suður, um 45 m vestan Karlseyjarvegar. Suðurbraut 1 er austan vegarins en Suðurbraut 2 vestan hans og er hvort tveggja iðnaðarhúsnæði. Malarplan er umhverfis húsin.

Ekki sjást merki um Eggjahver á yfirborði. Samkvæmt Tómasi Sigurgeirssyni, heimildarmanni, er búið að steypa yfir hverinn.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Reykhóla, 3; Ö-Reykhóla viðb. og aths, 3; Barðstrendingabók, 28; Orkustofnun kortasjá

BA-029:068 heimild, útihús X: 351259, Y: 553554

Samkvæmt Tómasi Sigurgeirssyni, heimildarmanni, var kofi þar sem nú er rotþró, um 280 m suðvestur af bæ 001.02 og um 40 m norðvestur af íbúðarhúsinu Görðum. Tómas vissi ekki til hvers kofinn hefði verið notaður, en sagði ljósmynd til þar sem verið væri að mjólka kú við kofann.

Þar sem kofinn var er slétt grasflöt en loftunarstútar rotþróarinnar standa upp úr jörðinni. Búið er að planta trjáhríslum kringum rotþróna.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði. Engin bygging sést á þessu svæði á loftmynd bandaríska hersins frá 1946 og hefur líklega verið sléttað úr minjunum fyrir þann tíma.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: AMS44_2-1_008

BA-029:069 heimild, kálgarður X: 351312, Y: 553536

Gerði, líklega kálgarður, varum 250 m suðvestur af bæ 001, neðan við Hellisbraut 2. Gerðið sést á ljósmynd frá 1945 sem varðveitt er á Þjóðminjasafni Íslands og á loftmynd bandaríska hersins frá 1946.

Þar sem gerðið var er grasi gróinn brekka í halla til suðurs. Í brekkurótum er íbúðarhús, Garður. Vegur liggur austur-vestur sunnan við íbúðarhúsið. Brekkan neðan við Hellisbraut 2 er að mestu slegin, en sinuvaxið er austar, neðan við Hellisbraut 4.

Ekki sjást merki um gerðið á yfirborði. Sléttað hefur verið úr minjunum og íbúðarhús byggt þar sem syðri hluti þess var. Af loftmynd 1946 að dæma var gerðið trapísulaga, um 65 m á lengd NNA-SSV og var nyrðri skammhlið um 18 m löng en sú syðri um 42 m. Um 26 m frá syðri enda var þvergarður sem skipti gerðinu í tvennt. Gerðið var torfhlaðið af ljósmynd 1945 að dæma og virðast með hafa verið í syðra hólfi gerðisins en ekki sést skýrt á myndinni til hvers nyrðra hólfið var nýtt.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta


Heimildir: Sarpur BB1-6889; AMS44_2-1_008

BA-029:070 gerði, kálgarður X: 351287, Y: 553628

Kálgarður er um 210 m suðvestur af bæ 001 og um 60 m norðvestur af Hellisbraut 2. Kálgarðurinn sést á loftmynd bandaríska hersins frá 1946. Samkvæmt Tómasi Sigurgeirssyni, heimildarmanni, var garðurinn þarna þegar amma hans kom til Reykhóla um 1920.

Garðurinn er í brekku í halla til vesturs. Órækt er næst garðinum til vesturs og til suðurs, og hefur trjám verið plantað suðvestan kálgarðsins en annars eru tún umhverfis, afmörkuð skurðum.





Kálgarður 070, horft til norðvesturs á ljósmynd.

Kálgarðurinn er alls um 18 x 14 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er tvískiptur og er nyrðra hólfið um 11,5 x 7,5 m að innanmáli en það syðra um 11,5 x 4 m. Garðurinn er grasi gróinn og sinuvaxinn. Hann er að hluta grafinn inn í brekkuna og er ytra byrði ekki skýrt á norður og austurhliðum. Hæð veggja er annars 30-70 cm. Norður- og vesturhliðar syðra hólfsins eru að hluta raskaðar og er ekki skýrt hvort um op eða rof sé að ræða, en syðra hólfið er opið til vesturs. Á loftmynd 1946 virðast garðhleðslur þó hafa markað allar hliðar. Inni í kálgarðinum er að mestu grasi gróið nema í hluta syðra hólfsins og vex þar rabarbari.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: AMS44_2-1_008

BA-029:071 heimild, óþekkt X: 351501, Y: 554128

Á loftmynd bandaríska hersins frá 1946 virðist mögulega marka fyrir tóft um 390 m norður af bæ 001. Guðmundur Ólafsson og Björn Samúelsson mundu ekki eftir minjum á þessum stað.

Svæðið er slétt tún, í rækt, vestan við Karlseyjarveg.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði. Hin meinta tóft virðist hringlaga á loftmynd 1946, um 15 m í þvermál. Hún er rétt utan túns eins og það er teiknað 1920 en var innan garðs 1946. Á loftmynd 1959 hefur svæðið verið sléttað og sjást engin merki um tóft. Ekki er öruggt að um mannvirki sé að ræða en því er leyft að njóta vafans.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: AMS44_2-1_008; DMA14-02455

BA-029:072 varða, óþekkt X: 350848, Y: 551283

Stæðileg varða er í norðvesturenda Karlseyjar um 2,5 km SSV við bæ 001.



Varða 072, horft til VSV.

Varðan stendur í brún grasi- og mosagróins klettarana sem er um 3-4 m á hæð og snýr austur-vestur.

Varðan er ólöguleg grjóthrúga, sem er um 1,3x1,2 m að flatarmáli með gróflega hringlaga grunnflöt. Varðan er í botninn gróin grasi- og mosa og á grjóti eru appelsínugular skófir. Varðan er sigin, um 0,8 m á hæð og hægt er að telja 3-5 umför. Hugsanlega hefur hleðslan skemmd þegar sprengt var fyrir grunni Þörungaverksmiðjunnar. Hlutverk vörðunnar er óþekkt en huganlega gæti hún hafa þjónað sem mið. Einnig er hugsanlegt að um landmælingavörðu sé að ræða.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

BA-029:073 heimild, skipalægi X: 350875, Y: 551224

Samkvæmt Birni Samúelssyni heimildamanni var skipalægi suður fyrir Karlsey, um 3 km SSV

við bæ 001. Bátar lögðu að landi við suðvestanverða eyjuna.

Á þessu svæði er grýtt strandlengja, Þörungaverksmiðjan hf og steinsteyptar bryggjur í Reykhólahöfn.

Ekkert sést til fornleifa. Ekki er vitað hvort einhver ummerki um mannvirki sem tengdust löndun hafi áður verið í Karlsey þar sem Þörungaverksmiðjan tók yfir meirihluta eyjarinnar.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

BA-029:075 *Tröð* heimild, leið X: 351502, Y: 553563

Samkvæmt heimildamanni, Guðmundi Ólafssyni, lá gata heiman frá bæ til SSA niður í Grettislaug 014. Gatan var kölluð Tröð, sem Grettiströð og Hólatröð eru nefnd eftir. Sést hún óljóst á loftmynd af Reykhólum frá 1946.

Á þessu svæði eru íbúðarhús að Hólatröð 1-3, Hellisbraut 10-12 og Reykjabraut 9-11.

Ekkert sést til fornleifa. Leiðin var um 240 m löng frá bæ niður að Grettislaug.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

BA-029:076 heimild, reykhús X: 351643, Y: 553656

Samkvæmt Guðmundi Ólafssyni, heimildarmanni, var reykkofi á svæðinu þar sem nú standa íbúðarhús við Hellisbraut 24-30. Á loftmyndum bandaríska hersins frá 1946 og 1959 sést lítið hús standa um 200 m ASA af bæ 001, um 20 m austan við húsið Hellisbraut 24 sem nú (2026) stendur. Líklegt er að það sé húsið sem við er átt. Fjárhús 015.01 voru um 50 m norðvestar.

Austan við lóð Hellisbrautar 24 er auð lóð og sinuvaxið.

Ekki sjást skýr merki um fornleifar. Töluvert er um ójöfnur á svæðinu austan við Hellisbraut 24 en gróður gerir það að verkum að erfitt er að skera úr um með fullri vissu hvort mannvistarleifar séu greinilegar á yfirborði. Á loftmynd í safni Náttúrufræðistofnunar (áður LMÍ) frá árinu 1979 sést jafnframt að mikið jarðrask hefur orðið á svæðinu.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: AMS44_2-1_008; DMA14-02455; Loftmyndasjá LMÍ

BA-029:077 heimild, leið X: 351425, Y: 553626

Á loftmynd bandaríska hersins frá 1946 sést gata eða traðir, um 110 m suður af bæ. Gatan lá frá útihúsi 046 til ANA í átt að fjárhúsum 015.01.

Leiðin lá norðan undir Hellishólum og er þar nú gróinn slóði og slétt tún. Austan Hellishóla liggur Karlseyjarvegur NNA-SSV en austan hans er grasi vaxin brekka, í halla til suðurs. Upphlaðinn vegur er í brekkunni, skammt ofan við þann stað þar sem leiðin lá. Enn austar er Grunnskóli Reykhólahrepps og malarplan umhverfis hann.

Ekki sjást skýr merki um leiðina á yfirborði og hefur verið sléttað úr minjunum. Óljós merki virðast þó enn sjást um hana á loftmynd Loftmynda ehf frá 2025 í brekkunni austan Karlseyjarvegar.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: AMS44_2-1_008; Loftmyndir ehf

BA-029:078 heimild, túngarður X: 351532, Y: 553550

Óljósan túngarð má greina á loftmynd af Reykhólum frá árinu 1946. Túngarðurinn var utan heimatúns eins og það er teiknað á túnakorti 1920, á bilinu 150 m suðaustan til 300 m SSV við bæ 001.02 og um 65 m suðvestan við útihús 071.

Á þessu svæði eru nú íbúðarhús við Hellisbraut og Reykjabraut.

Garðlagið hefur verið að minnsta kosti um 400 m á lengd og legið u.þ.b. frá þeim stað þar sem nú er vegurinn Hellisbraut við hús 30. Þaðan lá garðlagið um 180 m til suðvesturs en breytti stefnu til vesturs u.þ.b. þar sem nú er Reykjabraut 9 og endaði líklega um 40 m suðaustan við íbúðarhúsið Garða. Ekkert sést til fornleifa nú (2026). Hugsanlega var þessi túngarður byggður þegar tún var stækkað til suðausturs eftir 1920.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: AMS44_2-1_008

BA-029:080 heimild, hesthús X: 351673, Y: 553785

Samkvæmt Guðmundi Ólafssyni, heimildarmanni, var hesthús þar sem nú er Hellisbraut 36. Á loftmynd bandaríska hersins frá 1946 sést hús fast norðan við lóð Hellisbrautar 36, innan lóðar Hellisbrautar 042, um 210 m austur af bæ 001.02.

Umhverfis Hellisbraut 42 er grasi vaxinn garður og er lóðin afmörkuð trjám og runnum.

Lítill kofi stendur í suðvesturhorni lóðarinnar, um það bil þar sem hús sést á loftmynd 1946.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur verið sléttað úr minjunum. Af loftmynd 1946 að dæma var húsið um 11 x 5 m að stærð og sneri austur-vestur.

Húsið er ekki merkt á túnakort frá 1920 og hefur líklega verið byggt eftir að kortið var gert. Á loftmynd hersins frá 1959 er húsið horfið en annað hús stendur um 20 m suðaustar, þar sem nú er garður Hellisbrautar 36 og má vera að það sé í raun hesthúsið sem Guðmundur nefndi, en það hús telst ekki enn til fornleifa.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: AMS44_2-1_008; DMA14-02455


BA-029:081 tóft, óþekkt X: 351209, Y: 553434

Tóft með samföstu gerði er um 430 m suðvestan við bæ 001 og um 55 m vestan við Kúatjörn 043.

Á þessu svæði er grasi- og mosagróin, þýfð og framræst, flatlend mýri.

Tóftin og gerðið eru samtengd, um 14x9 m að flatarmáli og snúa NNA-SSV. Tóftin er kassalaga, um 6x5 m að flatarmáli og snýr gróflega austur-vestur. Utanmál veggjanna er skýrast að vestan og austan en hleðslur eru mjög signar og inngangur fallinn saman. Líklega hefur verið gengið inn að norðanverðu. Ekki er hægt að greina umför vegna gróðurs. Veggir eru 1,5-3 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð. Innanmál er aðeins um 2x1 m. Gerðið er fast norðan við tóftina og hefur líklega verið innangengt í tóftina úr hólfinu. Útlínur þess eru mun skýrari að utan en innan. Veggir þess eru mun rýrari, um 0,5 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Gerðið er um 6,5x4 m að innanmáli og botn þess er þýfður. Hugsanlega hefur verið





Töft 081, horft til SSV á ljósmynd.

gengið inn að suðaustanverðu. Hlutverk mannvirkjanna er óþekkt en hugsanlega hefur verið hér útihús eða heystæði.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

BA-029:083 þúst, óþekkt X: 351484, Y: 553200

Óljós þúst er sunnan í Mylluholti um 540 m sunnan við bæjarhól 001, um 150 m norðan við Langavatn nyrðra og um 25 m ofan og norðaustan við Myllulæk.



Þúst 083, horft til VSV.

Mylluholt er í laginu eins og 8, um 120x50 m að flatarmáli, 1-3 m á hæð og snýr austur-vesturs. Holtið er rofið í kollinn en suðurhlið þess er vel grasigróin og þýfð og hallar skarpt til suðausturs. Fast suðaustan undir holtinu er framræst mýri.

Í suðvestanverðri efri brún holtsins er skýrt, grasigróið kassalaga horn í þúst í jaðri rofabarðsins í kolli þess. Þessi staður er mjög þýfður, grasigróinn og grænn. Hugsanlega er hægt að greina útlínur um 13x10 m hlaðins mannvirkis sem er <0,5-1 m á hæð og snýr gróflega austur-vestur. Ekki er útilokað að um grýtta náttúrumyndun sé að ræða en þar sem til eru heimildir um horfna myllu á holtinu (sjá 066) var þessu leyft að njóta vafans.

Almennt hættumat: hætta, vegna rofs

Tímabundið hættumat: engin hætta

BA-031 Austurgarður

1847: Dýrleiki óviss, hjáleiga Reykhóla BA-029. JJ, 176.

1703: Austurgarðar, hjáleiga í byggð samkvæmt Manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1710: „Austurgardar. Hjáleiga, í eyði síðan bóluna. Bygð austan til við staðartúnið [á Reykhóli BA-029:001] fyrir manna minni. Landskuld var venjulega xl álnir í landaurum til heimabóndans. Leigukúgildi voru ýmist ii eður iii. Leigur betöluðust í smjöri til heimabóndans. Fóðrast kunni ij kýr, og er það áður talið heimastaðnum.“ JÁM VI, 214.

Í grein eftir Lýð Björnsson í Árbók Barðastrandarsýslu segir: „Austurgarðar, Fjósakot [BA-033] og Runkahús [BA-032] byggðust aftur um 1750.“ Árbók Barðastrandarsýslu 2007, 35

1835: Austurgarðar, hjáleiga í byggð samkvæmt manntali.

1845: Einbýli í byggð. Manntal Vesturamts, 193.

Í Barðstrendingabók segir: „Austurgarður, austanvert í túngarðinum. [...] í ábúð fram yfir 1860.“ Barðstrendingabók, 27.

Í Skyggir skuld fyrir sjón Jóns Kr. Guðmundssonar segir: „Einar [Arnfinsson f. um 1650] er bóndi í Austgörðum 1703-1707. Síðan er ekki byggð þar fyrr en um 1750. [...] Magnús [Jóhannesson f. 1841] er bóndi í Austgörðum frá 1868-1870? eða lengur [1872?].“ SSFS I, 162-163.

Í grein eftir Ingibjörgu Þorgeirsdóttur í Árbók Barðastrandarsýslu frá 1951 segir: „Hafði hann [Bjarni Þórðarson bóndi á Reykhólum] því [um 1870] látið leggja í eyði Fjósakot [BA-033] og Austurgarða og brenna tóftirnar.“ Árbók Barðastrandarsýslu 1951, bls. 32-33.

Landkostir

Ekkert túnakort er til fyrir býlið.

BA-031:001 *Austurgarður* heimild, bústaður X: 351679, Y: 553759

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalins segir: „Austurgardar. Hjáleiga, í eyði síðan bóluna. Bygð austan til við staðartúnið [á Reykhólum BA-029:001] fyrir manna minni.“

Í Árbók Ferðafélags Íslands segir: „Auk Grundar voru þessar hjáleigur kringum Reykhóla: Austurgarðar, Runkahús, Fjósakot og Kaldrani. Allar nú horfnar.“

Í örnefnaskrá segir: „Túnið: [...] Austurgarðargrófa, Þar suður af er Austurgarðartún og Hvanngarðabrekka. Austurgarðar voru hjáleiga, nú lögð í eyði eins og aðrar hjáleigur sem lágu undir Reykhóla.“

Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir: „Í kringum höfuðbólið [029:001] liggja þrjár hjáleigur, rétt við túnið, Austurgarðar [031:001] og Fjósakot [033:001] að sunnan og Runkahús [032:001] að vestanverðu.“

Í Barðstrendingabók segir: „Austurgarður, austanvert í túngarðinum. [...] í ábúð fram yfir 1860.“

Austurgarður er merktur sem eyðibýli á herforingjaráðskort frá 1913, á svæði sem er um 210 m austur af bæ 001.02, þar sem nú er Hellisbraut 36.

Hellisbraut 36 er timburklætt einbýlishús og er skúr suðaustan við húsið. Slétt grasflöt er umhverfis íbúðarhúsið en trjám hefur verið plantað meðfram mörkum lóðarinnar.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur líklega verið sléttað úr minjunum áður en seinni tíma byggingar voru reistar á svæðinu. Á túnakorti frá 1920 er teiknað „útskot“ úr heimatúninu sem nær u.þ.b. yfir lóðir Hellisbrautar 36 og 38 auk syðri helmings Hellisbrautar 40 og 42. Er líklegt að það samsvari mörkum túns hjáleigunnar, en engar byggingar eru merktar á kortið á þessu svæði.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM VI, 214; ÁFÍ 1959, 40; Ö-Reykhóla, 1; SSV I, 55-56; Barðstrendingabók, 27; Herforingjaráðskort 23 SA

BA-031:002 *Austurgarðshola* heimild, brunnur X: 351632, Y: 553694

Í Barðstrendingabók segir: „Austurgarður, austanvert í túngarðinum. Þar nálægt er lítil brunnhola, Austurgarðshola. Var það eina kalda vatnsbólið á Reykhólum fyrrum.“ Nákvæm staðsetning brunnsins er ekki þekkt en Guðmundur Ólafsson, heimildarmaður, taldi brunninn hafa verið þar sem nú er lóð Hellsbrautar 30, um 170 m austur af bæ 001.02.

Hellisbraut 30 er einbýlishús á einni hæð og er slétt grasflöt umhverfis. Nokkrum tjrám hefur verið plantað nyrst og suðaustast á lóðinni.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Barðstrendingabók, 27

BA-032 Rúnkahús

1847: Dýrleiki óviss, hjáleiga Reykhóla BA-029. JJ, 176.

1703: Hjáleiga í byggð samkvæmt manntali.

1710: „Runkahus. Þriðja hjáleiga, í eyði nú og næstliðið ár. Bygð fyrir manna minni við heimatúnið niður frá staðnum. Byggingarkostir voru allir sömu og áður segir um hjáleiguna Grund [BA-030]. Fóðrast kunni i kúa þúngi, og er það áður talið heimastaðnum.“ JÁM VI, 214.

Í grein eftir Lýð Björnsson í Árbók Barðastrandarsýslu segir: „Austurgarðar [BA-031], Fjósakot [BA-033] og Runkahús byggðust aftur um 1750.“ Árbók Barðastrandarsýslu 2007, 35

1835: Hjáleiga í byggð samkvæmt manntali.

Í Barðstrendingabók segir: „Runkahús eru í vesturjaðri túnsins. Það kot var í ábúð fram undir síðustu aldamót [1900], […].“ Barðstrendingabók, 27.

Í Skyggir skuld fyrir sjón Jóns Kr. Guðmundssonar segir: „Þórður [Arason f. 1860] bjó í Runkhúsum frá 1899-1902.“ SSFS I, 162.

Í grein eftir Ingibjörgu Þorgeirsdóttur í Árbók Barðastrandarsýslu frá 1951 segir: „Af Runkhúsum (Runkabæ) sést mest eftir, þar sem gömlu skepnuhúsin þar, munu vera að einhverju leyti enn við lýði (1940); þau voru jöfnuð við jörðu 1950), enda fóru þau seinast í eyði af kotunum, ekki fyrr en um aldamótin 1900.“ Árbók Barðastrandarsýslu, 33.

Landkostir

Ekkert túnakort er til fyrir býlið.

BA-032:001 *Rúnkahús*

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „Runkahus. Þriðja hjáleiga, í eyði nú og næstliðið ár. Bygð fyrir manna minni við heimatúnið

niður frá staðnum.“

Í Árbók Ferðafélags Íslands segir: „Auk Grundar voru þessar hjáleigur kringum Reykhóla: Austurgarðar, Runkahús, Fjósakot og Kaldrani. Allar nú horfnar.“

Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir: „Í kringum höfuðbólið [029:001] liggja þrjár hjáleigur, rétt við túnið, Austurgarðar [031:001] og Fjósakot [033:001] að sunnan og Runkahús [032:001] að vestanverðu.“

Í grein eftir Pétur Jónsson frá Stökkum í Breiðfirðingi frá 1945 segir: „Vorið 1876 um sumarmálaleytið [...] átti [Pétur Jónsson] heima í koti þar í túnjaðrinum (Runkahúsum).“

Í Barðstrendingabók segir: „Runkahús eru í vesturjaðri túnsins. Það kot var í ábúð fram undir síðustu aldamót, [...].“

Í örnefnaskrá segir: „Suður frá bænum heita Suðurflatir. Fyrir norðan Hellishólana heita Runkahús, gömul hjáleiga, nú fjárhús [BA-029:005]; Þar heitir Rúnkhúsatún.“

Runkahús 01 er merkt sem eyðibýli á herforingjaráðskorti frá 1913, á svæði sem er um 150 m SSV af bæ 001. Nafn kotsins kemur ekki fyrir á útgefinni útgáfu kortsins, en er merkt inn á drög að kortinu. Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús 02 um á þessum stað. Á ljósmynd frá 1945 í Sarpi virðist tóft á þessum stað, mögulega nýtt til að setja upp hey, og sést hún einnig á loftmynd bandaríska hersins frá 1946.

Á þessu svæði er slétt grasflöt, leikvöllur, og er ærslabelgur um 10 m norðar. Trjám hefur verið plantað meðfram norður og austurjaðri leikvallarins. Til vesturs og suðvesturs eru tún.

Útihús 02 hefur líklega verið byggt á grunni Runkahúsa 01.

BA-032:001.01 *Rúnkahús* heimild, bústaður X: 351337, Y: 553656

Rúnkahús 01 voru líklega á sama stað og tóft sést á loftmynd 1946, í suðvesturhorni Runkhúsatúns, nú leikvallar.

Að mestu er búið að slétta úr svæðinu en greinileg er ferhyrnd dæld sem markar útlínur byggingar. Hún er þó líklega leifar yngri húsa á svæðinu, sjá 02.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

BA-032:001.02 dæld, útihús X: 351337, Y: 553653



Dæld 001.02, horft til norðvesturs.

Útihús 02 stóð í suðvesturhorni Runkhúsatúns, nú leikvallar.

Að mestu hefur verið sléttað úr minjum útihússins en þó er greinileg ferhyrnd dæld, um 6,5 x 3,5 m að stærð (NNA-SSV). Dældin er um 5-10 cm djúp, grasi gróin en á stöku stað glittir í grjót. Dældin er þó fast vestan við það svæði þar sem tóft sést á loftmynd 1945 og er einnig töluvert minni en húsið sem merkt er á túnakort en það hefur verið um 26 x 10 m að stærð (NNA-SSV). Samkvæmt Tómasi Sigurgeirssyni, heimildarmanni, stóðu húsin enn þegar amma hans kom um 1920. Grjót kom upp þegar stykkið vestan við minjarnar var sléttað.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM VI, 214; ÁFÍ 1959, 40; Ö-Reykhóla, 1; SSV I, 55-56; Breiðfirðingur 1945, 61; Barðstrendingabók, 27; Herforingjaráðskort 23 SA; Túnakort 1920; Sarpur BB1-6891; AMS44_2-1_008

BA-032:002 renna, áveita X: 351362, Y: 553247

„Rúnkahús eiga land innan þessara ummerkja sem hjer segjir […] þaðan bein sjónhendíng í miðja leirtjörn og úr henni eptir skurdínum i kveralækjagötu [svo, 003] og uppeptir henni i hæðsta hellírshóla […],” segir í landamerkjabréfi Reykhóla frá 1884. Nákvæm staðsetning umrædds skurðar er óljós en líklega hefur hann verið grafinn frá austurenda Leirtjarnar til suðausturs yfir mýrarnar, framhjá Mylluholti suðvestanverðu niður í nyrðra Langavatn. Skurðurinn sést óljóst á loftmynd af svæðinu frá árinu 1946.

Austan Leirtjarnar eru nú (2026) nýlegt iðnaðarhverfi og malarplön svo ekkert sést þar til gamla skurðarins. Hægt er að greina leifar hans austar nær Langavatni en búið er að breyta þar farvegi hans nokkuð með vélgröfu.

Leifar skurðarins voru skráðar af loftmynd þar sem erfitt er að greina þær vestan Mylluholts 066 á vettvangi. Á loftmynd Loftmynda ehf frá 2025 er skurðurinn greinilegur á um 245 m löngum kafla til suðausturs frá Karlsvegi að Langavatni og virðist hann um 1,5 m á breidd.

Ekki er útilokað að skurðurinn hafi í upphafi verið handgrafinn áveituskurður sem hefur að hluta fylgt eldri náttúrulegri lækjarsprænu úr Leirtjörn í Langavatn.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Landamerkjabók (1883–1960) Barðastrandarsýsla, nr. 77; AMS44_2-1_008

BA-032:003 *Hveralækjagata* heimild, leið X: 351385, Y: 553469

„Rúnkahús eiga land innan þessara ummerkja sem hjer segjir […] þaðan bein sjónhendíng í miðja leirtjörn og úr henní eptir skurdínum [002] i kveralækjagötu og uppeptir henní i hæðsta hellírshóla […]," segir í landamerkjabréfi Reykhóla frá 1884. Nákvæm staðsetning Hverlækjagötu er ekki alveg ljós en líklega er hér um að ræða götu sem lá frá suðvestanverðum bæjarhól að Reykhólum BA-029:001 um 500 m leið til SSV suður fyrir Kúatjörn niður í Hveralækjarhveri. Þessi leið sést skýrt á loftmynd frá árinu 1946.

Á þessu svæði er nú aðalvegurinn að Reykhólum sem liggur framhjá Reykhólakirkju að vestanverðu í suður niður að sjó. Fast vestan við veginn sunnan Kúatjarnar eru svo malarplön og skemmur.

Ekkert sést til fornleifa.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Landamerkjabók (1883–1960) Barðastrandarsýsla, nr. 77

BA-032:004 heimild, landamerki X: 351406, Y: 553672

„Rúnkahús eiga land innan þessara ummerkja sem hjer segjir […] i kveralækjagötu [003] og uppeptir henní i hæðsta hellírshóla og ofan af þeím á garðlag það, sem stendur ofan til við Rúnkahúsabæ og upp eptir því að fyrst ámínnstum steíni [í kaldranahaus]," segir í landamerkjabréfi Reykhóla frá 1884. heimildarmenn könnuðust ekki við garðlagið. Miðað við lýsinguna hefur það líklega verið í brekkunni fast vestan Karlseyjarvegar, um 60 m suðvestan bæjar 001.02.

Vestan Karlseyjarvegar hallar land niður til vesturs og er leiksvæði neðan brekkunnar, þar sem áður var Runkúsatún. Trjám hefur verið plantað neðarlega í brekkuna.

Ekki sjást merki um garðlagið á yfirborði og hefur líklega verið sléttað úr því. Ljósmynd frá 1945 sem sýnir brekkuna er varðveitt á Þjóðminjasafni Íslands. Þar er ekki búið að slétta brekkuna og má sjá möguleg ummerki um garðlagsleifar í brekkunni sunnan við kálgarð 053,

en það er þó ekki skýrt og gæti eins verið þúfnamyndun. Einnig er hugsanlegt að garðlagið hafi verið neðan brekkunnar, en búið er að slétta það svæði á ljósmyndinni.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabók (1883–1960) Barðastrandarsýsla, nr. 77; Sarpur BB1-6890

BA-032:005 *Runkhúsabrunnur* brunnur, brunnur X: 351357, Y: 553729

Í Sturlunga sögu segir: „Þat sumar [1199] fór Guðmundr prestr til þings. [… Þ]aðan á Reykjahóla ok vígði þar brunn þann, er þeir migu í síðan, ok gerðu þat til háðs við hann ok batnaði þá eigi síðr við þat vatn en áðr.“

Um bardaga á Reykhólum 1244 segir einnig í Sturlungu: „Grímr, son Guðmundar Sólomonssonar, var særðr skammt frá Byskupsbrunni, ok skreið hann í brunninn um nóttina ok var heim færðr um morguninn ok fekk alla þjónustu.“

„Af öllum þessum fjölda stórra og smárra hvera […] rannsökuðum við þrjá, sem liggja nálægt bænum. Þeir spretta upp undir hólbarði sem er fyrir sunnan bæinn. […] Þriðja hverholan er mjög lítil og kringlótt. Sá hver kemur upp úr fastri klöpp eins og hinir. Hann er kunnur heilsubrunnur, svo að menn telja vatn hans eins konar allsherjarlyf í öllum mögulegum sjúkdómum, einkum innvortis. Vatnið er ekki heitara en svo, að hægt er að drekka það um leið og því er ausið úr uppsprettunni. Það er tært og bragðgott,“ segir í Ferðabók Eggerts og Bjarna.

Í skráningu Magnúsar A. Sigurðssonar frá 2001 segir: „Brunnurinn er rétt norðan við Runkhúsahver, við gróðuvaxinn [svo] skógarlund, í skrúðgarði Reykhóla. Meðal heimamanna er talað um að Runkhúsabrunnur sé brunnur sá er Guðmundur Arason vígði og minnst er á í sögu hans. […] Brunnurinn hefur verið hulinn með tréhlemm, líklega vegna slysahættu.“

Í svörum Hjartar Þórarinssonar við spurningum Þjóðháttasafns segir: „Runkhúsabrunnur, nyrst í Hvanngarðabrekku beint vestur af kirkjunni. Þessi brunnur var aðalvatnsbólið þar til vatnsveitan var lögð 1929. Brunnurinn var áður yfirbyggður, hann er nú jarðvegsfylltur og jafnaður við jörðu. Greinilega mótar fyrir brunnbarminum. Til umræðu er að varðveita þessar fornu minjar. Biskupsbrunnur? Staðsetning ókunn. Vígður og kenndur við Guðmund biskup Arason. […] Þessi frásögn [Sturlungu um Grím Guðmundsson] bendir til að brunnurinn hafi verið yfirbyggður. Um fleiri brunna var að ræða á Reykhólum fram á síðustu áratugi. t.d. Austurgarðabrunnur [BA-031:002] sem notaður var fyrir fjárhús, en er horfinn undir byggingar, en Runkhúsabrunnurinn var aðalvatnsbólið fyrir Reykhólabæinn auk Heimalaugarinnar [044]. Er því sennilegast að sá brunnur hafi fengið vígslu og helgun

biskups. Það hefði vart verið annálsvert þótt migið væri í fjárhúsabrunn á þrettándu öldinni á Reykhólum.“

Runkhúsabrunnur, sem talinn er sá sami og Biskupsbrunnur, er um 80 m norður af Runkhúsum 001 og um 110 m vestur af Reykhólabæ BA-029:001.02.



Runkhúsabrunnur 005, horft til norðurs.

Tún Runkhúsa er slétt og hefur verið breytt í leiksvæði. Brekka er upp af túninu til norðurs og austurs. Brunnurinn er í norðurjaðri svæðisins, rétt sunnan við trjárönd sem plantað hefur verið í brekkuræktur.

Brunnurinn er u.þ.b. fimmhyrndur og um 80 cm í þvermál. Búið er að fylla upp í brunninn að mestu en hann er um 30-50 cm djúpur. Brunnurinn er grjóthlaðinn að innanverðu og eru 3-4 umför sýnileg. Trjágreinum hefur verið raðað eða hrúgað yfir brunninn.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: ÍF XX, 297; ÍF XXI, 455; FEB 264-265; Magnús A Sigurðsson 2001, 28; ÞÞ 10472

BA-032:006 hleðsla, útihús

X: 351368, Y: 553759

Í skráningu Magnúsar A. Sigurðssonar frá 2001 segir: „Rétt norðan við Runkhúsabrunn eru gömul útihús, líklega útihús frá gömlu Runkahúsum sem ber að varðveita. Runkahús voru einhvers staðar norðan við Hellishóla, svo staðsetningin getur átt við. Þrjú gömul útihús, þar af tvö byggð inní hæðina. Þau eru farin að láta á sjá en þau eru ekki í serstakri [svo] hættu nema þá væri vegna sinnuleysis.“



Leifar útihúss 006 (t.h.) og kartöflukofi frá um 1968 (t.v.), horft til ASA.

Útihúsin standa vestan undir hól, um 95 m vestur af bæ 001.02. Húsin sem nú standa á þessum stað og Magnús lýsir eru of ung til

að teljast til fornleifa. Fremsta húsið er reykkofi og byggði Tómas Sigurgeirsson, heimildarmaður, það um 1977-78. Aftari húsin tvö sem að hluta eru grafin inn í brekkuna eru kartöflukofar og voru byggð nokkru fyrr, um 1968. Fast suðaustan við nústandandi hús voru áður fjárhús og mundi Tómas eftir þeim bárujárnsklæddum. Heimildir eru um hjáleiguna Kaldrana BA-029:022 á þessum slóðum en ekki er vitað hvort hún stóð ofan á hólnum eða undir honum.



Nýleg skjólgirðing, reykkofi frá 1977–78, kartöflukofi frá um 1968 og leifar útihúss 006, horft til norðausturs.

Húsin standa við rætur hóls en neðan hólsins er slétt tún til vesturs og norðurs. Girðing liggur austur-vestur yfir suðurhluta hólsins og hefur trjám verið plantað sunnan hennar, á hólnum og undir honum. Sunnan við reykkofann er skjólgirðing gerð af röð af stórum drumbum og möl umhverfis hana.

Að mestu hefur verið sléttað úr eldri minjum á svæðinu en til suðurs frá kartöflukofanum er kantur sem samkvæmt Tómasi er leifar eldra húss. Næst kofanum, á tæplega 3,5 m kafla sést grjóthleðsla en í framhaldi af henni er gróinn kantur sem fjarar út eftir um 3 m. Grjóthleðslan er um 60 cm á hæð og eru í henni fjögur umför af grjóti. Á loftmynd bandaríska hersins frá 1946 virðast sýnileg mannvirki á svæði sem er um 45 x 12 m að stærð austur-vestur. Vestasta mannvirkið var í brekkurótum en hin röðuðu sér upp brekkuna. Mannvirkin sjást í fjarska á ljósmynd frá 1945 sem varðveitt er á Þjóðminjasafni Íslands. Þau sjást ekki fyllilega skýrt, en ljóst er þó að heldur er um tóftir en uppistandandi hús að ræða. Á loftmynd hersins frá 1959 virðist hins vegar nýtt hús hafa verið reist á þessum stað og samsvarar grjóthleðslan sem enn sést mögulega einni hlið þess húss. Hugsanlegt er því að hleðslan teljist því ekki til fornleifa, en líklegt er að hún sé a.m.k. reist á eldri grunni. Á loftmynd Loftmynda ehf frá 2025 virðist mögulega marka fyrir ójöfnum ofar í brekkunni, á því svæði sem tóftir sjást á loftmynd 1946, en engin skýr ummerki sáust á vettvangi, mögulega vegna gróðurs.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: Magnús A Sigurðsson 2001, 28; AMS44_2-1_008; DMA14-02455; Loftmyndir ehf

BA-033 Fjósakot

1847: Dýrleiki óviss, hjáleiga Reykhóla BA-029. JJ, 176.

1710: „Fiósakot. Fjórða hjáleiga, bygð í heimatúninu sjálfu á fornu geldnautafjósstæði fyrir hjer um 14 árum [um 1696], og varaði bygðin inn til bólunnar. Landskuld var fyrst og síðast xl álnir, en nokkur ár þar í milli lx álnir. Betalaðist í landaurum til heimabóndans [á Reykhólum BA-029]. Kvaðir öngvar á þessum hjáleigum. Fóðrast kunni ii kúa þúngi, sem áður er talið heimastaðnum.“ JÁM VI, 214.

Í grein eftir Lýð Björnsson í Árbók Barðastrandarsýslu segir: „Austurgarðar [BA-031], Fjósakot og Runkahús [BA-032] byggðust aftur um 1750.“ Árbók Barðastrandarsýslu 2007, 35.

1845: Einbýli í byggð. Manntal Vesturamts, 193.

Í Skyggir skuld fyrir sjón Jóns Kr. Guðmundssonar segir: „Þórður [Einarsson f. 1724] bjó í Fjósakoti 1750-1753. [...] Eggert Bjarnason og Sigríður Jónsdóttir búa í Fjósakoti frá 1870-1871 […].“ SSFS I, 162-163.

Í Barðstrendingabók segir: „Fjósakot var í suðurjaðri túnsins. [...] í ábúð fram yfir 1860.“ Barðstrendingabók, 27.

Í grein eftir Ingibjörgu Þorgeirsdóttur í Árbók Barðastrandarsýslu frá 1951 segir: „Hafði hann [Bjarni Þórðarson bóndi á Reykhólum] því [um 1870] látið leggja í eyði Fjósakot og Austurgarða [BA-031] og brenna tóftirnar.“ Árbók Barðastrandarsýslu 1951, bls. 32-33.

Landkostir

Ekkert túnakort er til fyrir býlið.

BA-033:001 *Fjósakot*

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „Fiósakot. Fjórða hjáleiga, bygð í heimatúninu sjálfu á fornu geldnautafjósstæði fyrir hjer um 14 árum, og varaði bygðin inn til bólunnar.“

Í Árbók ferðafélagsins segir: „Auk Grundar voru þessar hjáleigur kringum Reykhóla: Austurgarðar, Runkahús, Fjósakot og Kaldrani. Allar nú horfnar.“

Í Sýslu- og sóknalýsingum Vestfjarða segir: „Í kringum höfuðbólið [029:001] liggja þrjár hjáleigur, rétt við túnið, Austurgarðar [031:001] og Fjósakot [033:001] að sunnan og Runkahús [032:001] að vestanverðu.“

Í Barðstrendingabók segir: “Fjósakot var í suðurjaðri túnsins. [...] í ábúð fram yfir 1860.”

Fjósakot er merkt sem eyðibýli á herforingjaráðskort frá 1913, um 225 m SSA af bæ 001. Nafn kotsins kemur ekki fyrir á útgefinni útgáfu kortsins, en er merkt inn á drög að kortinu.

Á þessu svæði er nú (2026) íbúðarhús að Reykjabraut 11, fast vestan við Grettisröð BA-029:075.

Geldnautafjós 01 og býlið Fjósakot 02 hafa staðið á sama stað.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

BA-033:001.01 heimild, fjós X: 351542, Y: 553535

Ekki er vitað nákvæmlega hvar á lóð Reykjabrautar 11 geldnautafjós 01 sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns nefnir stóð.

Ekkert sést til fornleifa á yfirborði.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

BA-033:001.02 *Fjósakot* heimild, bústaður X: 351543, Y: 553534

Af lýsingu Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns að dæma hefur hjáleigan Fjósakot verið reist á sama stað og eldra fjós en ekki er vitað nákvæmlega hvar á lóð Reykjabrautar 11 það var.

Ekkert sést til fornleifa á yfirborði.

Almennt hættumat: hætta, vegna byggðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM VI, 214; ÁFÍ 1959, 40; SSV I, 55-56; Barðstrendingabók, 27; Herforingjaráðskort 23 SA

V. Samantekt um sögu svæðis og landshætti

Jörðin Reykhólar kemur fyrir í Landnámu, en þar á Már Atlason, barnabarnabarn landnámsmannsins Úlfs hins skjálga, að hafa búið. Jörðin er þar bæði nefnd Hólar og Reykjahólar.[3] Hún er einnig nefnd víða í Íslendingasögum og í Sturlungu en þar var Tumi Sighvatsson veginn árið 1244.[4] Elsta fornbréf sem varðar jörðina er frá 1274 og er það máldagi Reykhólakirkju.[5]

Reykhólar voru lengst af eitt mesta höfuðból landsins, alls 120 hdr að dýrleika og var helmingur bændaeign en helmingur eign kirkjunnar.[6] Meðal ábúenda á jörðinni voru Guðmundur Arason ríki á 15. öld og stórbóndinn Bjarni Þórðarson á seinni hluta 19. aldar. Bjarni byggði síðasta torfbæinn á Reykhólum, og var hann með stærstu bæjum á Vesturlandi á sínum tíma.[7] Bærinn stóð á stórri hólbungu, þar sem Reykhólakirkja stendur nú. Kirkjugarður er um 40 m norðaustan núverandi kirkju og eru tvö eldri kirkjustæði þekkt innan garðsins. Tún Reykhóla var rennislétt en úthagar þýfðir. Heimatúnið er nú að mestu horfið undir þéttbýli en stórt svæði vestan, norðan og sunnan bæjarins hefur verið sléttað í tún. Sunnan gamla heimatúnsins eru áberandi klettahólar er nefnast Hellishólar og eru víða lág klettaholt sunnar. Mikill jarðhiti er á Reykhólum og er þar fjöldi hvera sem nýttir hafa verið til eldunar og þvotta í gegnum aldirnar, sem og sem vatnsból, en aðeins einn kaldur brunnur var áður á Reykhólum.[8]



Reykhólakirkja (vígð 1963), horft til austurs.

Segja má að vísir að þéttbýli hafi snemma myndast á Reykhólum, en þekktar eru 11 hjáleigur og kot frá jörðinni, þar af átta í og við heimatúnið. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns nefnir fjórar hjáleigur í túninu, en þær voru þó allar í eyði þegar jarðabókin var rituð 1710. Hjáleigurnar Austurgarðar og Runkahús voru sagðar byggðar fyrir manna minni

[3] ÍF I, 161-162.

[4] ÍF IV, 154; ÍF VI, 124; ÍF VII, 91; ÍF XII, 264; ÍF XX, 13, 90, 92, 161; ÍF XXI, 143-144, 254, 321, 365, 443, 450-456.

[5] DI II, 122.

[6] JÁM VI, 212; JJ, 176; DI IV, 153-154.

[7] DI IV, 684; Barðstrendingabók, 29; Árbók Barðastrandarsýslu 1952, 51.

[8] Barðstrendingabók, 27; FEB, 264-265; FÞT II, 48-49.

en Fjósakot um 1696 og lögðust þær allar þrjár í eyði í Stórubólu 1707-1709. Hjáleigan Kaldrani hafði hins vegar lagst í eyði áður en Fjósakot byggðist og hafði bygð þar aðeins varað í nokkur ár.[9] Austurgarðar, Runkahús og Fjósakot byggðust aftur um 1750. Áðurnefndur Bjarni Þórðarson lét leggja Austurgarða og Fjósakot í eyði um 1870, en búið var í Runkahúsum allt til 1902.[10] Auk þessara fjögurra hjáleiga eru aðrar fjórar sem færri heimildir eru um þekktar í túni Reykhóla: Árnahús, tvær Götur og Austurkot. Árnahús voru húsmannsbýli, líklega ekki í samfelldri byggð. Ekki er vitað hvenær þau voru fyrst reist en þau voru byggð upp aftur um tíma á dögum Bjarna Þórðarsonar.[11] Hjáleigurnar tvær sem nefndar eru Gata koma fyrir í sóknalýsingu 1839 en voru þá í eyði.[12] Hjáleigan Austurkot virðist aðeins nefnd í örnefnaskrá og er aldur hennar óþekktur.[13]



Læknisbústaður (b. 1930) og prestbústaður (b. 1948) horft til norðurs. Milli húsanna sést í Hellishóla.

Reykhólar voru skipaðir sem læknissetur fyrir þrjá austustu hreppa Barðastrandarsýslu árið 1932. Árið 1940 keypti ríkið Reykhóla og var þar stofnuð tilraunastöð í jarðrækt nokkrum árum síðar.[14] Ungmennasamband Norður-Breiðfirðinga lét reisa sundlaug og sundlaugarhús á Reykhólum 1946-1949 en áður hafði sund verið kennt í Kúatjörn. Sundlaugarhúsið var



Kúatjörn, horft til austurs.

[9] JÁM VI, 214-215.

[10] Árbók Barðastrandarsýslu 1951, 32-33; Árbók Barðastrandarsýslu 2007, 34.

[11] Árbók Barðastrandarsýslu 1951, 34.

[12] SSV I, 56.

[13] Ö-Reykhóla, 1.

[14] Árbók Barðastrandarsýslu 2007, 34-40. Tilraunastöðin stóð utan þess svæðis sem fjallað er um í þessari skýrslu.

einnig nýtt fyrir barnaskóla þar til barnaskóli var reistur 1958.[15] Samhliða þessari uppbyggingu tók að myndast þorp á Reykhólum og búa þar nú (2026) 125 manns.[16]



Við þörungaverksmiðjuna í Karlsey, horft til austurs.

Úti fyrir strönd jarðarinnar er mikill fjöldi eyja, hólma og skerja. Við Karlsey, um 2,5 km sunnan bæjarins, var áður skipalægi.[17] Þar hefur orðið töluverð uppbygging frá því á 8. áratug 20. aldar þegar þar var gerð höfn og reist þörungaverksmiðja en við þær framkvæmdir var eyjan jöfnuð og lækkuð.[18]

[15] Árbók Barðastrandarsýslu 2007, 41-42, 46.

[16] Hagstofa Íslands 2026.

[17] Björn Samúelsson, munnleg heimild.

[18] Árbók Barðastrandarsýslu 2007, 100-102.

VI. Niðurstöður og umræða

Alls voru skráðar 72 fornleifar á 59 minjastöðum á Reykhólum, en þrjár þeirra var ekki hægt að staðsetja með innan við 50 m óvissu og voru þær því ekki hnitsettar. Flestar skráðar fornleifar voru utan fyrirhugaðs deiliskipulags en sjö fornleifar voru skráðar innan deiliskipulagsreita. Svæðin sem tekin voru út eru samtals 48,3 ha að stærð og skiptast í þrjá hluta:

Deiliskipulagsreitur: AT4

Nyrðri deiliskipulagsreiturinn, AT4, er um 7,2 ha að stærð. Reiturinn er sunnan við gamla heimatún Reykhóla, fast sunnan við Kúatjörn. Búið er að reisa iðnaðarbyggð á norðurhelmingi reitsins, en sá syðri er að mestu óbyggður. Skráðar voru fimm fornleifar á jafn mörgum minjastöðum innan deiliskipulagsreitsins.


Deiliskipulagreitur: Hafnarsvæði

Syðri deiliskipulagsreiturinn nær yfir hafnarsvæðið við Karlsey og er um 9,3 ha að stærð. Eyjan sjálf er aðeins um fimmtungur reitsins og tekur þörungaverksmiðjan upp stóran hluta hennar. Til suðausturs frá Karlsey hafa tvær bryggjur verið hlaðnar og er saltverksmiðja við þá nyrðri. Nyrsti þriðjungur deiliskipulagsreitsins nær síðan yfir fjöruna norðan verksmiðjurnar. Skráðar voru tvær fornleifar á jafn mörgum minjastöðum innan deiliskipulagsreitsins.

Þéttbýli utan fyrirhugaðs deiliskipulags

Stærstur hluti skráningarsvæðisins, um 31,8 ha, er utan fyrirhugaðs deiliskipulags. Það svæði nær yfir meginhluta núverandi þéttbýlis á Reykhólum og er stór hluti þess því kominn undir íbúðabyggð. Einnig eru innan marka skráningarsvæðisins opin svæði og landbúnaðarsvæði, einkum norðvestan- og sunnantil. Skráðar voru 69 fornleifar innan skráningarsvæðisins en mengi fornleifa á svæðinu skarast að hluta við fornleifar innan deiliskipulagsreits AT4, þ.e.a.s. fjórar fornleifar sem skráðar voru innan deiliskipulagsreitsins ná út fyrir mörk hans og inn á skráningarsvæðið í þéttbýlinu. Gamla heimatún Reykhóla er að stærstum hluta innan norðurhelmings svæðisins og er minjaþéttni þar mikil.

Fornleifar innan skráningarsvæðanna eru fjölbreyttar að gerð og hlutverki en þeim má skipta niður í minjaflokka sem draga fram nýtingu þeirra (Graf 1). Um ákveðinn hluta minjanna gildir að ekkert er vitað með vissu um hvaða hlutverki þær gegndu og á það við um sex af fornleifunum sem skráðar voru. Stærsti flokkurinn er búfjárhaldsminjar, en í þann flokk falla 16 fornleifar s.s. fjárhús, fjós, hesthús og fleiri útihús. Næst stærsti flokkurinn voru



Graf 1: Skipting minja í flokka eftir einkennum.

ræktunarminjar og voru þær fornleifar 13 talsins en um er að ræða minjar s.s. kálgarða, túngarða og beðasléttur. Saman ná þessir tveir flokkar yfir rétt rúm 40% skráðra minja, og voru þær allar innan heimatúns Reykhóla. Þriðji stærsti flokkurinn er minjar tengdar búsetu, alls 11, og voru það bæjarhóll og bær Reykhóla, BA-029:001.01 og BA-029:001.02, auk átta hjáleiga í og við heimatúnið og öskuhaugs BA-029:022.02. Minjar sem féllu í flokk efnistöku og nýtingar voru níu talsins. Þær voru allar tengdar nýtingu á vatni en um er að ræða brunna og hveri sem nýttir voru sem vatnsból, til þvotta eða til eldunar. Þær tvær fornleifar sem flokkaðar voru sem félagsminjar tengdust í raun einnig nýtingu á vatni, en um er að ræða baðlaug BA-029:014 og sundlaug BA-029:043. Sex fornleifar voru skráðar sem samgönguminjar og voru það leiðir og traðir. Þá féllu fimm fornleifar í flokkinn trú og hefðir og voru þrjár þeirra tengdar kristinni trú: tvær eldri Reykhólakirkjur, BA-029:002.01 og BA-029:002.02, og kirkjugarðurinn BA-029:002.03. Hinar tvær voru annars vegar sögustaður, meintur legstaður Tuma Sighvatssonar BA-029:065, og hins vegar huldufólksbústaður í Hellishólum BA-029:058. Handfylli af fornleifum féllu í aðra flokka: ein í flokk kennimarka (landamerkjagarður BA-032:004), ein í flokk iðnminja (mylla BA-029:066) og ein í flokk sjávarútvegsminja (skipalægi BA-029:073). Ein fornleif var skráð sem ekki féll vel að skilgreindum minjaflokkum og var það reykhús BA-029:076.

Þær fornleifar sem ekki var hægt að staðsetja voru nautafjós BA-029:009, Þvottahola BA-029:012 og Péturströð BA-029:059 en heimildarmenn sem rætt var við könnuðust ekki við neinn af þeim stöðum og voru lýsingar í rituðum heimildum ekki nógu skýrar til að hægt væri að staðsetja þær með vissu, þó hægt sé að áætla gróflega svæði sem koma til greina. Í öllum þremur tilvikum eru umrædd svæði utan deiliskipulagsreitanna tveggja:

Nautafjós BA-029:009 stóð suðvestan bæjar allt fram á fyrri hluta 19. aldar samkvæmt Sýslu- og sóknalýsingu. Þar kemur einnig fram að nautin hafi verið rekin í suðvestur að Nautatjörn (sem nú kallast Kúatjörn) til brynningar. Milli bæjarstæðis Reykhóla og Kúatjarnar eru tæpir 400 m og hefur fjósið verið einhvers staðar þar á milli, þó líklega nær bænum en tjörninni, þar sem Sýslu- og sóknalýsing segir „langan og sleipan veg“ að Nautatjörn.[19]

Þvottahola BA-029:012 kemur fyrir bæði í Ferðabók Þorvalds Thoroddsens árið 1886 og í örnefnaskrá.[20] Báðar heimildirnar nefna Þvottaholu í samhengi við Þjófahver, en sá hver er merktur á kort í bókinni *Hverir á Íslandi* um 300 m suðvestur af bæ og um 70 m suður af hvernum Kraflanda.[21] Ekki kemur hins vegar fram í heimildum hversu langt var á milli Þvottaholu og Þjófahvers.

Péturströð BA-029:059 er nefnd í landamerkjabréfi frá 1884 og í örnefnaskrá.[22] Traðirnar voru á merkjum milli Reykhóla og hjáleigunnar Fjósakots. Fjósakot var í kringum 230 m suðaustan bæjar og hafa traðirnar verið einhvers staðar á svæðinu þar á milli. Hugsanlegt er að þær séu það sama og leið BA-029:077 en ekki er hægt að skera úr því með vissu.

Líkt og fram kom í samantekt um sögu svæðisins hér á undan hefur töluverð uppbygging og breyting á landnýtingu orðið á Reykhólum frá því eftir miðja síðustu öld. Mikill meirihluti þeirra fornleifa sem skráðar voru er á því svæði þar sem nú hefur risið þéttbýli og eru yfirborðsummerki flestra þeirra því horfin. Í heild sáust aðeins ummerki um tæp 35% skráðra fornleifa. Yfirlit um skráðar minjar og ástand þeirra má sjá í töflu 1.

Tafla 1: Skráðar fornleifar og ástand þeirra.

Samtala	Minj_ID	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand
BA-029:001.01	3577-1		bæjarhóll	bústaður	sést til
BA-029:001.02	3577-2		heimild	bústaður	ekki sést til
BA-029:001.03	3577-3		heimild	kálgarður	ekki sést til
BA-029:001.04	3577-4		tóft	útihús	hleðslur signar
BA-029:001.05	3577-5	Klausturhóll	örnefni	óþekkt	ekki sést til
BA-029:001.06	3577-6	Fjósabrunnur	heimild	brunnur	ekki sést til
BA-029:002.01	3577-7	Reykhólakirkja	heimild	kirkja	ekki sést til
BA-029:002.02	3577-8	Reykhólakirkja	húsgrunnur	kirkja	sést til

[19] SSV I, 60-61.

[20] FÞT II, 49; Ö-Reykhóla, 3.

[21] Björn Hróarsson & Sigurður Sveinn Jónsson 1991, 72

[22] Landamerkjabók (1883–1960) Barðastrandarsýsla, nr. 77, Ö-Reykhólar, 1.

Samtala	Minj_ID	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand
BA-029:002.03	3577-9	Reykhólakirkjugarður	kirkjugarður	legstaður	sést til
BA-029:003	3577-10		dæld	hlaða	sést til
BA-029:004	3577-11		dæld	útihús	sést til
BA-029:006.01	3577-12		heimild	fjárhús	ekki sést til
BA-029:006.02	3577-13		heimild	kálgarður	ekki sést til
BA-029:007	3577-14	Bogavallarhús	heimild	fjárhús	ekki sést til
BA-029:008	3577-15	Maríuтröð	heimild	traðir	ekki sést til
BA-029:009	3577-16		heimild	fjós	ekki sést til
BA-029:010	3577-17		heimild	fjós	ekki sést til
BA-029:012	3577-18	Þvottahola	heimild	þvottalaug	ekki sést til
BA-029:013	3577-19	Suðurhverir	örnefni	þvottalaug	ekki sést til
BA-029:014	3577-20	Bóndalaug/Grettislaug	laug	bað	sést til
BA-029:015.01	3577-21	Austurkot	heimild	bústaður	ekki sést til
BA-029:015.02	3577-22		heimild	fjárhús	ekki sést til
BA-029:015.03	3577-23		heimild	kálgarður	ekki sést til
BA-029:016	3577-24		heimild	óþekkt	ekki sést til
BA-029:020	3577-25	Árnahús	heimild	bústaður	ekki sést til
BA-029:022.01	3577-26	Kaldrani	heimild	bústaður	ekki sést til
BA-029:022.02	3577-27		þúst	öskuhaugur	sést til
BA-029:031	3577-28	Gata	heimild	bústaður	ekki sést til
BA-029:043	3577-29	Kúatjörn	garðlag	sundlaug	hleðslur signar
BA-029:044	3577-30	Fjóslaug	heimild	vatnsból	ekki sést til
BA-029:045	3577-31		heimild	útihús	ekki sést til
BA-029:046	3577-32		heimild	útihús	ekki sést til
BA-029:047	3577-33		heimild	tún	ekki sést til
BA-029:048	3577-34		heimild	tún	ekki sést til
BA-029:053	3577-35		heimild	kálgarður	ekki sést til
BA-029:054	3577-36	Maríutóttir	tóft	fjárhús	hleðslur signar
BA-029:055	3577-37		garðlag	túngarður	hleðslur signar
BA-029:056	3577-38		garðlag	túngarður	hleðslur signar
BA-029:057	3577-39		heimild	túngarður	ekki sést til
BA-029:058	3577-40	Hellishólar	þjóðsaga	huldufólksbústaður	sést til
BA-029:059	3577-41	Péturströð	heimild	traðir	ekki sést til

Samtala	Minj_ID	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand
BA-029:061	3577-42	Kraflandi	hver	vatnsból	sést til
BA-029:062	3577-43	Péturshver	hver	vatnsból	sést til
BA-029:063	3577-44	Sjóargata	vegur	leið	sést til
BA-029:064	3577-45	Gata	heimild	bústaður	ekki sést til
BA-029:065	3577-46		sögustaður	legstaður	sést til
BA-029:066	3577-47	Mylluholt	heimild	mylla	ekki sést til
BA-029:067	3577-48	Eggjahver	heimild	vatnsból	ekki sést til
BA-029:068	3577-49		heimild	útihús	ekki sést til
BA-029:069	3577-50		heimild	kálgarður	ekki sést til
BA-029:070	3577-51		gerði	kálgarður	hleðslur signar
BA-029:071	3577-52		heimild	óþekkt	ekki sést til
BA-029:072	3577-53		varða	óþekkt	hleðslur signar
BA-029:073	3577-54		heimild	skipalægi	ekki sést til
BA-029:075	3577-55	Tröð	heimild	leið	ekki sést til
BA-029:076	3577-56		heimild	reykhús	ekki sést til
BA-029:077	3577-57		heimild	leið	ekki sést til
BA-029:078	3577-58		heimild	túngarður	ekki sést til
BA-029:080	3577-59		heimild	hesthús	ekki sést til
BA-029:081	3577-60		tóft	óþekkt	hleðslur signar
BA-029:083	3577-61		þúst	óþekkt	sést til
BA-031:001	3577-62	Austurgarður	heimild	bústaður	ekki sést til
BA-031:002	3577-63	Austurgarðshola	heimild	brunnur	ekki sést til
BA-032:001.01	3577-64	Runkahús	heimild	bústaður	ekki sést til
BA-032:001.02	3577-65		dæld	útihús	sést til
BA-032:002	3577-66		renna	áveita	sést til
BA-032:003	3577-67	Hveralækjagata	heimild	leið	ekki sést til
BA-032:004	3577-68		heimild	landamerki	ekki sést til
BA-032:005	3577-69	Runkhúsabrunnur	brunnur	brunnur	hleðslur standa
BA-032:006	3577-70		hleðsla	útihús	hleðslur standa grónar
BA-033:001.01	3577-71		heimild	fjós	ekki sést til
BA-033:001.02	3577-72	Fjósakot	heimild	bústaður	ekki sést til

VI.I Viðvarandi hættumat

Hættumat var gert fyrir allar fornleifar sem skráðar voru. Í takt við fyrirmæli Minjastofnunar Íslands var á vettvangi bæði metin sú hætta sem að minjum stafaði vegna framkvæmda (tímabundin hætta) og sú hætta sem að minjunum stafaði almennt, ef ekki kæmi til framkvæmda. Allar þær fornleifar sem skráðar voru töldust í viðvarandi hættu af einhverju tagi, en engin þeirra þó í mikilli hættu.

Um 90% skráðra fornleifa voru metnar í hættu vegna byggðar, vegna staðsetningar sinnar innan þéttbýlisins á Reykhólum. Fjórar fornleifar voru metnar í hættu vegna líkagraftrar. Það voru eldri tvær kirkjur á Reykhólum, BA-029:002.01 og BA-029:002.02 sem voru innan kirkjugarðs, og eldri minjar kirkjugarðsins sjálfs BA-029:002.03. Þó bæði kirkjustæðin hafi verið metin í hættu er þó nokkur munur á eðli hættunnar. Grunnur timburkirkju BA-029:002.02 sem reist var 1855 er sýnilegur á yfirborði og á honum minnisvarði. Eldri torfkirkja BA-029:002.01 stóð sunnar en kirkja BA-029:002.02 en ekki er ljóst nákvæmlega hvar og eru leifar hennar horfnar af yfirborði. Því eru meiri líkur á að minjum hennar sem kunna að vera undir sverði verði raskað en grunni yngri kirkjunnar. Að auki var bæjarhóll Reykhóla BA-029:001.01 metinn í hættu vegna líkagraftrar, þar sem kirkjugarðurinn hefur verið stækkaður og nær nú rúma 10 m inn á hólinn. Tvær fornleifar voru metnar í hættu vegna rasks, sundlaug í Kúatjörn BA-029:043 og mylla við Mylluholt BA-029:066. Um tveir þriðju garðhleðslunnar umhverfis Kúatjörn eru horfnir vegna rasks og er myllan sömuleiðis horfin, en mögulegt er að minjar leynist undir sverði. Ein fornleif var metin í hættu vegna rofs, þúst BA-029:083, en hlutverk hennar er óþekkt.

Tafla 2: Skráðar fornleifar og hættumat

Samtala	Minj_ID	Tegund	Hlutverk	Almennt hættumat	Ástæða	Tímabundið hættumat	Ástæða	Svæði
BA-029:001.01	3577-1	bæjarhóll	bústaður	hætta	vegna líkagraftar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:001.02	3577-2	heimild	bústaður	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:001.03	3577-3	heimild	kálgarður	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:001.04	3577-4	tóft	útihús	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:001.05	3577-5	örnefni	óþekkt	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:001.06	3577-6	heimild	brunnur	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:002.01	3577-7	heimild	kirkja	hætta	vegna líkagraftar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:002.02	3577-8	húsgrunnur	kirkja	hætta	vegna líkagraftar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:002.03	3577-9	kirkjugarður	legstaður	hætta	vegna líkagraftar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:003	3577-10	dæld	hlaða	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:004	3577-11	dæld	útihús	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:006.01	3577-12	heimild	fjárhús	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:006.02	3577-13	heimild	kálgarður	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:007	3577-14	heimild	fjárhús	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:008	3577-15	heimild	traðir	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:009	3577-16	heimild	fjós	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:010	3577-17	heimild	fjós	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:012	3577-18	heimild	þvottalaug	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:013	3577-19	örnefni	þvottalaug	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:014	3577-20	laug	bað	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli

Samtala	Minj_ID	Tegund	Hlutverk	Almennt hættumat	Ástæða	Tímabundið hættumat	Ástæða	Svæði
BA-029:015.01	3577-21	heimild	bústaður	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:015.02	3577-22	heimild	fjárhús	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:015.03	3577-23	heimild	kálgarður	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:016	3577-24	heimild	óþekkt	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:020	3577-25	heimild	bústaður	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:022.01	3577-26	heimild	bústaður	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:022.02	3577-27	þúst	öskuhaugur	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:031	3577-28	heimild	bústaður	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:043	3577-29	garðlag	sundlaug	hætta	vegna rasks	mikil hætta	vegna framkvæmda	Þéttbýli/AT4
BA-029:044	3577-30	heimild	vatnsból	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:045	3577-31	heimild	útihús	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:046	3577-32	heimild	útihús	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:047	3577-33	heimild	tún	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:048	3577-34	heimild	tún	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:053	3577-35	heimild	kálgarður	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:054	3577-36	tóft	fjárhús	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:055	3577-37	garðlag	túngarður	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:056	3577-38	garðlag	túngarður	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:057	3577-39	heimild	túngarður	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:058	3577-40	þjóðsaga	álagablettur	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:059	3577-41	heimild	traðir	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli

Samtala	Minj_ID	Tegund	Hlutverk	Almennt hættumat	Ástæða	Tímabundið hættumat	Ástæða	Svæði
BA-029:061	3577-42	hver	vatnsból	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:062	3577-43	hver	vatnsból	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:063	3577-44	vegur	leið	hætta	vegna byggðar	mikil hætta	vegna framkvæmda	Þéttbýli/AT4
BA-029:064	3577-45	heimild	bústaður	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:065	3577-46	sögustaður	legstaður	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:066	3577-47	heimild	mylla	hætta	vegna rasks	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:067	3577-48	heimild	vatnsból	hætta	vegna byggðar	mikil hætta	vegna framkvæmda	AT4
BA-029:068	3577-49	heimild	útihús	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:069	3577-50	heimild	kálgarður	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:070	3577-51	gerði	kálgarður	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:071	3577-52	heimild	óþekkt	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:072	3577-53	varða	óþekkt	hætta	vegna byggðar	mikil hætta	vegna framkvæmda	Hafnarsvæði
BA-029:073	3577-54	heimild	skipalægi	hætta	vegna byggðar	mikil hætta	vegna framkvæmda	Hafnarsvæði
BA-029:075	3577-55	heimild	leið	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:076	3577-56	heimild	reykhús	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:077	3577-57	heimild	leið	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:078	3577-58	heimild	túngarður	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:080	3577-59	heimild	hesthús	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:081	3577-60	tóft	óþekkt	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-029:083	3577-61	þúst	óþekkt	hætta	vegna rofs	engin hætta		Þéttbýli
BA-031:001	3577-62	heimild	bústaður	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli

Samtala	Minj_ID	Tegund	Hlutverk	Almennt hættumat	Ástæða	Tímabundið hættumat	Ástæða	Svæði
BA-031:002	3577-63	heimild	brunnur	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-032:001.01	3577-64	heimild	bústaður	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-032:001.02	3577-65	dæld	útihús	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-032:002	3577-66	renna	áveita	hætta	vegna byggðar	mikil hætta	vegna framkvæmda	Þéttbýli/AT4
BA-032:003	3577-67	heimild	leið	hætta	vegna byggðar	mikil hætta	vegna framkvæmda	Þéttbýli/AT4
BA-032:004	3577-68	heimild	landamerki	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-032:005	3577-69	brunnur	brunnur	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-032:006	3577-70	hleðsla	útihús	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-033:001.01	3577-71	heimild	fjós	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli
BA-033:001.02	3577-72	heimild	bústaður	hætta	vegna byggðar	engin hætta		Þéttbýli

VI.II Tímabundið hættumat og áhrif framkvæmda á fornleifar

Við hættumat vegna fyrirhugaðra framkvæmda var gengið út frá því að ef fornleif væri innan deiliskipulagssvæðis teldist hún í mikilli hættu. Ástæða þessa er sú annars vegar að helgunarsvæði minja er 15 m út frá ystu mörkum þeirra og hins vegar sú staðreynd að jafnvel þótt öll yfirborðsummerki fornleifa séu horfin geta mannvistarleifar leynst undir sverði. Stærstur hluti þeirra fornleifa sem skráðar voru eru á þeim hluta skráningarsvæðisins sem er utan þess deiliskipulags sem nú er í vinnslu og voru þær því ekki metnar í neinni tímabundinni hættu. Fornleifarnar sjö innan deiliskipulagsreitanna voru hins vegar metnar í



Deiliskipulagsreitur AT4 (skyggt með gulu) innan skráningarsvæðisins í þéttbýli Reykhóla og skráðar fornleifar innan þess.

mikilli tímabundinni hættu vegna framkvæmda. Fimm þeirra voru á athafnasvæði AT4 syðst í þéttbýli Reykhóla en tvær á hafnarsvæðinu við Karlsey.

Deiliskipulagsreitur: AT4

Fornleifarnar á athafnasvæði AT4 eru sundlaug í Kúatjörn BA-029:043, Eggjahver BA-029:067, Sjóargata BA-029:063, Hveralækjargata BA-032:003 og skurður BA-032:002. Aðeins sjást ummerki á yfirborði um eina af þessum fornleifum innan svæðisins, þó mögulegt sé að víðar leynist minjar undir sverði. Sjóargata BA-029:063 hefur að miklu leyti farið undir yngri veg en leiðin sést þó á um 50 m kafla syðst á athafnasvæðinu. Sundlauginni í Kúatjörn BA-029:043, hefur töluvert verið raskað og eru yfirborðsummerki um hana horfin innan svæðisins, en hún sést um 7 m norðan þess. Búið er að steypa yfir Eggjahver BA-029:067 og Hveralækjargata BA-032:003 og skurður BA-032:002 eru horfin vegna óþekkts rasks.

Deiliskipulagsreitur: Hafnarsvæði

Vestast á hafnarsvæðinu í Karlsey voru skráðar tvær fornleifar, annars vegar varða BA-029:072 og hins vegar skipalægi BA-029:073. Varðan er stæðileg en hlutverk hennar er óþekkt, þó líklegast sé annað hvort um mið eða landmælingavörðu að ræða. Engin ummerki sjást um



Deiliskipulagsreitur á hafnarsvæði Reykhóla í Karlsey (skyggður með gulu) og skráðar fornleifar innan svæðisins.

skipalægi BA-029:073 og er í raun ekki vitað hvort þar hafi verið greinileg mannaverk áður en framkvæmdir framkvæmdir vegna þörungaverksmiðju hófust í eynni á seinni hluta 20. aldar.

Við gerð hættumats er metið hvort hætta gæti steðjað að fornleifum ef ekki er gripið til sérstakra ráðstafana. Í meirihluta tilfella er hættan hvorki talin óhjákvæmileg né óyfirstíganleg en hættumatinu er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir kunni að ógna umræddum minjastöðum. Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að skera úr um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja.

Heimildir

AMS: Amerískar myndir, 1945-1946. Náttúrufræðistofnun Íslands. Sótt af: http://gis.lmi.is/geoserver/wms

ÁFÍ 1959: Jóhann Skaptason. 1959. *Barðastrandarsýsla*. Árbók Ferðafélags Íslands 1959. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Árbók 1899: Brynjúlfur Jónsson. 1899. „Rannsókn í Barðastrandarsýslu sumarið 1898.“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1899*, bls. 6-18.

Árbók 1976: Þór Magnússon. 1977. „Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1975.“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1976*, bls. 165-176.

Árbók Barðastrandarsýslu 1951: Ingibjörg Þorgeirsdóttir. 1952. „Þar sem eitt sinn voru „byggðir og bú.““ *Árbók Barðastrandarsýslu 1951,* bls. 31-39.

Árbók Barðastrandarsýslu 1952: Júlíus Sigurðsson. 1953. „Um búskaparhætti Bjarna Þórðarsonar á Reykhólum.“ *Árbók Barðastrandarsýslu 1952,* bls. 50-60.

Árbók Barðastrandarsýslu 2007: Lýður Björnsson. 2007. „Þorpið og þörungarnir.“ *Árbók Barðastrandarsýslu 2007,* bls. 33-108.

Barðstrendingabók: Kristján Jónsson. 1942. *Barðstrendingabók*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Breiðfirðingur 1945: Pétur Jónsson. 1945. „Frá Bjarna Þórðarsyni á Reykhólum.“ *Breiðfirðingur 1945,* bls. 55-65.

Breiðfirðingur 1966: Ingibjörg Þorgeirsdóttir. 1966. „Svona var þá á Reykhólum.“ *Breiðfirðingur 1966,* bls. 30-41.

Björn Hróarsson & Sigurður Sveinn Jónsson. 1991. *Hverir á Íslandi.* Reykjavík: Mál og menning.

Bsk: *Biskupa sögur.* 1858. I.-II. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* 1857-1950. I.-XV. bindi. Kaupmannahöfn & Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.

DMA: Ameríkskar myndir, 1956-1961. Náttúrufræðistofnun Íslands. Sótt af: http://gis.lmi.is/geoserver/wms.

DMR-159048: Bruun, Daniel. 1898. Reykhólar [Teikning]. Nationalmuseet, Danmark. Sótt af: https://samlinger.natmus.dk/dmr/asset/159048.

DMR-158968: Bruun, Daniel. 1896-1927. Reykhólar [Teikning]. Nationalmuseet, Danmark. Sótt af: https://samlinger.natmus.dk/dmr/asset/158968.

Fasteignamat 1916-1918 - Austur-Barðastrandarsýsla – undirmat. Þjóðskjalasafn Íslands. Sótt af: https://jardir.skjalasafn.is/bok/41.

Fasteignaskrá: Húsnæðis- mannvirkja- og skipulagsstofnun. 2026. *Fasteignaskrá.* Sótt af: https://hms.is/fasteignaskra.

FEB I: Eggert Ólafsson. 1943. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757.* I. bindi. Reykjavík: Haraldur Sigurðsson og Helgi Hálfdánarson.

Friðlýsingarskrá: *Skrá um friðlýstar fornleifar.* 1990. Reykjavík: Fornleifavernd.

FÞT II: Þorvaldur Thoroddsen. 1959. *Ferðabók.* II. bindi. Reykjavík: Snæbjörn Jónsson.

Guðrún Alda Gísladóttir. 2006. *Fornleifarannsókn á Grettislaug á Reykhólum.* FS310-05291. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Guðrún Alda Gísladóttir. 2016. *Fornleifaskráning og könnunarskurðir vegna framkvæmda í norðurtúni Reykhóla, Austur-Barðastrandarsýslu.* FS619-16191. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Hagstofa Íslands. 2026. Mannfjöldi eftir byggðakjörnum, kyni og aldri 1. janúar 1998-2026. Sótt af: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__2_byggdir__Byggdakjarnar/MAN030101.px/.

Herforingjaráðskort: Dönsku herforingjaráðskortin. 1905-1915. Landsbókasafn Íslands. Sótt af: https://islandskort.is/map/1141#?c=0&m=0&s=0&cv=0&r=0&xywh=-2558%2C-328%2C11960%2C6555

Hlín 25 1942: Samúel Eggertsson. 1942. „Nokkur orð um Reykhóla." *Hlín 25*, bls. 83-89.

IA: *Islandske Annaler indtil 1578.* 1888. G. Storm gaf út. Christiania: Norsk historisk kildeskriftfond.

ÍF I: *Íslendingabók. Landnáma.* 1968. Íslenzk fornrit I. Jakob Benediktsson, ritstj. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

ÍF IV: *Eyrbyggja saga. Brands þáttr Örva. Eiríks saga rauða. Grænlendinga saga. Grænlendinga þáttr.* 1957. Einar Ól. Sveinsson & Matthías Þórðarson, ritstj. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

ÍF VI: *Vestfirðinga sögur.* 1943. Íslenzk fornrit VI. Björn K. Þórólfsson & Guðni Jónsson, ritstj. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

ÍF VII: *Grettis saga Ásmundarsonar.* 1936. Íslenzk fornrit VII. Guðni Jónsson, ritstj. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

ÍF XII: *Brennu-Njáls saga.* 1954. Íslenzk fornrit XII. Einar Ól. Sveinsson, ritstj. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

ÍF XX-XXII: Sturlunga saga I-III. 2021. Guðrún Ása Grímsdóttir, ritstj. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

Jarðabréf: *Jarðabréf frá 16. og 17. öld.* 1993. Gunnar F. Guðmundsson, ritstj. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

JÁM VI: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 1938. VI. bindi. Dala- og Barðastrandarsýslur. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

JJ: J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* Kaupmannahöfn: S. Trier.

Kirkjur Íslands 26: Þorsteinn Gunnarsson & Jón Torfason, ritstj. 2017. *Friðaðar kirkjur í Vestfjarðaprófastsdæmi I: Bíldudalskirkja, Brjánslækjarkirkja, Gufudalskirkja, Hagakirkja, Patreksfjarðarkirkja, Sauðlauksdalskirkja, Saurbæjarkirkja á Rauðasandi, Selárdalskirkja, Staðarkirkja á Reykjanesi, Stóra-Laugardalskirkja.* Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

KK II: Kålund, Kristian. 1985. *Íslenskir sögustaðir.* II. bindi. Vestfirðingafjórðungur. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Kortasjá Orkustofnunar: Orkustofnun. Án ártals. Kortasjá. Sótt af: https://www.map.is/os/.

Landamerkjabók 1883–1960. Barðastrandarsýsla. Sótt af: https://jardir.skjalasafn.is/bok/2.

Loftmyndasjá LMÍ: Landmælingar Íslands. 1945-2000. Loftmyndasjá. Sótt af: https://loftmyndasja.gis.is/.

Loftmyndir ehf: Loftmyndir ehf. 1953-2026. Tímaflakk. Sótt af: https://www.map.is/.

Lýsing á jörðinni Reykhólum 1905: Bjarni Þórðarson. 1905. *Lýsing á jörðinni Reykhólum.* Reykjavík: Félagsprentsmiðjan.

Magnús A. Sigurðsson. 2001. *Reykhólar, Reykhólahreppur. Fornleifaskráning.* Rannsóknarskýrslur 2001, 11. Án útgáfurstaðar: Þjóðminjasafn Íslands.

Manntal á Íslandi 1801. 1978-1980. 3. bindi. Vesturamt. Reykjavík: Ættfræðifélagið.

Manntal á Íslandi 1845. 1983. 2. bindi. Vesturamt. Reykjavík: Ættfræðifélagið.

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. 2025. Sótt af: https://manntal.is

OILR: Björn Lárusson. 1967. The Old Icelandic Land Registers. Lundur: C. W. K. Gleerup.

Óskar Leifur Arnarsson. 2014. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Reykhólum, Austur-Barðastrandarsýslu*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Sarpur BB1-6889: Björn Björnsson. 1945. Fjall [Ljósmynd]. Þjóðminjasafn Íslands. Sótt af: https://sarpur.is/is/collection/item/1935738/.

Sarpur BB1-6890: Björn Björnsson. 1945. Burstabær [Ljósmynd]. Þjóðminjasafn Íslands. Sótt af: https://sarpur.is/is/collection/item/1935739/.

Sarpur BB1-6891: Björn Björnsson. 1945. Fjall [Ljósmynd]. Þjóðminjasafn Íslands. Sótt af: https://sarpur.is/is/collection/item/1935740/.

Sarpur BB1-6894: Björn Björnsson. 1945. Sveitabær [Ljósmynd]. Þjóðminjasafn Íslands. Sótt af: https://sarpur.is/is/collection/item/1935744/.

Sarpur BB1-6896: Björn Björnsson. 1945. Fjall [Ljósmynd]. Þjóðminjasafn Íslands. Sótt af: https://sarpur.is/is/collection/item/1935746/.

SSFS I: Jón Kr. Guðmundsson & Stefán Skarphéðinsson. 1990. *Skyggir skuld fyrir sjón.* I. bindi. Sagnabrot og ábúendatal úr Geiradal, Reykhólasveit, Gufudalssveit og Múlasveit í Austur-Barðastrandarsýslu 1703-1989. Kópavogi: Hildur.

SSV I: *Sóknalýsingar Vestfjarða*. 1952. I. bindi. Barðastrandarsýsla. Reykjavík: Samband vestfirzkra átthagafélaga.

Stefán Ólafsson. 2009. *Kirkjur og bænhús í Austur-Barðastrandarsýslu.* FS393-08051. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Sturl: *Sturlunga saga.* 1988. I.-II. bindi. Örnólfur Thorsson, ritstj. Reykjavík: Svart á hvítu.

Túnakort: Uppdrættir af túnum. 1916-1925. Þjóðskjalasafn Íslands. Sótt af: https://testbirting.manntal.is/.

Umhverfisstofnun – Mengaður jarðvegur: Umhverfisstofnun. Án ártals. *Mengaður jarðvegur.* Sótt af: https://kortasja.ust.is/mapview/?app=MENGJ&.

ÞÞ 10472: Hjörtur Þórarinsson. 1993. Þjóðháttaskráning Þjóðminjasafn Íslands. Svar við spurningaskrá nr. 81a. Aukaspurning um rústir. Þjóðminjasafn Íslands. Sótt af: https://sarpur.is/is/collection/item/544889/.

Þjóðólfur 21.2.1896: „Sundkennsla byrjar að Reykhólum…“ 1896. *Þjóðólfur*, 21. febrúar, bls. 36.

Þjsks. Bps. A II. 156: *Visitasíubók Skálholtsbiskups.* Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Reykhóla: Örnefnaskrá Reykhóla. Án ártals. Samúel Eggertsson skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sótt af: https://nafnid.is/ornefnaskra/13582/pdf.

Ö-Reykhóla viðb. og aths: Örnefnaskrá Reykhóla, viðbætur og athugasemdir. 1979. Brynjúlfur Sæmundsson. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sótt af: https://nafnid.is/ornefnaskra/13583/pdf.

Heimildarmenn

Björn Samúelsson, f. 02.09.1965.

Guðmundur Ólafsson, f. 09.04.1954.

Hjörtur Þórarinsson, f. 10.02.1927, d. 23.07.2024 (viðtal 2016).

Tómas Sigurgeirsson, f. 07.07.1956.

Viðauki I: Hnitaskrá ISN93


Samtala	Minj_ID	X (A)	Y (N)
BA-029:001.01	3577-1	351473	553741
BA-029:001.02	3577-2	351465	553744
BA-029:001.03	3577-3	351465	553720
BA-029:001.04	3577-4	351442	553699
BA-029:001.05	3577-5	351492	553761
BA-029:001.06	3577-6	351445	553722
BA-029:002.01	3577-7	351495	553791
BA-029:002.02	3577-8	351497	553805
BA-029:002.03	3577-9	351494	553798
BA-029:003	3577-10	351445	553678
BA-029:004	3577-11	351434	553678
BA-029:006.01	3577-12	351496	553608
BA-029:006.02	3577-13	351496	553592
BA-029:007	3577-14	351586	553809
BA-029:008	3577-15	351462	553973
BA-029:009	3577-16		
BA-029:010	3577-17	351423	553834
BA-029:012	3577-18		
BA-029:013	3577-19	351563	553524
BA-029:014	3577-20	351552	553495
BA-029:015.01	3577-21	351605	553697
BA-029:015.02	3577-22	351607	553699
BA-029:015.03	3577-23	351615	553692
BA-029:016	3577-24	351564	554047
BA-029:020	3577-25	351603	554106
BA-029:022.01	3577-26	351391	553762
BA-029:022.02	3577-27	351388	553763
BA-029:031	3577-28	351607	554070
BA-029:043	3577-29	351268	553404

Samtala	Minj_ID	X (A)	Y (N)
BA-029:044	3577-30	351409	553842
BA-029:045	3577-31	351348	553564
BA-029:046	3577-32	351337	553625
BA-029:047	3577-33	351530	553712
BA-029:048	3577-34	351490	553933
BA-029:053	3577-35	351408	553683
BA-029:054	3577-36	351566	553972
BA-029:055	3577-37	351553	553980
BA-029:056	3577-38	351559	553991
BA-029:057	3577-39	351585	553736
BA-029:058	3577-40	351356	553600
BA-029:059	3577-41		
BA-029:061	3577-42	351282	553576
BA-029:062	3577-43	351285	553585
BA-029:063	3577-44	351298	553008
BA-029:064	3577-45	351602	554071
BA-029:065	3577-46	351505	553846
BA-029:066	3577-47	351446	553182
BA-029:067	3577-48	351320	553351
BA-029:068	3577-49	351259	553554
BA-029:069	3577-50	351312	553536
BA-029:070	3577-51	351287	553628
BA-029:071	3577-52	351501	554128
BA-029:072	3577-53	350848	551283
BA-029:073	3577-54	350875	551224
BA-029:075	3577-55	351502	553563
BA-029:076	3577-56	351643	553656
BA-029:077	3577-57	351425	553626
BA-029:078	3577-58	351532	553550
BA-029:080	3577-59	351673	553785
BA-029:081	3577-60	351209	553434

Samtala	Minj_ID	X (A)	Y (N)
BA-029:083	3577-61	351484	553200
BA-031:001	3577-62	351679	553759
BA-031:002	3577-63	351632	553694
BA-032:001.01	3577-64	351337	553656
BA-032:001.02	3577-65	351337	553653
BA-032:002	3577-66	351362	553247
BA-032:003	3577-67	351385	553469
BA-032:004	3577-68	351406	553672
BA-032:005	3577-69	351357	553729
BA-032:006	3577-70	351368	553759
BA-033:001.01	3577-71	351542	553535
BA-033:001.02	3577-72	351544	553534

Viðauki II: Minjakort

Kort á næstu síðum eru unnin ofan á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.



Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar m.t.t. byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessar skýringar gilda fyrir öll minjakort og myndir af uppmældum minjum í fornleifaskrá.


Yfirlitskort



Kort I


BA-029:071
BA-029:020
BA-029:064
BA-029:031
BA-029:016
BA-029:056
BA-029:055
BA-029:008
BA-029:054
BA-029:048
BA-029:065
BA-029:044
BA-029:010
0
50
100
150
200
250 m


Kort II


BA-029:044
BA-029:010
BA-029:065
BA-029:007
BA-029:002.02
BA-029:002.03
BA-029:002.01
BA-029:080
BA-031:001
BA-029:022.02
BA-029:022.01
BA-032:006
BA-029:001.05
BA-029:001.02
BA-029:001.01
BA-029:057
BA-032:005
BA-029:001.06
BA-029:001.03
BA-029:047
BA-029:001.04
BA-029:015.01
BA-029:015.02
BA-029:015.03
BA-031:002
BA-029:053
BA-029:003
BA-032:004
BA-029:004
BA-032:001.01
BA-032:001.02
BA-029:076
BA-029:070
BA-029:046
BA-029:077
BA-029:006.01
BA-029:006.02
BA-029:058
BA-029:062
BA-029:061
BA-029:045
BA-029:075
BA-029:068
BA-029:078
BA-029:069
BA-033:001.01
BA-033:001.02
BA-029:013
BA-029:014
BA-032:003
0
50
100
150
200
250 m

Kort III


BA-032:003
BA-029:081
BA-029:043
BA-029:067
BA-032:002
BA-029:083
BA-029:066
0
50
100
150
200
250 m

Kort IV



Kort V

